**allt**

**ATLI HEIMIR SVEINSSON:**

*Elskar allar tegundir af fiski*

• matur • tilboð

**Í MIÐJU BLAÐSINS ▶**



**SNOOP DOGG**

**STAÐFESTIR LOKS KOMU SÍNA:**

Spilar í Egilshöll 17. júlí

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG ▶**



**birta**

**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR:**

*Stjórnmálamenn verða að taka áhættu*

• tíðarandi • pistlar • ilmvatn

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG ▶**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. maí 2005 - 141. tölublað – 5. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000


**FÖSTUDAGUR**

## Friðartækifæri í Darfur



Kofi Annan og Alpha Oumar Konare skrifa grein um leiðir til friðar í Darfur í Súdan.

**UMRÆÐA 24**

## FH er óstöðvandi



Íslandsmeistarar FH eru óstöðvandi í Landsbanka-deildinni og rúlla upp hverju liðinu á fætur öðru þessa dagana.

**ÍÞRÓTTIR 32**



## Fullorðið fólk Dags Kára

Voksne mennesker, kvikmynd Dags Kára Péturssonar, verður frumsýnd í Háskólabíói í kvöld. Myndin var sýnd í Un Certain Regard-flokknum á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

**BÍÓ 42**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**YFIRLEITT BJARTVIÐRI** Hætt við dálítilli vætu við suðausturströndina um tíma, annars þurrt. Hiti 5-14 stig að deginum, mildast sunnan og suðvestan til.

**VEÐUR 4**

# Læknamistök kosta hundrað lífið árlega

**Talsmenn íslenskra lækna segja tölur um tjón af völdum læknamistaka í Noregi fyllilega sambærilegar fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi. Formaður Læknafélags Íslands telur nauðsynlegt að rannsaka öryggi íslenskrar heilbrigðisþjónustu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Gera má ráð fyrir að mistök í meðferð sjúklinga hér á landi leiði árlega til um það bil 130 dauðsfalla og kosti þjóðarbúið um 1,3 milljarða króna. Þá má ætla að um eitt þúsund manns verði fyrir heilsutjóni árlega vegna rangrar meðferðar í heilbrigðiskerfinu.

Þessar tölur byggja á sambærilegum tölum frá Noregi þar sem rannsókn við Háskólann í Björgvin sýnir að mistök í heilbrigðiskerfinu kosta um tvö þúsund manns lífið árlega og um fimmtán þúsund manns bíða árlega mikinn skaða vegna rangrar meðhöndlunar lækna. Áætlað er að læknamistökin kosti norska skattgreiðendur nálægt tuttugu milljarða árlega í íslenskum krónum talið.

Mistök af því tagi sem hér um ræðir geta verið margs konar, allt frá rangri lyfjagjöf til mistaka við aðgerðir.



SIGURBJÖRN SVEINSSON



MATTHÍAS HALLDÓRSSON

Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir segir engar rannsóknir hafa farið fram á þessu sviði hér á landi enda um umfangsmikla rannsóknarvinnu að ræða. „En það er hins vegar vafalaust hægt að heimfæra þessar tölur frá Noregi upp á Ísland. Heilbrigðiskerfið þar er ekkert frábrugðið okkar og þetta er því sambærilegt að mörgu leyti,“ segir hann.

Undir þetta tekur Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, sem segir að samanburður við bandarískar kannanir sýni svipaða niðurstöðu. „Þær tölur sem eru réttar fyrir þessi lönd eru mjög líklega sambærilegar fyrir Ísland,“ segir hann.

Sigurbjörn segir að Læknafélag Íslands hafi beitt sér fyrir umræðu um öryggi í íslensku heilbrigðiskerfi og telji mikilvægt að ráðast í rannsókn á afleiðingum læknamistaka hér á landi. Slík rannsókn þurfi ekki að vera mjög dýr þar sem öll gögn eru til.

„Ég held að við hljótum að þurfa að ráðast í svona rannsókn hér fyrr en síðar; við verðum eiginlega að gera það, því þetta er einn af grundvallarþáttum gæðastjórnunar í heilbrigðiskerfinu,“ segir Sigurbjörn Sveinsson. - ssal



**LOKAÁKALLIÐ** Chirac Frakklandsforseti lauk baráttu sinni fyrir samþykkt ESB-sáttmálans með sjónvarpsávarpi í gærkvöld.

Frakkland og ESB:

## Chirac ákallar þjóð sína

**FRAKKLAND, AP** Jacques Chirac, forseti Frakklands, ákallaði þjóð sína í sjónvarpsávarpi í gær um að veita stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins samþykki sitt þegar hún gengur til atkvæða um hann á sunnudaginn.

Forsetinn ítrekaði þá skoðun sína að það hefði alvarlegar afleiðingar fyrir stöðu Frakka í Evrópu hafnaði þjóðin nýja sáttmálanum. „Þar með myndi hefjast tímabil klofnings, efasemda, óvissu,“ varaði hann landa sína við.

Samkvæmt síðustu skoðanakönnunum hyggst vel yfir helmingur franskra kjósenda hafna sáttmálanum.

Sjá síðu 18



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**STÓRTÆKAR FRAMKVÆMDIR** Framkvæmdir fara nú fram víða á höfuðborgarsvæðinu, enda fjölgar þeim yfirleitt með hækkandi sól. Þessi jarðýta var í undirbúningsvinnu í Mörkinni, þar sem verið er að grafa grunna. Fleiri voru í framkvæmdahug því að borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins kynnti hugmyndir sínar um vaxandi byggð og vegaframkvæmdir í Reykjavík í gær.

Sjálfstæðismenn kynna framtíðarhugmyndir fyrir borgarstjórnarkosningar:

# Vilja byggja í Engey, Akurey og Viðey

**REYKJAVÍK** Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins vill allt að þrjátíu þúsund manna byggð í Örfirisey, Álfsey, Engey, Viðey og í Geldinganesi. Gert er ráð fyrir 350 hektara uppfyllingum. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi vill að framtíð Reykjavíkurflugvallar verði ákveðin í almennri og bindandi atkvæðagreiðslu að undangenginni ítarlegri athugun á valkostum um framtíð Vatnsmýrarinnar.

Alfreð Þorsteinsson, R-listanum og formaður borgarráðs, segir að framtíðarhugmyndir sjálfstæðismanna um eyjabyggð beri vitni um að þeir telji stöðu borgarsjóðs afar sterka. „Þeir víla ekki fyrir sér að kynna jarðgöng og brýr til að tengja 30 þúsund manna eyjabyggð. Sjálfstæðisflokkurinn skilar hins vegar auðu þegar kemur að Vatnsmýrinni. Það er miklu nærtækara viðfangsefni þar sem búast má við 25 þúsund manna byggð. Kannski er þessi framtíðarsýn til vitnis um það að sjálfstæðismenn telji að næstu borgarstjórnarkosningar séu fyrirfram tapaðar.“ - jh / Sjá síðu 6

Sænskir háskólar:

## Doktorsnemar í vinnuþrælkun

**SVÍÞJÓÐ** Sænskir háskólar liggja undir ámæli fyrir að nota erlenda doktorsnema sem ódýran vinnukraft.

Fyrir nokkru komst upp að maður af asískum uppruna sem var í doktorsnámi í Stokkhólmi var látinn vinna á tilraunastofu á Karólínska sjúkrahúsinu í sex mánuði með þrettán þúsund íslenskar krónur á mánuði.

Annar doktorsnemi var launalaus síðustu sex mánuði námstímans og svaf á skrifstofu vinar síns. Alls hefur verið kvartað undan meðferð á doktorsnemum í Svíþjóð fimmtán sinnum undanfarið ár. ■


**Mest lesna bílablaðið***




*Lestur á „Bílar o.fl.“ í laugardagsblaði Fréttablaðsins. Lestur á „Bílar“ í föstudagsblaði Morgunblaðsins. Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005

www.toyota.is



**Þjónustubæklingur**

fylgir blaðinu í dag

TODAY TOMORROW TOYOTA



## SPURNING DAGSINS

*Guðmundur, ætlið þið að bíta á jaxlinn?*

„Okkur vefst allavega ekki tunga um tönn.“

Guðmundur Guðlaugsson er bæjar- og hafnarstjóri í Vesturbyggð, sem hefur ákveðið að hætta að þjónusta strandflutningaskipið Jaxlinn vegna vangoldinna hafnargjalda.

Kröfum Iceland Seafood um lögbann á hendur fjórum fyrrverandi starfsmönnum hafnað:

# Fyrirtækið virti sjálft ekki samninga

**DÓMSMÁL** Fjórir menn voru í gær sýknaðir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af kröfu fyrrverandi vinnuveitanda þeirra, Iceland Seafood International, sem fór fram á að dómurinn staðfesti lögbann á að mennirnir hæfu störf hjá samkeppnisaðila í samræmi við upprunalegan ráðningarsamning þeirra.

Var í þeim samningum kveðið á um að mönnunum væri óheimilt að hefja störf hjá samkeppnisaðila Iceland Seafood innan ákveðins tímaramma eftir starfslok en þeir sögðu allir upp störfum í lok árs 2004. Hugðust þeir ásamt fleirum standa að stofnun nýs fyrirtækis, Seafood Union, og taka til starfa þar að uppsagnarfresti loknum.

Með lögbanni vildu forsvarsmenn ISI koma í veg fyrir að mikilvæg þekking og reynsla mannanna nýttist hinu nýja fyrirtæki og samþykkti Sýslumaðurinn í Reykjavík beiðni ISI í janúar 2005. Héraðsdómur féllst ekki á sömu rök þar sem grundvöllur lögbannsins væri ráðningasamningur við mennina fjóra. Þeim samningi var rift af hálfu Iceland Seafood þegar mennirnir fengu ekki greidd laun þann 15. janúar né heldur síðar eins og fyrirtækinu bar að gera og samkvæmt því bar starfsmönnunum ekki að uppfylla sínar skyldur gagnvart þessum sama samningi. - aöe



**SÍF** Forsvarsmenn Iceland Seafood geta kennt sjálfum sér um að hafa tapað lögsókn sinni á hendur fjórum lykilstarfsmönnum sem sögðu upp störfum í lok síðasta árs. Þeir greiddu mönnunum engin laun frá og með miðjum janúar og er litið svo á að með því hafi ráðningarsamningur við mennina fjóra verið brotinn.

Góð sala mjólkurvara:

# Vilja meiri mjólk

**MJÓLK** Mjólkursamlögin hafa ákveðið að hækka greiðslumark næsta verðlagsárs verulega vegna góðrar sölu mjólkurvara síðustu mánuði. Þórólfur Sveinsson, formaður Landssambands kúabænda, telur skyrdrykki vega langþyngst í söluaukningu mjólkurvara. Ekki hefur verið ákveðið um hve marga lítra greiðslumarkið verður aukið en það var 106 milljónir lítra á síðasta verðlagsári. „Ég held að þetta snúist um það að ná eins mikilli mjólk og hægt er úr hverri einustu kú“, segir Þórólfur, sem telur vöruþróunina í mjólkuriðnaðinum hafa heppnast geysilega vel. - sgi



**ÞÓRÓLFUR SVEINSSON** Skyrdrykkir vega langþyngst.

## HÆSTIRÉTTUR

**KYNFERÐISBROTADÓMUR STAÐFESTUR** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í desember yfir karlmanni á fertugsaldri sem dæmdur var í eins árs fangelsi fyrir að hafa áreitt þrettán ára strák kynferðislega í strætóskýli og fyrir að hafa nýtt sér andlegt ástand átján ára misþroska drengs til að fá hann til kynmaka.

## HERMANNAVEIKI

**ÓBREYTT LÍÐAN** Líðan mannsins sem greindist með hermannaveiki eftir heimkomu frá Ítalíu fyrir nokkru er óbreytt, að sögn vakthafandi læknis á gjörgæsludeild Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi. Maðurinn er enn þungt haldinn og er haldið sofandi í öndunarvél.

# Slasaðir friðargæsluliðar fá loks bætur

**Tryggingastofnun ríkisins hefur skipt um skoðun og segir nú að friðargæsluliðar sem slösuðust í Kabúl eigi rétt á bótum. Forstjóri Tryggingastofnunar segir báðar ákvarðanir byggja á upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu.**

**FRIÐARGÆSLUSTÖRF** Tryggingastofnun ríkisins sem áður hafði synjað friðargæsluliðunum þremur sem slösuðust í sprengjuárás í Kabúl síðasta haust um bætur hefur nú breytt afstöðu sinni og samþykkir nú að um bótaskylt slys hafi verið að ræða. Að sögn Karls Steinars Guðnasonar, forstjóra Tryggingastofnunar, er þessi ákvörðun byggð á nýjum upplýsingum sem stofnuninni bárust frá utanríkisráðuneytinu.

Davíð Oddsson utanríkisráðherra gagnrýndi ákvörðun Tryggingastofnunar á Alþingi 29. apríl síðastliðinn þegar ljóst var að stofnunin ætlaði að synja friðargæsluliðunum um bætur og vonaðist hann þá til að áfrýjuninni yrði tekið af meiri sanngirni. Sagði hann meðal annars að friðargæslumenn væru aldrei í fríi.

Aðspurður hvort sinnaskiptin séu tilkomin vegna gagnrýni utanríkisráðherra segir Karl Steinar að fyrri ákvörðunin hafi verið byggð á upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu og það sem varð til þess að ákvörðuninni var breytt voru nýrri og betri upplýsingar frá sama ráðuneyti.

Enn fremur segir hann að Tryggingastofnun leggi til að 3. kafla laga um almannatryggingar verði breytt þannig að tryggt verði í framtíðinni að friðargæsluliðar séu tryggðir allan sólarhringinn.

„Það hefur mikla þýðingu fyrir okkur að fá það viðurkennt að við vorum að vinna en ekki bara að túristast þarna líkt og halda mætti af fyrri ákvörðun,“ segir Haukur Grönli, einn af friðargæsluliðunum þremur sem slösuðust.

„Ég átti alltaf von á þessu,“ segir Steinar Örn Magnússon, en hann slasaðist töluvert í sprengingunni. Hann sagði að það hefði aðeins verið misskilningur á milli stofnana sem olli því að þeim var fyrst synjað um bætur.

Steinar hefur ekki jafnað sig eftir sprenginguna á Kjúklingastræti í Kabúl og er ennþá með átta sprengjubrot í sér. „Málmleitartækin flauta alltaf á mig þegar ég fer í gegnum vopnaleit á flugvöllum,“ segir hann kankvís. Hann á enn eftir að gangast undir rannsóknir vegna áverkanna sem hann hlaut í sprengingunni.

jse@frettabladid.is



**LEMSTRAÐUR HEIM FRÁ KABÚL** Steinar Örn Magnússon sést hér við komuna á Keflavíkurflugvöll 29. október síðastliðinn. Steinar segir að öll málmleitartæki flauti á hann á flugvöllum enda er hann ennþá með átta sprengjubrot í sér.

Kjörstjórn:

# Kosningar lögmætar

**SAMFYLKINGIN** Kjörstjórn landsfundar Samfylkingarinnar segir að kosningar í öll embætti á landsfundinum hafi verið lögmætar og í samræmi við reglur flokksins. Í yfirlýsingu frá kjörstjórninni í gær segir meðal annars að framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar hafi staðfest að afhending kjörgagna og kosningaeftirlit hafi verið með eðlilegum hætti.

Kjör Ágústs Ólafs Ágústssonar í varaformannsembætti hefur vakið deilur og báru ýmsir Samfylkingarmenn honum á brýn að hann hefði stundað óeðlilega smölun. - jh

## HÆSTIRÉTTUR

**ÁR FYRIR MÖK VIÐ 12 ÁRA STÚLKU** Rúmlega tvítugur maður var í Hæstarétti dæmdur í eins árs fangelsi fyrir að hafa haft kynmök við tólf ára gamla stúlku á heimili sínu á Akureyri árið 2002. Maðurinn hélt því fram að hann hefði ekki átt kynmök við stúlkuna sem aftur á móti sagði að hann hefði nauðgað sér. Saga stúlkunnar var studdur framburðum vitna en þó þótti ekki sannað að kynmökin hefðu verið þvinguð. Engu að síður er ólöglegt að hafa kynmök við börn yngri en 14 ára og skiptir engum sköpum hvort samþykki hafi verið fyrir hendi.

## VIÐSKIPTASTOFNUN

**NÝR YFIRMAÐUR VALINN** Frakkinn Pascal Lamy hefur verið valinn næsti framkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO. Lamy, sem var áður yfirmaður viðskiptamála í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, tekur við embættinu 31. ágúst næstkomandi en þá lætur Supachai Panitchpakdi, fráfarandi framkvæmdastjóri WTO, af embætti.


Alltaf skynsamlegt

ÓB

ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is


Lettneska skipið Gideon sökk á Flæmska hattinum:

# Skipið gert út af Íslendingum

**SKIPSSKAÐI** Áhöfn íslenska togarans Péturs Jónssonar RE bjargaði öllum fimmtán í áhöfn lettneska skipsins Gideon þegar það sökk á Flæmska hattinum um kvöldmatarleytið í fyrrakvöld. Neyðarkall frá skipinu barst laust eftir klukkan fjögur og höfðu allir skipverjar bjargast rúmum þremur klukkustundum síðar.

Skipstjóri Péturs RE, Eiríkur Sigurðsson, sagði björgunina hafa gengið vel í alla staði enda hefði áhöfnin haft tvo tíma til undirbúnings áður en þeir komu að slysstaðnum. „Menn voru björguninni fegnir en voru rólegir yfir þessu og líklegast að áfallið komi ekki fyrr en síðar.“

Áhöfnin var svo flutt frá Pétri yfir í kanadískan togara sem var á leið til St. Johns á Nýfundnalandi og átti skipið að koma til hafnar í morgun. Meðal skipbrotsmanna eru þrír Íslendingar.

Útgerð skipsins var einnig íslensk þótt það sigldi undir lettneskum fána. Ekki náðist í Magnús Sigurðsson, útgerðarmann þess. - aöe



**UNDIR LETTNESKUM FÁNA** Gideon sem sökk í fyrradag var af svipaðri stærðargráðu og Arnarborg, sem hér sést í Reykjavíkurhöfn, en það skip var einnig gert út undir fána Lettlands.

KB ÍBÚÐALÁN – NÝJUNG!

# VIÐ BORGUM AF ÍBÚÐALÁNINU FYRIR ÞIG




Dæmi um mánaðariðgjald af KB Lánavernd m.v. 10 milljóna kr. KB Íbúðalán til 40 ára og að KB Lánavernd taki yfir greiðslur af láninu í u.þ.b. þrjú ár.

| Aldur | Karl | Kona |
|---|---|---|
| **25 ára** | **385 kr.** | **317 kr.** |
| **35 ára** | **538 kr.** | **522 kr.** |
| **45 ára** | **1.195 kr.** | **1.069 kr.** |

Alvarleg áföll gera sjaldnast boð á undan sér og þeir sem fyrir þeim verða eru oft illa í stakk búnir að kljást við fjárhagsskuldbindingar eins og greiðslur af íbúðarhúsnæði. KB Lánavernd tryggir greiðslur afborgana og vaxta KB Íbúðaláns við andlát eða alvarlegan sjúkdóm.

Nánari upplýsingar og umsókn má nálgast í þjónustuveri KB banka í síma 444 7000, á kbbanki.is eða í næsta útibúi.

KB Lánavernd er unnin í samvinnu við **KB Líf**, dótturfélag KB banka.

KB BANKI

ENNEMM / SÍA / NM16323

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 26.05.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,54 | 64,84 |
| Sterlingspund | GBP | 117,86 | 118,44 |
| Evra | EUR | 80,94 | 81,40 |
| Dönsk króna | DKK | 10,87 | 10,94 |
| Norsk króna | NOK | 10,09 | 10,15 |
| Sænsk króna | SEK | 8,80 | 8,85 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 95,81 | 96,39 |

*Gengisvísitala krónunnar*

112,51 -0,11%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Abbas sækir Bandaríkjaforseta heim í fyrsta sinn:

# Tíminn að verða stærsti óvinurinn

**WASHINGTON, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti og Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, funduðu í gær í Hvíta húsinu en þetta er í fyrsta sinn sem Abbas sækir Bandaríkjaforseta heim.

Bush fagnaði þeim skrefum sem Abbas hefur stigið í lýðræðisátt heima fyrir. „Þú hefur markað nýtt upphaf á erfiðri vegferð sem krefst hugrekkis og forystu á hverjum degi," sagði Bush við Palestínuleiðtogann.

Abbas hét því að fylgja friðarferlinu en sagði jafnframt: „Tíminn er að verða okkar stærsti óvinur. Við verðum að ljúka átökunum áður en það er of seint."

Ríkisstjórn Bush mun styrkja Palestínumenn beint um rúma þrjá milljarða króna og á féð að renna í húsnæðisaðstoð á Gazasvæðinu. Talið er að fjárveitingin muni styrkja stöðu Abbas talsvert fyrir komandi kosningar í Palestínu sem verða að líkindum haldnar með haustinu.

Bandaríkjaþing hefur nú þegar samþykkt tæplega átján milljarða króna fjárveitingu til Palestínumanna á þessu ári og er að íhuga að styrkja þá um tæpa tíu milljarða króna til viðbótar á því næsta. Þessi nýja styrkveiting er hluti af þeirri aðstoð. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SAMKOMULAGIÐ HANDSALAÐ** Mahmoud Abbas og George W. Bush virtust ná ágætlega saman í Hvíta húsinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MÓTMÆLI Í EGYPTALANDI** Stuðningsmenn Egyptalandsforseta ganga í skrokk á einum mótmælanda.

Egyptar kjósa:

## Í skugga ofbeldis

**KAÍRÓ, AP** Atkvæðagreiðsla fór fram í fyrradag um endurbætur á kosningalöggjöf Egyptalands og lágu úrslit þeirra fyrir í gær.

Riflega 80 prósent þeirra sem tóku þátt greiddu breytingunum atkvæði sitt. Stjórnarandstæðingar segja kosningarnar grín en stuðningsmenn Mubaraks forseta segja þær mikilvægt skref í lýðræðisátt. Ofbeldi gegn mótmælendum varpaði skugga á atkvæðagreiðsluna en lögreglan hefur bæði verið sökuð um þátttöku í ofbeldinu og að hafa látið það sér í léttu rúmi liggja. ■

LSH:

## Fjölmiðlar sýni virðingu

**FJÖLMIÐLAR** Forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss segir í tilkynningu á heimasíðu Landspítalans að DV hafi sýnt sjúklingi, sem dvelur á sjúkrahúsinu, og fjölskyldu hans gróft virðingarleysi með myndbirtingu og nafngreiningu á honum. Maðurinn sem hefur greinst með hermannaveiki liggur á gjörgæslu sjúkrahússins og birti DV mynd af honum á forsíðu blaðsins í gær. Spítalinn segist gera þá kröfu að fjölmiðlar sýni sjúklingum nærgætni og virðingu. ■

# Þrjú ár fyrir tæp þrjú kíló af amfetamíni

**Fjórir sakborningar í Dettifossmálinu voru í gær dæmdir í Héraðsdómi Reykjavíkur. Sá sem hlaut þyngsta dóminn var dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir innflutning á rúmlega 2,7 kílóum af amfetamíni og um 600 grömmum af kókaíni.**

**DETTIFOSSMÁL** Dómur féll í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær yfir fjórum sakborningum í einum anga Dettifossmálsins. Sá angi snýr að innflutningi á um 2,7 kílóum af amfetamíni og um 600 grömmum af kókaíni. Dettifossmálið svokallaða er þó mun stærra í heild sinni.

Einn hinna ákærðu, Hinrik Jóhannsson, keypti í mars 2004 1.600 grömm af amfetamíni í Amsterdam og afhenti Jóni Arnari Reynissyni, þá skipverja á Dettifossi, efnið tveimur dögum síðar í Rotterdam til flutnings. Einnig sótti Jón Arnar, með öðrum óþekktum manni, 1.100 grömm af amfetamíni og 600 grömm af kókaíni sem voru grafin í jörðu nærri sjómannaheimilinu í Rotterdam.

Sigurður Þór Sigurðsson, annar skipverji á Dettifossi, aðstoðaði Jón Arnar við að koma efnunum fyrir í gámi í skipinu og útvegaði honum auk þess innsigli á gáminn. Jón Arnar sem þá átti sjálfur við fíkniefnavanda að stríða rauf hins vegar innsiglið á leið yfir hafið til þess að komast í efnin sjálfur. Skipverji varð svo var við það að innsiglið hafði verið rofið, fór inn í gáminn og fann þar pakkana með fíkniefnunum og lét skipstjóra vita. Skipstjórinn hafði samband við lögreglu sem gerði efnin upptæk þegar skipið lagði að bryggju.

Í öðrum lið ákærunnar er dæmt fyrir um 400 grömm af amfetamíni sem Jón Arnar reyndi að flytja hingað til lands fyrir Hinrik með Dettifossi í júní sama ár en guggnaði og losaði sig við efnin áður en ferðinni lauk. Maðurinn sem grunaður var um að hafa afhent honum efnin var sýknaður af þeim lið ákærunnar og skipti þar miklu að Hinrik breytti fyrri framburði sínum fyrir dómi og vildi sjálfur taka ábyrgð á því að hafa keypt efnin. Maðurinn var hins vegar dæmdur í fésektir fyrir að hafa undir höndum um 17 grömm af amfetamíni sem lögregla lagði hald á í húsleit hjá honum.

Hinrik var dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir innflutning á um 2 kílóum af amfetamíni, Jón Arnar í þriggja ára fangelsi fyrir innflutning á um 2,7 kílóum af amfetamíni og tæplega 600 grömmum af kókaíni og Sigurður Þór í eins árs fangelsi fyrir að hafa aðstoðað Jón Arnar við innflutninginn og að hafa reynt að flytja hingað til lands nokkurt magn af munn- og neftóbaki.

oddur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**VIÐ AÐALMEÐFERÐ** Sakborningar koma sér fyrir í dómssal við aðalmeðferð eins anga Dettifossmálsins. Dæmt var í málinu í gær.

Forföll al-Zarqawi:

## Valdabarátta innan al-Kaída

**BAGDAD, AP** Á vefsíðu sem al-Kaída í Írak notar gjarnan birtust í gærmorgun fregnir um að nýr yfirmaður samtakanna hefði verið skipaður til bráðabirgða í forföllum Abu Musab al-Zarqawi. Önnur tilkynning var sett á vefinn skömmu síðar af óopinberum blaðafulltrúa hópsins þar sem fyrri fréttinni var vísað á bug.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ABU MUSAB AL-ZARQAWI** Sumir segja að nýr maður hafi verið skipaður í hans stað, aðrir ekki.

Fregnir herma að al-Zarqawi hafi særst í átökum á dögunum og staðfesti Bayan Jabar, innanríkisráðherra Íraks, það í gær. Því má vera að þessar misvísandi fréttir endurspegli valdabaráttu eða rugling innan samtakanna. ■

Fíkniefnabrot:

## Ætlaði að selja efnin

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjaness yfir manni sem tekinn var með 300 grömm af amfetamíni á heimili sínu í ársbyrjun 2004.

Maðurinn hafði í héraði verið dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir að flytja efnin sjálfur inn frá Kaupmannahöfn, blanda þau og búa til sölu. Í Hæstarétti þótti ekki sannað að maðurinn hefði sjálfur smyglað efnunum til landsins en dómur héraðsdóms engu að síður staðfestur þar sem sannað þótti að hann hefði átt efnin sjálfur og ætlað sér að selja.

- oá






## VEÐRIÐ Í DAG

**EINSÝNT AÐ VÖKVA ÞURFI GARÐANA**
Það eru almennt þurrkar í spánum og því komið að því að við þurfum að vökva gróðurinn með garðslöngunni. Venjulega eru þurrkar ekki vandamál hér en svo bregðast krosstré sem önnur tré.

**BJART MEÐ KÖFLUM UM HELGINA**
Hægviðri eða hafgola og bjart veður með köflum einkenna þennan dag og næstu daga. Síðdegisskúrir gætu fallið, einkum á sunnanverðu landinu. Sem sagt ferðaveður og þokkalegur hiti!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

**Um hádegi**




**Á morgun**




Hæg breytileg átt. Hætt við síðdegisskúrum.

**Sunnudagur**




Hæg breytileg átt. Hætt við síðdegisskúrum.

**Veðurhorfur í borgum í dag**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C hálfskýjað | París | 31°C | hálfskýjað | Alicante | 26°C | skýjað |
| Osló | 17°C léttskýjað | Berlín | 29°C | hálfskýjað | Milano | 26°C | skýjað |
| Stokkhólmur | 19°C hálfskýjað | Frankfurt | 30°C | heiðskírt | New York | 25°C | skýjað |
| Helsinki | 18°C léttskýjað | Madrid | 30°C | skýjað | San Francisco | 17°C | skýjað |
| London | 23°C skýjað | Barcelona | 23°C | heiðskírt | Orlando/Florida | 32°C | léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Það nýjasta
## frá Jóa Fel

Jói FEL







Fersk **kjúklingalæri,** Ferskir **kjúklingaleggir,** Ferskir **kjúklingavængir**

Kryddlegnar
**svínakótilettur**
að hætti Jóa Fel með Hot Spot sósu, hunangi og sætu sinnepi



Kjöt & fisktorgið

Marineraðar
**laxasteikur** frá Rúnari
roð og beinlausar í hvítlauk, chili og engifer tilbúnar beint á grillið

Jói FEL

**Hafrakökur**



Það nýjasta
frá Jóa Fel
**Hefur þú prófað?**




TILBOÐ
249 kr/stk
Verð áður 289,-

**La Baguette** frosin snittubrauð




20% afsláttur

**Hellemann's** kjúklingasósur




TILBOÐ
149 kr/stk
Verð áður 219,-

**Stjörnu** hrásalat

Gildir til 29. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Eigum við að byggja fleiri álver á Íslandi?*

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

| | |
|---|---|
| Já | 36,68% |
| Nei | 63,32% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Notfærir þú þér yfirdráttarlán?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Könnunarviðræður vegna Reykjavíkurlista:

# Flokksmenn sýna vöðva og tennur

**REYKJAVÍKURLISTI** Fulltrúar flokkanna þriggja sem koma að Reykjavíkurlistanum funduðu í gær um framtíð samstarfsins.

Sverrir Jakobsson, einn fulltrúi Vinstri-grænna í viðræðunum, segist vonast eftir niðurstöðu sem fyrst. „Við í Vinstri-grænum í Reykjavík höldum almennan félagsfund á sunnudaginn og þá verður rætt hvort áhugi sé fyrir því að halda samstarfinu áfram,“ segir Sverrir.

Hann segir almenna samstöðu innan flokkanna þriggja um að óháðir geti ekki tekið þátt í slíkum viðræðum og þar með ekki á framboðslistanum ef af samstarfi flokkanna verður. Ef sú verður niðurstaðan er ljóst að borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson þarf að ganga í einhvern hinna þriggja flokka ætli hann sér að taka sæti á Reykjavíkurlistanum.

Þorlákur Björnsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, segir góðan gang í viðræðunum. „Samfylkingin er að sýna vöðvana og Vinstri-grænir hafa verið að sýna tennurnar í sínum málum. Þetta er einhvers konar sálfræðilegt spil,“ segir Þorlákur.

- hb



**SVERRIR JAKOBSSON** Vinstri-grænir munu taka ákvörðun um framhald Reykjavíkurlistans á sunnudag.

Nýr dagur:

# Slapp við sekt

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra ógilti fjárnám Bílastæðasjóðs Akureyrar í bíl fyrirtækisins Nýr dagur sem gert var vegna þess að fyrirtækið neitaði að borga stöðumælasekt fyrir að hafa lagt ólöglega.

Í dómnum kemur fram að stöðumælasektin hafi ekki verið fyllt rétt út og var þar skírskotað til vitlausra laga á innheimtuseðlinum sem Nýr dagur fékk afhentan. Einnig tókst verjanda bílastæðasjóðsins ekki að sýna fram á að bílnum hefði í raun verið lagt ólöglega.

Fjárnámið var því ógilt og Bílastæðasjóði Akureyrar gert að borga Nýjum degi 100 þúsund krónur í málskostnað. ■

## ÁRÉTTING

**EKKI GEGN ÁLVERI** Vegna fréttar Fréttablaðsins í gær skal það áréttað að þar talaði Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi ekki gegn álveri heldur benti einvörðungu á þá staðreynd að margir möguleikar væru í stöðunni. Skilja mátti fyrirsögn fréttarinnar á þá leið að hann tæki að einhverju leyti undir málflutning Vinstri-grænna í málinu og væri andvígur álveri í Helguvík. Svo er ekki.

## AUSTUR-KONGÓ

**26 SAKNAÐ EFTIR FLUGSLYS** Flugvél fórst í austurhluta Austur-Kongó í fyrradag en 26 manns voru innanborðs. Flestir farþeganna eru austurkongóskir en fimm Rússar og Úkraínumenn voru auk þess um borð. Ekkert er vitað um afdrif farþeganna en slysstaðurinn er á frumskógasvæði þar sem uppreisnarmenn hafa hreiðrað um sig.






# Eyjaborgin Reykjavík

**Sjálfstæðismenn vilja allt að 350 hektara uppfyllingu við sundin, meðal annars frá Örfirisey út í Akurey. Einnig er gert ráð fyrir byggð í Viðey og Engey. Hugmyndin gerir ráð fyrir nýrri byggð fyrir 30 þúsund íbúa á eyjunum við sundin.**

**REYKJAVÍK** „Í dag er eitt ár til borgarstjórnarkosninga. Þetta er framtíðarsýnin sem við ætlum að kynna höfuðborgarbúum, meðal annars á stóru íbúaþingi í næsta mánuði,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Hann segir að þannig gefist íbúum kostur á að koma með athugasemdir og tillögur.

Meginhugmynd sjálfstæðismanna er að í stað þess að brjóta land undir byggð í nágrenni Reykjavíkur verði áhersla lögð á nýja byggð í Geldinganesi og í vesturhluta borgarinnar. Þar verði ráðist í allt að 350 hektara uppfyllingar milli Örfiriseyjar og Akureyjar og frá Sæbraut í átt að Engey. Með þessu yrði skapað landrými og lóðir fyrir 30 þúsund íbúa, einkum á eyjunum við sundin. „Við teljum að þessar landfyllingar séu samkeppnishæfar við hið nýja uppsprengda lóðaverð og gott betur,“ segir Vilhjálmur. Hann telur ekki að uppbygging á austanverðri Viðey fari gegn umhverfissjónarmiðum. „Okkar hugmyndir um vistvæna byggð í Viðey eru varkárar. Við teljum að vel megi koma þar fyrir fjölskylduvænni og lágreistri byggð. Íbúar í Viðey voru eitt sinn um tvö hundruð og við erum aðeins að tala um austasta hluta eyjunnar.“

Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins vill ráðast í fyrsta áfanga Sundabrautar strax, en heildarkostnaður er vart talinn vera undir 17 milljörðum króna. Rík áhersla er lögð á greiða leið frá austri til vesturs um Miklubraut, meðal annars með mislægum gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segist vilja bindandi atkvæðagreiðslu um framtíð flugvallarins. „En áður verðum við að fara vel yfir valkostina til þess að unnt sé að taka upplýsta og stefnumarkandi ákvörðun. Forsendur þurfa að vera skýrar sem og spurningarnar. Ég held að allir geri sér ljóst að flugvöllurinn fer á endanum úr Vatnsmýrinni. Ég get ekki séð að það verði gert með því að leggja niður eina braut og aðra síðar. En fari völlurinn er mikilvægt að nýr völlur verði á Reykjavíkursvæðinu,“ segir Vilhjálmur.

johannh@frettabladid.is

**ÞETTA VILJA SJÁLFSTÆÐIMENN:**

- Byggð fyrir 30 þúsund manns á eyjunum við sundin.
- Uppbyggingu í 101, hjarta borgarinnar.
- Sundabraut strax með sérstakri fjármögnun.
- Hverfatorg sem miðpunkt viðburða og samvista.
- Byggð á austurhluta Viðeyjar.
- Græna leið í gegnum borgina.
- Bindandi atkvæðagreiðslu um flugvöllinn.
- Greiða leið um Miklubraut frá austri til vesturs.




**SJÁLFSTÆÐISMENN GERA RÁÐ FYRIR UMFANGSMIKILLI LANDFYLLINGU Í FRAMTÍÐARHUGMYNDUM SÍNUM** „Þegar hefur landrými Reykjavíkurborgar verið aukið um 240 hektara með landfyllingu,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** „Við viljum auka lífsgæðin í borginni og hugsum stórt með því að setja fram hugmyndir um verulega fjölgun íbúa í vesturhluta borgarinnar.“

Tillögur fjármálaráðherra um endurskoðun vaxtabótakerfis:

# Samtök atvinnulífs vilja lækkun

**VAXTABÆTUR** Skiptar skoðanir eru um tillögur Geirs H. Haarde fjármálaráðherra um að til greina komi að endurskoða vaxtabótakerfið hér á landi. Yfirlýsingar ráðherrans koma í kjölfarið á skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD um að draga beri úr útgjöldum hins opinbera vegna vaxtabóta.

Samtök atvinnulífsins fagna tillögunum í ályktun á heimasíðu sinni og telja að þensla á fasteignamarkaði sé drifkraftur verðbólgunnar og lækkun vaxtabóta sé mikilvæg aðgerð í viðnámi gegn verðbólgu. Samtökin segja vaxtabótakerfið ýta undir skuldasöfnun og sé ómarkvisst.

Jóhanna Sigurðardóttir, alþingismaður Samfylkingarinnar, segir á heimasíðu sinni að vaxtabætur hafi á þessu og síðasta ári verið skertar um 900 milljónir króna. Hún segir að milli fimmtíu til sextíu þúsund einstaklingar hafi fjármagnað kaup á íbúðahúsnæði með lánum sem byggja á greiðsluáætlunum út frá vaxtabótum og verið sé að setja greiðsluáætlanir þeirra úr skorðum.

- hb



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Telur greiðsluáætlanir fimmtíu til sextíu þúsund einstaklinga settar úr skorðum.





## …þá lögum við okkur að **þínum** þörfum!

***Vildarþjónusta Sparisjóðsins***

er ný persónuleg fjármálaþjónusta sem er sérsniðin að þínum þörfum og tryggir þér framúrskarandi þjónustu og meiri ávinning. Kynntu þér málið í næsta Sparisjóði eða á **www.spar.is**.

- Lán án ábyrgðarmanna og afsláttur af lántökugjöldum
- Frítt debetkort
- 200 fríar debetkortafærslur á ári*
- Afsláttur af árgjaldi kreditkorts
- Sérkjör hjá Verðbréfaþjónustu Sparisjóðsins
- Endurgreiðsla persónutrygginga
- Frábær tilboð hjá Og Vodafone, Plúsferðum og Úrval Útsýn

SPARISJÓÐURINN
*– fyrir þig og þína*

Fíton/SÍA FI013214

*Gildir í Gull- og Eðalþjónustu

**Sexfaldur sigurvegari** | ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu síðastliðin 6 ár | **spar.is**



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða fótboltalið vann Meistaradeild Evrópu?*

2 *Hver er stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur?*

3 *Verk hvaða listamanns prýðir forsíðu Símaskrárinnar?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Bobby Fischer í opinberu slembiskákeinvígi:

# Heimsviðburður í undirbúningi

**SKÁKEINVÍGI** Unnið er að því að koma á skákeinvígi á Íslandi síðar á árinu þar sem Bobby Fischer myndi tefla opinberlega í fyrsta sinn síðan 1992. Bandarískur auðkýfingur, Alex Títomírov, er reiðubúinn að leggja fram stórar fjárhæðir í verðlaunafé.

Títomírov kom til Íslands í fyrradag í fylgd með Boris Spasskí og franska stórmeistaranum Joel Lautier til viðræðna við Fischer og stuðningsmenn hans. Hittust þeir á fundi í fyrrakvöld og aftur í gær áður en Títomírov og Spasskí héldu af landi brott.

Að sögn Einars S. Einarssonar, eins stuðningsmanna Fischers, er hugmyndin sú að reyna að koma á einvígi milli Fischers og einhvers öflugs skákmeistara, hér á Íslandi síðar á árinu. Tefld yrði slembiskák að kröfu Fischers en óvíst er hver andstæðingur hans yrði en ekki útilokað að það verði Spasskí. Fishers var ekki reiðubúinn að skrifa undir neina yfirlýsingu að þessu sinni en ætlar að hugsa málið. Þeir Títomírov og Spasskí koma aftur til Íslands eftir tvær til þrjár vikur.

- ssal



**BOBBY FISCHER** Unnið er að því að fá Fischer aftur að skákborðinu í haust.

Sameinuðu þjóðirnar:

# Svíar brjóta mannréttindi

**SVÍÞJÓÐ** Nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum hefur úrskurðað að Svíum sé óheimilt að vísa manni frá Azerbadjan og fjölskyldu hans úr landi eins og sænsk stjórnvöld hafa ákveðið. Ástæðan er sú að víst þykir að öryggi mannsins og fjölskyldu hans verði ekki tryggt, verði þau send heim aftur.

Þykir þessi úrskurður nefndarinnar nokkuð áfall fyrir Svía, sérstaklega í ljósi þess að ekki er langt síðan nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Svíar hefðu brotið gegn mannréttindum tveggja Egypta árið 2001 sem vísað var úr landi á grundvelli grunsemda um hryðjuverkastarfsemi. ■

Getnaðarvarnarpillan:

# Dregur úr kynhvötinni

**VÍSINDI** Ný rannsókn vísindamanna við Boston-háskóla í Bandaríkjunum bendir til þess að getnaðarvarnarpillan geti dregið varanlega úr kynhvöt kvenna.

Sagt var frá rannsókninni í breska blaðinu Daily Mail í gær en í henni voru 125 konur athugaðar. Kom í ljós að í líkama þeirra kvenna sem voru á pillunni var mun hærra hlutfall af sérstöku prótíni sem dregur úr virkni testóteróns í líkamanum en þeirra sem ekki nota þessa tegund getnaðarvarna en testósterón stjórnar kynhvöt bæði karla og kvenna. Töldu formælendur rannsóknarinnar líklegt að binding hormónsins væri óafturkræf. ■



PILLAN

Deilur ættingja nóbelskáldsins við Hannes Hólmstein:

# Berlingske Tidende gerir málinu skil

**FJÖLMIÐLAR** Danska dagblaðið Berlingske Tidende birti í gær allanga frétt um málaferli ættingja Halldórs Laxness gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni og þeim deilum sem ævisaga Hannesar um skáldið hefur vakið.

Berlingske segir deilurnar vera um það bil að ná hámarki með dómsmálinu sem ættingjar Laxness hafi höfðað gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni fyrir ritstuld. Blaðið segir deilurnar snúast um það hvort „hinn þekkti íslenski prófessor“ hafi gerst sekur um ritstuld, en jafnframt sé þetta deila um eftirmæli hins þekkta rithöfundar. „Hafði sósíalistinn Laxness skítlegt eðli, líkt og hinn borgaralega þenkjandi Hannes Hólmsteinn heldur fram? Eða eru neikvæðu sögurnar sem hann hefur grafið upp liður í nornaveiðum frá hægri?“

Í greininni er jafnframt spurt: „Er íslenski nóbelsverðlaunahafinn og sósíalistinn Halldór Kiljan Laxness orðinn fórnarlamb nornaveiða sjö árum eftir dauða sinn? Eða eru það hægrisinnaðir gagnrýnendur hans sem eru fórnarlömbin?“

Greinina má finnaá www.berlingske.dk

-grs



HALLDÓR LAXNESS




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**RÓBERT WESSMAN FORSTJÓRI ACTAVIS** Forstjóri Actavis segir uppgjörið vera í takt við sínar væntingar en bankarnir eru ekki á sama máli.

# Actavis undir væntingum

**Uppgjörið í takt við væntingar forstjórans sem sér fram á mikinn vöxt á þessu ári. Hagnaðurinn var 11,1 milljón evra eða 900 milljónir króna.**

**VIÐSKIPTI** Actavis Group skilaði 11,1 milljón evra í hagnað á fyrsta ársfjórðungi sem gerir 900 milljónir króna. Það er verri afkoma en spáð hafði verið. Rekstrartekjur voru um 101 milljón evra en greiningaraðilar spáðu því að þær yrðu um 110 milljónir evra. Afkoman er einnig slakari en á sama tímabili í fyrra þegar félagið hagnaðist um 21,8 milljónir evra. Þess ber þó að geta að fyrsti ársfjórðungurinn í fyrra var óvenju góður þegar lyfið Ramipril var sett á markað.

Gengi hlutabréfa í Actavis lækkaði um 4,5 prósent eftir birtingu uppgjörsins. Gerðist það á síðustu tuttugu mínútunum fyrir lokun markaðarins. Félagið hefur lækkað um níu prósent í vikunni eftir að hafa hækkað mikið í kjölfar kaupanna á bandaríska lyfjafyrirtækinu Amide í síðustu viku.

„Uppgjörið er í takt við okkar væntingar, sem er jákvætt, en klárlega undir væntingum markaðarins,“ segir Róbert Wessman, forstjóri Actavis. „Árið hefur farið vel af stað. Við erum að sjá gríðarlegan vöxt í okkar vörumerkjum og innri vöxtur er um fjórtán prósent. Við höfum sett okkur markmið að vera með 26 prósenta framlegð og ég er nokkuð klár og sannfærður um að það náist,“ segir Róbert. Hann segir að fyrsti árshlutinn verði lakastur, strax á þessum ársfjórðungi verði reksturinn betri og styrkist frekar þegar á árið líður.

Stærsta viðskiptalandið er Tyrkland þar sem fimmtungur sölunnar á sér stað. Þýskaland kemur svo næst en vægi þess hefur farið nokkuð minnkandi. Actavis stefnir á að setja 60 lyf á markað á þessu ári en um 140 lyf eru í þróunar- og skráningarferli.

- eþa

**SPÁR OG AFKOMA ACTAVIS GROUP** (Í MILLJÓNUM EVRA)

| | |
|---|---|
| **Hagnaður** | **11,1** |
| Spá Íslandsbanka | 15,2 |
| Spá KB banka | 13,8 |
| Spá Landsbanka | 16,9 |
| **Meðaltalsspá 1** | **5,3** |






FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HLEYPUR Á SNÆRIÐ** Það hljóp heldur betur á snærið hjá Tim Pruitt, frá Alton í Illinois, á sunnudaginn þegar 124 punda leirgedda beit á öngulinn hjá honum í Mississippi-fljótinu. Þetta er að líkindum stærsta gedda sem sögur fara af enda tók það Pruitt tæpa klukkustund að draga fiskinn inn.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 28511 05/2005

## Þjónustudagur Toyota. Laugardag kl. 12-17

Í tilefni sumarkomunnar ætlum við að dekra sérstaklega við þig, fjölskyldu þína og bílinn. Þú mætir til Toyota að Nýbýlavegi og leyfir okkur að stjana við bílinn þinn með sápuþvotti og þurrkun, þér að kostnaðarlausu. Hoppikastali fyrir börnin, tónlist, fjör og grillaðar pylsur fyrir alla.

**Komdu á þjónustudag Toyota milli kl. 12 og 17 laugardag og farðu hreinn og strokinn inn í sumarið með óvænta gjöf í farteskinu.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070


MYND/AP

**Í SVEITA SÍNS ANDLITS** Sakis Vasilopoulous, bóndi á Pelópsskaganum í Grikklandi, hugði að tómataakri sínum af stakri kostgæfni í gær.

Fuglaflensuveiran í vatnafuglum hér:

# Hverfandi líkur á að fólk smitist

**HEILBRIGÐISMÁL** Það þarf náið samneyti við fugla sem eru með veiruna í sér, mikla útsetningu og mikið magn af henni til að menn veikist. Fuglarnir bera hana í slími í öndunarvegi og skilja hana út með saur. Mjög litlar líkur eru taldar á því að hún geti borist í fólk, þótt hún sé til staðar í vatnafuglum hér. Þetta segir Þórólfur Guðnason læknir, sem starfar hjá embætti sóttvarnalæknis.

Spurður um nýtt bóluefni gegn flensunni sem Kínverjar segjast hafa fundið upp segir Þórólfur að það eigi eftir að koma í ljós hvort þær fullyrðingar standist. Engin bóluefni séu 100 prósent virk.

„Það er alveg eins viðbúið að komi upp nýr stofn veirunnar við stökkbreytingu, sem fari að smitast á milli manna, verði bóluefnið ekki eins virkt og menn vilja að það verði. En það gæti dregið úr sýkingum og mildað einkennin allverulega. Það færi allt eftir því hversu ólíkur hinn stökkbreytti stofn yrði hinum, hvað hann breytti sér mikið og hvernig hann breytti sér. Þetta er einfaldlega ekki vitað enn sem komið er.“ - jss



**VATNAFUGLAR** Ekki eru taldar miklar líkur á að fuglaflensuveiran berist í mannfólk hér þótt hún sé í vatnafuglum.

Evrópuþingið:

## Vantrauststillaga felld

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Vantrauststillaga hægrisinnaðra Evrópuþingmanna á Jose Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, var felld með yfirgnæfandi meirihluta í atkvæðagreiðslu á Evrópuþinginu í gær.

Tillagan var lögð fram aðeins fjórum dögum áður en Frakkar greiða atkvæði um stjórnarskrá Evrópusambandsins.

Tilefni vantraustsins var ferðalag sem Barroso fór í síðastliðið sumar á lystisnekkju gríska skipakóngsins Spiros Latsis en þingmönnunum þóttu tengsl forsetans við auðkýfinginn orka tvímælis. ■

Dómsmál:

## Leikfélagið sýknað

**DÓMSMÁL** Leikfélag Akureyrar hefur verið sýknað af kröfum fyrrverandi leikara félagsins um vangoldin laun vegna ólögmætrar uppsagnar.

Leikaranum var sagt upp störfum eftir að hann neitaði að taka þátt í sýningunni „Uppistand um jafnréttismat“ samvisku sinnar vegna. Vildi hann meina að ekki hefði verið staðið rétt að uppsögninni og gerði kröfu á hendur leikfélaginu um nær milljón krónur vegna vangoldinna launa. Héraðsdómur Norðurlands eystra sýknaði leikfélagið af kröfunum, felldi niður allan málskostnað og mat uppsögnina lögmæta. - oá

# Verði ekki brugðist strax við er voðinn vís

**Í stað þess að bregðast við fuglaflensuvánni hafa ráðamenn í heiminum sofið á verðinum. Áætlanir um útbreiðslu veikinnar eru í besta falli bjartsýnar. Þetta er mat vísindaritsins Nature sem kom út í gær.**

**FUGLAFLENSA** Að mati leiðandi vísindamanna er fuglaflensan komin á fremsta hlunn með að verða að heimsfaraldri og verði ekki gripið til markvissra aðgerða er voðinn vís. Kínverjar segjast hafa þróað nýtt bóluefni fyrir fugla og menn en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO tekur þeim tíðindum varlega.

Nýjasta hefti vísindaritsins Nature sem út kom í gær er helgað fuglaflensunni. Þar vara greinarhöfundar við að H5N1-veiran sé smám saman að taka breytingum og verða skæðari. Dæmi um það sé fundur 519 sýktra gæsahræja í Kína um síðustu helgi. Vísindamenn óttast helst að bráðum geti veiran smitast á milli manna og þá er voðinn vís.

WHO gerir ráð fyrir að aðeins muni taka veiruna nokkra mánuði að breiðast út um heiminn og á þeim tíma verði að leggja þrjátíu milljónir manna á sjúkrahús. Af þeim muni 7,5 milljónir deyja. Albert Osterhaus, prófessor við Erasmus-stofnunina í læknavísindum í Rotterdam, segir í grein sinni í Nature að mat WHO „sé á meðal bjartsýnustu spáa um hver þróun faraldursins verður.“ Hann hvetur til að sett verði á fót sérstök aðgerðasveit færustu vísindamanna heims sem fái það verkefni að stilla saman strengi stjórnvalda víða um heim.



**ALBERT OSTERHAUS** Segir áætlanir WHO um mannfall af völdum fuglaflensunnar afar varfærnar.

Leiðarahöfundur Nature tekur í svipaðan streng og bendir á að ef faraldur hefst innan skamms verði ekki til nægt bóluefni í heiminum fyrr en eftir hálft ár eins og staðan er í dag. Þá er hins vegar orðið of seint að bólusetja. Því sé forgangsatriði að koma í veg fyrir að veikin nái að breiðast út með því að uppræta hana á meðan hún er enn að mestu bundin við fugla.

Í gær lýstu Kínverjar því yfir að engin hefði smitast af farfuglunum 519 sem fundust dauðir í Qinghai-héraði um helgina. Þá hermir Xinhua-fréttastofan að kínverskir vísindamenn hafi þróað bóluefni sem á að geta komið algjörlega í veg fyrir fuglaflensusmit í fuglum og spendýrum. Embættismenn hjá WHO taka fréttunum hins vegar með varúð og segja að efnið hafi að líkindum aðeins verið prófað á fuglum, ekki spendýrum. Því sé of snemmt að segja til um gagnsemi þess fyrir mannfólkið

sveinng@frettabladid.is


MYND/AP

**FUGLAR SÓTTHREINSAÐIR** Kínverjar hafa lýst því yfir að ekkert bendi til að smit hafi borist í menn úr farfuglahræjunum sem fundust í Qinghai-héraði um helgina. Þá kveðast þeir hafa uppgötvað nýtt bóluefni en WHO tekur þeim fregnum með varúð.


MYND/AP

**ALLT Á FLOTI** Íbúar Sao Paolo beittu ýmsum brögðum til að komast leiðar sinnar.

Úrhellisrigning:

## Gáttir himins galopnuðust

**SAO PAOLO, AP** Gríðarleg úrkoma var í suðurhluta Brasilíu í vikunni og myndaðist mikill vatnselgur af þeim sökum.

Í Sao Paolo-héraði týndu fimm manns lífi í flóðum og aurskriðum, þar á meðal tvö börn sem dóu þegar skriða féll á heimili þeirra. Í sjálfri Sao Paolo borg fór allt úr skorðum vegna flóðanna enda voru göturnar líkastar síkjum.

Svo miklar rigningar hafa ekki verið á þessu svæði í 22 ár en sólarhringsúrkoman var 114 millimetrar. Til samanburðar þá er meðalársúrkoma í Reykjavík um 800 millimetrar. ■

**INDÓNESÍA**

**FRIÐARVIÐRÆÐUR Í FINNLANDI** Indónesíska ríkisstjórnin og uppreisnarmenn frá Aceh-héraði tóku upp viðræður á nýjan leik í Helsinki í gær en Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands, boðaði til þeirra. Aceh-hérað varð illa úti í flóðbylgjunni miklu á annan dag jóla en margir íbúar þess vilja að héraðið verði sjálfstætt ríki.






**VÍGREIFIR RÁÐHERRAR** Bayan Jabr og Saadoun al-Duleimi eru sannfærðir um að aðgerðir þeirra muni skila árangri.

Herör skorin upp gegn uppreisnarmönnum:

## Fjörutíu þúsund hermenn umkringja Bagdad

**BAGDAD, AP** Íraska ríkisstjórnin tilkynnti í gær að hún hygðist skera upp herör gegn uppreisnarmönnum í landinu. Að minnsta kosti fimmtán Írakar dóu í árásum gærdagsins.

Síðastliðinn mánuð hafa yfir 620 manns fallið í árásum í Írak og því þarf ekki að koma á óvart að ríkisstjórn al-Jaafari sé búin að fá nóg. Í gær tilkynntu Bayan Jabr innanríkisráðherra og Saadoun al-Duleimi varnarmálaráðherra að 40.000 íraskir hermenn myndu umkringja Bagdad frá og með næstu viku og þjarma að uppreisnarmönnum. Á næstu mánuðum verður efnt til slíkra aðgerða víðar um landið.

„Frá og með næstu viku verður mynduð sterk og þétt keðja um höfuðborgina, svipað og armband á úlnlið. Enginn mun geta slitið þessa keðju,“ sagði al-Duleimi við fréttamenn í gær. Hann bætti við að 675 varðstöðvar yrðu settar upp umhverfis borgina. Þetta er stærsta aðgerð íraska hersins síðan ráðist var inn í landið í mars 2003.

Í það minnsta 15 Írakar týndu lífi í árásum víða um landið í gær. Þar á meðal var lítil telpa sem varð fyrir skothríð í átökum uppreisnarmanna við bandaríska hermenn í bænum Tal Afar í norðurhluta landsins. ■





Ritzenhof glös og bollar

## 20% afsláttur

Ótrúlegt verð á glervösum og glerskálum

60 sm glervasi á mynd **1.999**



# Glerfínar útskriftargjafir í Blómavali





Orkideur
**ný** sending
**999**

blómaval
*heillandi heimur*

Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Kringlan - Smáralind






Umboðsmaður Alþingis:

# Ráðherra endurskoði gjaldskrá

**UMBOÐSMAÐUR** Umboðsmaður Alþingis hefur í úrskurði sínum beint þeim tilmælum til menntamálaráðherra að endurskoða gjaldskrá fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Í máli sem umboðsmaður hefur tekið til meðferðar kvartaði maður yfir úrskurði menntamálaráðherra þar sem staðfest var ákvörðun Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra um að synja beiðni hans um túlkaþjónustu án endurgjalds fyrir húsfund í fjöleignarhúsi þar sem hann á íbúð. Taldi maðurinn að hann ætti rétt til þessarar þjónustu án endurgjalds á grundvelli laga um sammskiptamiðstöðina.

Umboðsmaður telur að við setningu gildandi laga hefði einungis verið ætlunin að gjaldtaka tæki til hluta þeirra þjónustu sem samskiptamiðstöðin veitti og að ekki yrði um gjaldtöku að ræða vegna þjónustu sem veitt væri heyrnarlausum og heyrnarskertum. - jss




**BARÁTTA** Heyrnarlausir hafa lengið barist fyrir réttindum sínum.

# Þurrkar koma í veg fyrir gróðursetningu

**Ekki er hægt að hefja gróðursetningu í Heiðmörk vegna langvarandi þurrka. Fyrirhugað er að setja niður á annað hundrað þúsund trjáplöntur, en það verk getur ekki hafist fyrr en jörðin hefur fengið góða vætu. Plöntur frá því í fyrra eru í hættu.**



**SKÓGARVÖRÐURINN** Ólafur Erling Ólafsson, skógarvörður í Heiðmörk, við plöntubakkana. Ekki er hægt að setja plönturnar niður vegna þurrka. Um 15 þúsund bíða nú gróðursetningar og eftir helgina bætast svo rúmlega 100 þúsund plöntur við.

**SKÓGRÆKT** Um 15 þúsund skógarplöntur bíða nú rigningar í Heiðmörk, svo hægt verði að setja þær niður, að sögn Ólafs Erlings Ólafssonar skógarvarðar á svæðinu. Eftir helgina koma rúmlega 100 þúsund plöntur til viðbótar. Þá kemur líka fyrsti vinnuhópurinn, 20 manns, á mánudag. Ætlunin var að fara að setja niður plöntur af fullum krafti, en útilokað er að hefja gróðursetningu nú því jarðvegurinn er orðinn svo þurr eftir langvarandi þurrkatíð, að sögn Ólafs.

„Þrír hópar sjá um gróðursetninguna fyrir okkur í sumar, svo og göngustígagerð á svæðinu“ sagði hann. „Það eru veraldarvinir, unglingavinna Landsvirkjunar og Vinnuskóli Reykjavíkur, samtals 160 manns þegar flest verður.

Yfirstandandi þurrkatíð veldur því að það er ekki hægt að hefja gróðursetningu. Ef sett er niður planta, þá þornar hún um leið þótt hún hafi verið rennandi blaut. Jarðvegurinn er orðinn alveg skraufþurr niður á 10-15 sentímetra dýpt. Við verðum bara að vökva plönturnar og láta huga að göngustígagerð meðan tíðin er svona.“

Þær 15 þúsund plöntur sem bíða gróðursetningar nú eru birkiplöntur. Fyrirhugað er að setja einnig niður greni og furu í Heiðmörkinni í sumar.

Ólafur sagði vel merkjanlegt hve slæm áhrif veðráttan hefði haft á gróðurinn í Heiðmörk í vor. Aspirnar væru „gular og ljótar“ og gróðurinn væri almennt mun seinni til heldur en venjulega.

„Í svona þurri norðanátt er lítill hiti í loftinu á daginn og nánast frost á nóttunni,“ sagði Ólafur. „Það sést mikill munur á birkinu niðri við Elliðavatn og uppi í Heiðmörkinni, hvað gróðurinn sem stendur lægra er kominn miklu betur áleiðis. Það gæti farið svo að smáplönturnar sem settar voru niður í Heiðmörkinni í fyrra drepist í svona þurrkum. Við gróðursettum um 115 þúsund plöntur á síðasta ári. Þær virðast sleppa enn sem komið er, en svona veðurfar þola þær ekki til lengdar.“

jss@frettabladid.is




FÍNIR STRÁKAR
FÁ MEIRI ATHYGLI
30% afsláttur
af öllum stutterma herraskyrtum á föstudag, laugardag og sunnudag.
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS DEB 28512 05/2005
Alltaf
DEBENHAMS
SMÁRALIND


4.500 tegundir í 17 vöru-flokkum
42 verk-smiðjur í 5 löndum


Tilbúnir réttir fyrir kröfuharða neytendur
Rúmlega 13.000 starfsmenn
BAKKAVÖR
www.bakkavor.com

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR UMHVERFISRÁÐHERRA

# *Giftir dóttur sína í sumar*

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra fær lítið frí í sumar. Unnið er að mörgum stórum verkefnum í umhverfisráðuneytinu, sérstaklega þeim sem snúa að náttúruvernd, en áformað er að stofna stóran Vatnajökulsþjóðgarð sem nær norður fyrir jökulinn til sjávar. Einnig er unnið að skýrslu vegna Kyoto-bókunarinnar sem skilað verður fyrir áramót og sér Sigríður ekki fram á annað en að Íslendingum takist að standa við sinn hluta samkomulagsins.

„Við erum einnig að fara yfir stefnuna um sjálfbæra þróun," segir Sigríður en hún fjallar um það að landinu sé skilað til afkomenda í ekki verra ástandi en tekið var við því og helst betra. Í haust verður haldið umhverfisþing þar



sem þessi mál verða til umfjöllunar.

Lífið er þó ekki eintóm vinna hjá Sigríði. Síðla í ágúst ætla hún og maður hennar að gifta yngstu dóttur sína og af því tilefni koma eldri dætur þeirra tvær í heimsókn með fjölskyldur sínar frá Noregi og Þýskalandi. Sigríður hlakkar mikið til þess en einnig mun hún reyna að heimsækja móður sína norður á Siglufjörð í sumar. „Eflaust reyni ég að skjótast um helgar í sumarbústaðinn okkar á Snæfellsnesi," segir Sigríður sem verður með annan fótinn á erlendri grund í sumar á ýmsum fundum á vegum umhverfisráðuneytisins.

## SVONA ERUM VIÐ



**UM ÞRJÚ PRÓSENT GRUNNSKÓLANEMENDA HAFA ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU. PÓLSKA ER ALGENGASTA ERLENDA MÓÐURMÁLIÐ Í GRUNNSKÓLUM.**
Heimild: Hagstofan

## SJÓNARHÓLL

**Á R-LISTINN AÐ HALDA ÁFRAM?**



**VALDIMAR HALLDÓRSSON**
**VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR**

### *Komin þreyta í samstarfið*

Mikið er skeggrætt þessa dagana um hvort Reykjavíkurlistinn eigi að bjóða sig fram í borgarstjórnarkosningum á næsta ári, eða hvort flokkarnir sem standa að kosningabandalaginu eigi að bjóða sig fram undir eigin merkjum.

„Þar sem ég bý í Hafnarfirði hef ég ekki sterka skoðun á þessu, en almennt séð er ég á því að flokkarnir eigi að bjóða fram hver fyrir sig," segir Valdimar Halldórsson viðskiptafræðingur. Valdimar finnst vera farið að örla á þreytu í samstarfinu og telur að Reykjavíkurlistinn hafi ekki staðið sig nógu vel í að tryggja framboð á lóðum. „Ég held að það sé líka kominn tími á nýjan meirihluta. Engum er hollt að sitja of lengi við völd og breytingar á meirihlutanum gætu verið kærkomið tækifæri fyrir alla til að stokka upp spilin og endurmeta stöðuna."

Valdimar telur þó að sjálfstæðismenn eigi við ramman reip að draga ætli þeir að komast í meirihluta. „Ég hugsa að þeir verði að gera breytingar á listanum og hver veit nema Gísli Marteinn sé vonarstjarnan sem þeir þurfa á að halda."

Vestfjarðavíkingurinn:

## Aftur til upprunans

Vestfjarðavíkingurinn snýr aftur til upprunans í ár þegar þessi árlega aflraunakeppni verður haldin á sunnanverðum Vestfjörðum, í Barðastrandarsýslu þar sem hún var haldin fyrstu árin. Þar sem sjónvarpað var frá leikunum var ákveðið að hrókera staðsetningum hverju sinni til tilbreytingar.



**GUÐMUNDUR OTRI**

Upphafsmaður keppninnar og skipuleggjandi hennar, Guðmundur Otri Sigurðsson, er fæddur og uppalinn á suðurhluta Vestfjarðakjálkans. Hann fékk hugmyndina að keppninni sem leið til að auka ferðamannastraum á þetta svæði. Það hefur tekist vel að hans sögn enda hafa þættirnir verið sýndir víða um heim. „Það héldu allir að ég væri geðveikur," segir hann um það þegar hann kynnti hugmyndina að Vestfjarðavíkingnum fyrst, en keppnin hefur verið haldin árlega frá árinu 1993.

Magnús Ver Magnússon hefur hreppt titil Vestfjarðavíkingsins síðustu fimm árin. Hann verður einnig með þegar keppnin hefst á Reykhólum 23. júní. Guðmundur vill ekki vera með yfirlýsingar um hvort Magnús verði sigraður í ár en allt geti þó gerst, enda níu aðrir öflugir karlmenn með. - sgi

# Völlurinn skalf í fagnaðarlátunum

**Íslendingar sem voru á vellinum í Istanbúl segjast aldrei hafa upplifað aðra eins stemmningu og þá sem myndaðist þegar Liverpool og AC Milan áttust við í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu.**



**STEMNING Í ISTANBUL** Torfi Jóhannsson skemmti sér konunglega á áhorfendapöllunum í Istanbúl, en tugir Íslendinga fóru til Tyrklands til þess að sjá leikinn.

Íslenskir Liverpool-aðdáendur upplifðu ótrúlega stemmningu á Atatürk-vellinum í Istanbul í fyrrakvöld, þegar úrslitaleikur Meistaradeildar Evrópu fór fram, en þar lagði Liverpool AC Milan eftir vítaspyrnukeppni.

Torfi Jóhannsson, 28 ára gamall Ísfirðingur, sagði erfitt að lýsa því sem fyrir augu bar. „Það var ólýsanleg stemning á vellinum, sérstaklega þegar Xabi Alonso jafnaði leikinn, þá skalf allur völlurinn vegna fagnaðarlátanna. Menn sem þekktust ekkert föðmuðust og hoppuðu eins og brjálæðingar," sagði Torfi, sem var ennþá að ná sér eftir fagnaðarlæti gærkvöldsins.

Ritari Liverpool-klúbbsins á Íslandi, Jón Óli Ólafsson, var einnig á leiknum og sagðist aldrei hafa lent í öðru eins. „Í hálfleik var ég nú ekkert glaður, enda AC Milan 3-0 yfir, en sem betur fer breyttist það nú. Það sem gerðist þegar Dudek varði frá Shevchenko var algjörlega ólýsanlegt," sagði Jón Óli og vitnaði þar til markvörslunnar sem tryggði Liverpool sigurinn.

Tugir Íslendinga voru á leiknum og mátti sjá íslenska fánann á áhorfendapöllunum í gær. Þannig fögnuðu Liverpool-aðdáendur á Players innilega þegar sást glitta í fánann á sjónvarpsskjánum.

Liverpool á sér stóran hóp aðdáenda á Íslandi, en meðlimir í íslenskum aðdáendaklúbbi félagsins eru um 1500 talsins. Hallgrímur Indriðason, varaformaður klúbbsins, segir starfsemi klúbbsins blómlega. „Það eru þrjár stoðir í starfsemi klúbbsins. Við gefum út stórt tímarit, Rauða herinn, fjórum sinnum á ári, síðan höldum við úti vefnum Liverpool.is og skipuleggjum ferðir á Anfield Road fyrir klúbbsmeðlimi yfir keppnistímabilið. Ferðunum á örugglega eftir að fjölga í kjölfar þeirrar ótrúlegu stemmningar sem myndaðist á úrslitaleiknum," sagði Hallgrímur.

magnush@frettabladid.is




Þing- og forsetakosningar í Póllandi í haust:

# Eineggja tvíburar til valda

Í Póllandi fara fram þingkosningar í september og forsetakosningar í október. Og nú þegar bendir allt til að tvíburarnir Jaroslaw og Lech Kaczynski muni sem fulltrúar stjórnmálaflokksins „Réttur og réttlæti" verða meðal sigurvegara beggja kosninga, að því er þýska vikuritið Der Spiegel greinir frá.

Lech, sem er nú borgarstjóri Varsjár, er um þessar mundir sá þeirra sem vitað er að verði í framboði í forsetakosningunum sem langmests fylgis nýtur í skoðanakönnunum.

Bróðir hans, Jaroslaw, hefur sem þingmaður einnig aflað sér mikils persónufylgis, ekki síst með harðri gagnrýni á ráðamenn í Rússlandi sem um þessar mundir er mjög til vinsælda fallið meðal pólskra kjósenda.

Fari svo að þær vinsældir sem bræðurnir njóta nú skili sér í kjörfylgi í haust er vel hugsanlegt að Lech verði forseti en Jaroslaw forsætisráðherra. Út á við kynni það að valda nokkrum ruglingi – tvíburarnir eru eineggja og því nær ógerlegt að þekkja þá í sundur. - aa




**VINSÆLIR BRÆÐUR** Lech Kaczynski, borgarstjóri Varsjár og hugsanlega næsti forseti Póllands, við skyldustörf í borginni. Eineggja tvíburabróðir hans Jaroslaw gæti orðið forsætisráðherra.



allt í helgarmatinn
eigum huggulega helgi
SS lærin klikka aldrei
1.249 kr.kg.
SS Grand orange lambalæri
frábært á grillið
1.226 kr.kg.
Þurrkryddaðar framhryggsneiðar
435gr.
349 kr.stk.
Kristjáns kransalengja
349 kr.kg.
Piri Piri & rauðvíns kjúklingalæri og leggir
799 kr.kg.
Borgarnes Grillpylsur
ferskt og gott
35 kr.
Íslenskar agúrkur
189 kr.stk.
Lambhagasalat
Starbucks kaffi Loksins á Íslandi!
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 20. til 22. maí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

360 gráður

GREINING: FISCHER SLEMBISKÁK

# Sérviska eða endurnýjun skákarinnar?



Bobby Fischer, fyrrverandi heimsmeistari í skák og núverandi Íslendingur, hefur verið ófáanlegur til að setjast að taflborðinu síðan hann vann heimsmeistaratilinn í Laugardalshöllinni 1972. Undantekning frá þessu er þó einvígið sem hann tefldi við Boris Spassky í Júgóslavíu 1992.

Allar tilraunir til að fá Fischer að skákborðinu síðan hafa reynst árangurslausar og hann hefur reyndar lýst því yfir að hann sé hættur að tefla hefðbundna skák; segir hana allt of fyrirsjáanlega og fasta í gömlum viðjum. Hins vegar hefur hann látið í veðri vaka að hann sé tilbúinn að tefla skák með því skilyrði að um svokallaða Fischer-slembiskák verði að ræða. Slembiskák, eða Random Chess eins og hún kallast á ensku, er alls ekki ný hugmynd og Bobby Fischer er fjarri því fyrsti skákmeistarinn sem veltir fyrir sér nýjum afbrigðum af skák. Sjálfur Jose Raúl Capablanca, sem var heimsmeistari á árunum 1921-1927, var með bollaleggingar um að breyta skákinni en varð ekkert ágengt í þeim efnum.

Slembiskák Fischers byggir á gamalli útgáfu af skák þar sem taflmönnunum var raðað upp á annan hátt en venjulega. Heitir sú skák Shuffle Chess á ensku eða Prechess. Fischer endurbætti þetta skákafbrigði og útkoman er Fischer-slembiskák.

Reglur Fischers ganga eftir sem áður út á að taflmönnum á fyrstu reitaröð er raðað með óhefðbundnum hætti en það er þó gert eftir ákveðnum reglum og tölva látin ráða ef því verður við komið. Kóngurinn verður til dæmis að vera einhvers staðar á milli hrókanna og biskuparnir verða áfram að vera á mislitum reitum. Peðin eru áfram á annarri reitatöð. Þegar búið er að ákvarða uppröðun hvítu mannanna skal þeim svörtu raðað upp hinum megin á skákborðinu á sama hátt og þeim hvítu.

Fischer segir að skák af þessu tagi krefjist mun meiri útsjónarsemi og frumleika af hálfu skákmannsins en hefðbundin skák.

Stjórnarskrársáttmáli ESB:

## Tíu ríki hafa samþykkt

**Til að stjórnarskrársáttmáli Evrópusambandsins geti tekið gildi verða öll aðildarríkin 25 að hafa fullgilt hann. Þau sem fullgilt hafa sáttmálann eru:**

- Lettland, með atkvæðagreiðslu á þingi í nóvember 2004
- Ungverjaland, með atkvæðagreiðslu á þingi í desember 2004
- Slóvenía, með atkvæðagreiðslu á þingi í febrúar 2005
- Ítalía, með atkvæðagreiðslu á þingi í apríl
- Grikkland, með atkvæðagreiðslu á þingi í apríl
- Austurríki, með atkvæðagreiðslu á þingi í maí
- Spánn, með þjóðaratkvæðagreiðslu í febrúar, atkvæðagreiðslu í neðri deild þingsins í apríl og í öldungadeild í maí
- Belgía, með atkvæðagreiðslu á þingi í maí, en alls fimm þing héraða og tungumálahópa landsins eiga eftir að afgreiða málið fyrir sitt leyti
- Þýskaland, með atkvæðagreiðslu í neðri deild þings í byrjun maí og í efri deildinni í dag, föstudag.

**Heimild: AP**

# Gefa Frakkar Evrópu spark?

**Hafni Frakkar stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslunni á sunnudag verður það áfall fyrir samrunaþróunina í álfunni. Chirac mun sitja áfram en forsætisráðherrann fær að fjúka.**



FRÉTTASKÝRING
ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLAN Í FRAKKLANDI

**AUÐUNN ARNÓRSSON**
BLAÐAMAÐUR

Jacques Chirac, forseti Frakklands, gerði í sjónvarpsávarpi í gærkvöld lokaáhlaup að því að telja landa sína á að samþykkja stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins er þeir ganga til þjóðaratkvæðis um hann á sunnudaginn. Chirac, sem ákvað að eigin frumkvæði að skjóta málinu í þjóðaratkvæði „í þeim tilgangi að láta ljós sitt sem evrópskur leiðtogi skína skærar“ eins og það er orðað í umfjöllun þýzka tímaritsins Der Spiegel, óttast nú hið versta.

Fyrst eftir að Chirac boðaði atkvæðagreiðsluna mældust fylgjendur sáttmálans meðal franskra kjósenda mun fleiri en andstæðingar, en eftir því sem nær dró festist meirihluti andstæðinganna í sessi í skoðanakönnunum. Og „já“-hreyfingin, með alla ríkisstjórnina og forystu stærstu stjórnmálaflokkanna í broddi fylkingar, tók að örvænta.

Hinir ýmsu leiðtogar ESB lögðust á árar með Chirac að vara Frakka við því að segja „nei“. „Höfnun (sáttmálans) jafngilti sjálfseyðingarhvöt,“ sagði Jean Asselborn, utanríkisráðherra Lúxemborgar, sem gegnir ESB-formennskunni þetta misserið. Og Josep Borrell, spænskur forseti Evrópuþingsins, beindi orðum sínum beint til franskra kjósenda: „Veitið ekki eigin ríkisstjórn ráðningu með því að gefa Evrópusambandinu spark í rassinn.“

Franskt „nei“ við sáttmálaverkinu yrði Evrópusambandinu mikið áfall, en því var ætlað að vera næsti stóri áfangi í hálfrar aldar sögu Evrópusamrunans og yfirumsjón með smíði þess hafði fyrrverandi Frakklandsforseti, Valery Giscard d'Estaing. Höfnun sáttmálans í Frakklandi myndi að minnsta kosti tímabundið hindra að sáttmálinn gæti gengið í gildi. Öll aðildarríkin 25 verða að fullgilda hann til að hann verði að lögum.

Í nýjustu skoðanakönnuninni sögðust 54 prósent aðspurðra myndu greiða atkvæði á móti sáttmálanum en 46 prósent með. En fimmti hver kjósandi hafði enn ekki gert upp hug sinn og það gaf „já“-hreyfingunni veika von um að fylgjendur sáttmálans myndu merja sigur, þvert á spár.




FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HARÐUR ÁRÓÐURSSLAGUR** Kona gengur hjá áróðursveggspjöldum gegn samþykkt stjórnarskrársáttmála ESB í Aix-en-Provence í gær. Áróðursslagurinn með og á móti hefur verið geysiharður og valdið miklum klofningi meðal Frakka.

### Uppstokkun spáð í stjórninni

Sjónvarpsávarpið sem Chirac flutti í gærkvöld var síðasta opinbera framlag hans til baráttunnar fyrir samþykkt sáttmálans. Hann hefur sagt að hann muni ekki segja af sér, jafnvel þótt hans málstaður verði undir í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Í frönskum fjölmiðlum gengur hins vegar fjöllunum hærra sú saga að Jean-Pierre Raffarin, hinn óvinsæli forsætisráðherra ríkisstjórnarinnar, verði látinn fjúka. Dagblaðið Le Figaro leiddi líkur að því að annað hvort innanríkisráðherrann Dominique de Villepin eða varnarmálaráðherrann Michele Aillot-Marie taki stöðu hans.

Einn vinsælasti stjórnmálamaðurinn á hægrivængnum, Nicolas Sarcozy, sem er formaður stjórnarflokksins UMP, er ekki talinn líklegur til að verða eftirmaður Raffarins í bili, enda grunnt á því góða milli hans og Chiracs.

Málið hefur valdið djúpstæðum klofningi í Frakklandi, þvert á flokkspólitískar línur. Flokksforysta bæði íhaldsflokks Chiracs, UMP, og Sósíalistaflokksins hefur barizt fyrir samþykkt sáttmálans, en ófáir áhrifamenn í báðum flokkum hafa lagt „nei“-hreyfingunni lið.

Hvernig sem fer er ljóst að erfitt mun reynast fyrir sósíalista að græða þau sár sem bræðravíg síðustu vikna hafa valdið. Laurent Fabius, fyrrverandi forsætisráðherra, hefur verið leiknasti málsvari sósíalista sem hafna sáttmálanum. Hann varaði í gær andstæðinga sáttmálans til að vera of vissir um að þeir hefðu betur á sunnudaginn. „Það segja allir núna að þetta sé afgreitt mál,“ tjáði Fabius útvarpsstöðinni France-Info, að sögn AP-fréttastofunnar. „Ég trúi því ekki. Skoðanakannanir hafa ekkert að segja, aðeins atkvæðagreiðslan.“

### Öfl lengst til hægri og vinstri hörðust á móti

Margir kjósendur bæði í Frakklandi og í Hollandi, þar sem þjóðaratkvæðagreiðsla verður haldin á miðvikudaginn, hafa margt við sáttmálann að athuga. Vinstrisinnaðir andstæðingar hans halda því fram að hann grafi undan félagslegum réttindum og starfsöryggi og gefi markaðsöflunum lausan tauminn. Hægrisinnaðir andstæðingar hans hafna honum aðallega á þeim forsendum að hann veiki stöðu þjóðríkjanna og færi yfirþjóðlegum stofnunum Evrópusambandsins of mikil völd. Margir Frakkar, hvar í flokki sem þeir standa, tortryggja hið 448 greina plagg vegna þeirrar tilfinningar að stækkun sambandsins í 25 og síðar jafnvel 30 aðildarríki dragi úr vægi Frakklands innan þess og opni fyrir straum ódýrs vinnuafls frá fyrrverandi kommúnistaríkjunum í austri.

Ófáir þeirra sem hyggjast greiða atkvæði gegn sáttmálanum í Frakklandi munu þó gera það ekki sízt til að veita ríkisstjórninni ráðningu, en engin ríkisstjórn í 47 ára sögu Fimmta lýðveldisins hefur notið eins lítillar lýðhylli. Þessar óvinsældir er aðallega að rekja til þess að henni hefur ekki tekizt að koma efnahagslífinu upp úr niðursveiflu síðustu missera, atvinnuleysi er enn yfir tíu prósentustigum, kaupmáttur hefur rýrnað og hagvöxtur staðið í stað.

Valery Giscard d'Estaing, sem stýrði Framtíðarráðstefnunni svonefndu, stjórnlagaþinginu sem eyddi 17 mánuðum í að undirbúa stjórnarskrársáttmálann, lét hafa eftir sér að andstæðingum sáttmálans hefði orðið svo vel ágengt í að hafa áhrif á almenningsálitið í Frakklandi vegna þess að þeir háðu „skilvirka og fláráða baráttu þar sem þeir ræddu allt annað en stjórnarskrána“. Í viðtali á RTL-sjónvarpsstöðinni greip Giscard til orðtaks knattspyrnunnar: „Ég trúi á heilbrigða skynsemi Frakka, svo að ég segi þeim: ekki skora sjálfsmark!“

Birta er komin út




Ingibjörg Sólrún ræðir um lífið og leiðtogahlutverkið

Valdís Gunnars snýr aftur í útvarpið
Púlsinn á tíðarandanum
Súkkulaði allra meina bót
Persónuleikapróf og stjörnuspá
Öflugasta sjónvarpsdagskráin

birta
MEST LESNA TÍMARIT LANDSINS



LOKUM HRINGNUM
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
BJÖRGUNARBÁTAÁTAK 2005

# Hvað ef...?

Sjóbjörgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar hafa á undanförnum árum bjargað fjölda mannslífa úr bráðum sjávarháska. Í mörgum þessara tilfella tókst svo giftusamlega til vegna öflugra og sérútbúinna björgunarbáta félagsins. Þessir björgunarbátar þola veður og sjó einstaklega vel og komast á vettvang þegar hreinasta óráð væri að fara þangað á venjulegum bátum.

Nú eru ellefu slíkir bátar staðsettir víða um land tilbúnir til björgunar um leið og kallið kemur. Enn vantar þrjá báta upp á að allir sjófarendur við Íslandsstrendur njóti fyllsta öryggis.

Gerðu okkur kleift að loka hringnum og kaupa þá þrjá báta sem upp á vantar.

**Ef út af bregður verða allir sjómenn að geta reitt sig á það öruggasta!**




Taktu þátt í þessu átaki með því að greiða heimsendan gíróseðil í banka eða heimabanka.
Þú getur einnig hringt í **905 5900**
og færast þá sjálfkrafa 2.000 krónur á næsta símareikning.

Slysavarnafélagið Landsbjörg þakkar eftirtöldum aðilum stuðning við átakið:

SJÓVÁ SAMSKIP Esso

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
www.landsbjorg.is


-hún er komin aftur!
1500W
Panasonic
3699 KR.
BORÐGRILL MEÐ SKÚFFU FYRIR FITUNA
Líka fínt fyrir samlokurnar
2999 KR.
99 KR. 5 bakkar
5 GRILLBAKKAR
Allt klárt
ÍSLENSKT SJÁVARFANG
ÍSL. SJÁVARFANG FROSINN LAX
699 kg KR.
BITAR BEIN- OG ROÐLAUSIR
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 999kr.
FROSINN LAX ÍSLENSKT SJÁVARFANG
Laxabitar
ROÐLAUSIR OG BEINLAUSIR
Vanillu ís
Súkkulaði ís
2 LÍTRAR
198 KR.
Danskt kaffi millibrennt
159 500g poki KR.
Guld Kaffe
BEZT BRAUÐSKINKA
699 kg KR.
Merkt verð 998kr.
30% afsláttur við kassann
Kornbrauð
BÓNUS
Kílóbrauð
KÍLÓBRAUÐ
99 kg KR.
SKÚFFUKAKA
199 KR.
BÓNUS SKÚFFUKAKA
SÉRVÖRU VERSLANIR
24 golfboltar MEÐ REYNSLU!
1299 KR.
VATNSBYSSUR
VERÐ FRÁ 99 KR.
10 drykkir í kassa
259 KR.
Capri-Sonne
Töskutilboð ársins!
5 TÖSKUR KLÁRAR Í LEIFSSTÖÐ
5 TÖSKU FERÐASETT
5999 KR.
EKKERT BRUÐL
SÉRVÖRU VERSLANIR
Leonardo
Álstell, diskabremsur að framan og aftan, dempari í gaffli og stelli, Shimano gírar.
EKKERT BRUÐL
Ótrúlegt verð
21 gír
SÉRVÖRU VERSLANIR
26" FJALLAHJÓL
22900 KR.
24" FJALLAHJÓL
19900 KR.
Fjallahjól 24" og 26"



fyrir helgina!
*Hunangsmarineraðar grísakótelettur
*Koníakslegnar grísakótelettur
*Koníaksleginn úrbeinaður grísahnakki
*Grísalærisvöðvi tómatur/basil
*Koníaks grillsneiðar
KONÍAKS GRÍSAGRILLSNEIÐAR
699 kg KR.
Merkt verð 998kr.
30% afsláttur við kassann
Grísalærisvöðvi, marineraður
1273 kg KR.
Merkt verð 1549kr.
25% afsláttur við kassann
Grísakótelettur marineraður
1273 kg KR.
Merkt verð 1549kr.
25% afsláttur við kassann
Koníaks svínahnakkasneiðar úrbeinaðar
1162 kg KR.
Merkt verð 1549kr.
25% afsláttur við kassann
KONÍAKSLEGNAR GRÍSAKÓTELETTUR
1162 kg KR.
Merkt verð 1549kr.
25% afsláttur við kassann
GOÐA PYLSUPAKKI (10 STK.)
279 KR.
Merkt verð 428kr.
35% afsláttur við kassann
95 350g KR.
139 270 ml KR.
Bónus býður betur!
BEINLAUS PESTOKRYDDUÐ
Lambasteik
BEINLAUS VILLIBRÁÐARKRYDDUÐ
Lambalæri
VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ
Villibráðarkryddað læri
899 kg KR.
ALLTAF GOTT
PESTOKRYDDUÐ/VILLIKRYDDUÐ
1099 KR.
BEINLAUS LAMBASTEIK
2 naan brauð
159 260g KR.
EKKERT BRUÐL
Ferskt og frábært...
129 100g poki KR.
159 100g poki KR.
KLETTASALAT * SALATBLANDA * SMÁSPÍNAT
Skynsemin velur Bónus
Tilboðin gilda til sunnudags 29. maí eða meðan birgðir endast

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Umhverfisspjöll við Nauthólsvík eru ekki þýðingarminni en álver á Reykjanesi.

## Ósamkvæmni Vinstri-grænna

Forystumenn Vinstri grænna í borgarstjórn Reykjavíkur hafa lýst andstöðu við hugmyndir um að Orkuveitan selji raforku til álvers sem rætt er um að byggja í Helguvík á Reykjanesi. Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, lætur sér þetta greinilega í léttu rúmi liggja enda má hann vita að alltaf er hægt að mynda nýjan meirihluta í borgarstjórn ef Vinstri-grænir verða til vandræða.

Afstaða Vinstri-grænna er að ýmsu leyti einkennileg. Það er ekki verið að ræða um að reisa álver í Reykjavík. Eiga borgaryfirvöld hér að ráða því hvaða atvinnufyrirtæki eru reist í öðrum sveitarfélögum? Eiga þau að setja það sem skilyrði fyrir orkusölu að kaupandinn sé „umhverfisvænn“? Er það ekki heldur mikil forsjárhyggja og afskiptasemi af lögmætum ákvörðunum í öðrum sveitarfélögum?

*Sjálfsagt er að ræða á opinberum vettvangi um álver og stóriðju og eðlilegt að um slík efni séu skiptar skoðanir. En þegar til lengri tíma er litið er hætt við að menn muni fremur minnast Vinstri-grænna vegna umhverfisspellvirkjanna í Nauthólsvíkinni, gangi þau fram, heldur en deilnanna um orkusölu til álvers í Helguvík.*

Í þessu máli skírskota Vinstri-grænir til þess að þeir séu umhverfisverndarflokkur. Andstaðan við orkusölu til álvers sé á þeim grunni byggð. Hún sé reist á hugsjónum og varðstöðu um málefnagrundvöll flokksins. En þá er eðlilegt að krafist sé samkvæmni í málflutningi og vinnubrögðum. Vinstri-grænir koma því miður ekki vel út úr slíku prófi. Ekki yfirgáfu þeir kjötkatla Ráðhússins vegna Kárahnjúkavirkjunar. Og nú þegar R-listinn er að undirbúa stórfelld umhverfisspjöll í nágrenni Öskjuhlíðar og Nauthólsvíkur blæs fulltrúi þeirra, sem er formaður umhverfisráðs Reykjavíkur, á alla gagnrýni, hafnar því að fyrirhugaðar framkvæmdir vegna Háskólans í Reykjavík fari í umhverfismat og smíðar sér furðulegar röksemdir til að hnekkja því að háskólalóðin skaði eitt vinsælasta útivistarsvæði borgarbúa.

Flokkur sem er ekki sjálfum sér samkvæmur er ekki trúverðugur. Ástæðan fyrir því að Alfreð Þorsteinsson kímir þegar fulltrúar Vinstri-grænna eru með ólund er ekki bara sú að hann getur reitt sig á stuðning Sjálfstæðisflokksins á úrslitastundu heldur þykist hann líklega vita að á endanum eru umhverfisverndarmál ekki nógu stór og þýðingarmikil til að Vinstri-grænir láti meirihlutasamstarfið í borgarstjórn lönd og leið fái þeir sínu ekki framgengt. Alfreð þekkir sína samstarfsmenn. Þess vegna hefur hann fyrirskipað að undirbúningur orkusölunnar skuli settur í fullan gang.

Sjálfsagt er að ræða á opinberum vettvangi um álver og stóriðju og eðlilegt að um slík efni séu skiptar skoðanir. En þegar til lengri tíma er litið er hætt við að menn muni fremur minnast Vinstri-grænna vegna umhverfisspellvirkjanna í Nauthólsvíkinni, gangi þau fram, heldur en deilnanna um orkusölu til álvers í Helguvík. Í stað friðsæls útivistarsvæðis og sérstæðrar náttúru og fuglalífs munum við sjá steinsteypublokkir, malbikaðar flatir og þúsundir ökutækja spúandi olíu og bensíni. Þá verður sagt: Þetta var nú árangurinn af stjórnartíð Vinstri-grænna í Reykjavík. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Merkel kanzlaraefni**
Eftir að ljóst varð að þingkosningar í Þýzkalandi myndu fara fram strax í haust, ári áður en kjörtímabilinu lýkur, er orðið mjög líklegt að í mesta þungavigtarríki Evrópu verði kona næsti ríkisstjórnarleiðtogi. Nær öruggt er að Angela Merkel, formaður kristilegra demókrata og leiðtogi stjórnarandstöðunnar á þýzka þinginu, verði kanzlarefni flokksins. Og þar sem mjög ólíklegt er að hin „rauð-græna“ ríkisstjórn Gerhards Schröder verði endurkjörin blasir við að Merkel myndi næstu ríkisstjórn í Berlín.



**Konur leiðtogar?**
Eftir sigur Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur í formannskjörinu í Samfylkingunni liggur fyrir að hún verði forsætisráðherraefni flokksins í næstu alþingiskosningum, sem að óbreyttu fara fram vorið 2007. Sigri hún í þeim munu stærsta og minnsta germanska þjóðin í álfunni lúta stjórn sem kona fer fyrir. Miðstærðarþjóðin Svíar var að vísu undir það búin að fá konu sem forsætisráðherra eftir næstu kosningar, en úr því vonarstjarnan Anna Lindh var myrt verður lengri bið á því.

**Enginn kvenleiðtogi ríkisstjórna**
Engin kona stýrir ríkisstjórn í Evrópu eins og er. „Járnfrúin“ Margaret Thatcher og norski skörungurinn Gro Harlem Brundtland eru að sjálfsögðu ógleymdar. En eins og sakir standa er Nýja-Sjáland eina OECD-ríkið þar sem kona stýrir ríkisstjórn, Helen Clark. Þó eru konur kjörnir þjóðhöfðingjar í nokkrum Evrópulöndum – Tarja Halonen í Finnlandi, Mary McAleese á Írlandi og Vaira Vike-Freiberga í Lettlandi. Á Filippseyjum er Gloria Arroyo bæði þjóðhöfðingi og ríkisstjórnarleiðtogi, Chandrika Bandaranaike Kumaratunga er forseti á Srí Lanka (og var áður forsætisráðherra) og í Bangladess hefur Khaleda Zia stýrt ríkisstjórn síðan haustið 2001. En þar með eru líka upptalin þau lönd heimsins þar sem konur eru í forystu fyrir ríkisvaldinu.



audunn@frettabladid.is

## Ríkisvæðing stjórnmálanna

Í DAG
RÍKISVÆÐING



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Mjög mikill þrýstingur er á stjórnmálamenn að ríkisvæða stjórnmálin. Krafan um aukna ríkisstyrki til handa stjórnmálaflokkum er hávær og fyrir tveimur árum tók Alþingi þá ákvörðun að greiða formönnum stjórnmálaflokka sérstakt álag á þingfararkaupið sitt. Frá árinu 2000 hafa ríkisframlög til stjórnmálaflokka hækkað um rúmlega sextíu prósent. Í ár nema framlög skattgreiðenda til flokkanna rúmum 300 milljónum króna. Það er vel yfir milljarður króna á einu kjörtímabili, hækki upphæðin ekki á þeim tíma. Jafngildir það nítján milljónum á hvern þingmann eða fimm milljónum króna á ári. Að auki fá flokkarnir ríflegar greiðslur til að mæta kostnaði vegna ráðgjafar sérfræðinga við þingstörf sín.

Formenn stjórnmálaflokkanna taka sjálfir ákvörðun um ríkisstyrkina ár hvert. Ólíklegt er að þeir sem nú sitja á þingi leggi til að framlögin lækki. Það hefur alltaf verið þægilegt að senda reikning fyrir útgjöldum til skattgreiðenda. Þetta er varhugaverð þróun sem við verðum að vera vakandi fyrir.

Í byrjun síðasta árs hækkaði þingfararkaup formanna stjórnmálaflokkanna um 220 þúsund krónur á mánuði. Almenningur á Íslandi á ekki að greiða formönnum stjórnmálaflokka sérstök laun fyrir að gegna því embætti. Það á að vera á ábyrgð þeirra sem kjósa viðkomandi einstakling til forystu í sínum flokki. Formaðurinn vinnur í þeirra umboði, talar í þeirra nafni og vinnur sameiginlegum hugmyndum þeirra fylgi. Aðrir bera ekki ábyrgð á því.

Það eru því haldlítil rök fyrir því að hækka laun formanna stjórnmálaflokka, sem ekki eru ráðherrar, eins og fram kom í umdeildu eftirlaunafrumvarpi á sínum tíma. Ekki er nóg með að þeir tali fyrir skoðunum, sem eru mörgum á móti skapi, heldur gegna þeir engu öðru hlutverki í umboði kjósenda en að sinna starfi sínu sem alþingismenn. Því ættu skattgreiðendur þá að greiða þeim hærri laun?

*Ríkisframlög til stjórnmálaflokka neyða alla til að styðja við bakið á hugmyndum sem þeim þóknast ekki. Það getur ekki talist siðferðilega rétt í frjálsu þjóðfélagi. Auk þess er mikilvægt að drifkraftur stjórnmálanna byggist á frjálsu framlagi einstaklinga, hvort sem er í formi vinnu fyrir stjórnmálaöfl eða með fjármagni. Ekki má beita ríkisstyrkjum til að koma ákveðnum skoðunum á framfæri.*

Sífellt er verið að gera sjálfa stjórnmálamennina samdauna því kerfi sem þeir vinna við að bæta og breyta. Kerfisbreytingar miða oft að því að auðvelda þeim að starfa sem alþingismenn allan sinn starfsferil. Vilji til að breyta ríkulegum eftirlaunum þingmanna er dæmi um það. Það gleymist hins vegar að þingmenn velja sjálfir starfsvettvanginn og kannski ekki æskilegt að þeir dvelji þar til starfsloka. Nær væri að sníða kerfið þannig að hver og einn þingmaður stoppi stutt við á Alþingi. Þannig aukast líkurnar á að hann vinni í þágu almannahagsmuna en ekki sérhagsmuna.

Allt er þetta tilraun til að ríkisvæða stjórnmálin. Um það virðist vera þegjandi samkomulag á Alþingi. Í leiðara Morgunblaðsins 13. maí síðastliðinn segir að ekki megi gleyma því að stjórnmálaflokkar séu grundvallarstofnanir í lýðræðiskerfi okkar og því beri að styrkja þá og efla sem slíka. En þetta er ekki lýðræðislegra kerfi en svo að það mismunar fólki sem ekki á sæti á Alþingi Íslendinga. Þeir sitja ekki við sama borð og fá ekki peninga skattgreiðenda til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eins og flokkar sem fyrir eru. Er einhver sanngirni í því? Er það lýðræðislegt?

Ríkisframlög til stjórnmálaflokka neyða alla til að styðja við bakið á hugmyndum sem þeim þóknast ekki. Það getur ekki talist siðferðilega rétt í frjálsu þjóðfélagi. Auk þess er mikilvægt að drifkraftur stjórnmálanna byggist á frjálsu framlagi einstaklinga, hvort sem er í formi vinnu fyrir stjórnmálaöfl eða með fjármagni. Fyrirtæki eru í eigu einstaklinga og þess vegna má ekki banna þeim að styrkja stjórnmálaflokka. Þetta tryggir best að þau sjónarmið sem uppi eru í þjóðfélaginu og mest sátt er um nái fram að ganga. Ekki má beita ríkisstyrkjum til að koma ákveðnum skoðunum á framfæri.

Við verðum að berjast gegn því að stjórnmálamenn ríkisvæði stjórnmálin. ■



Austurver
Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24
JL-húsið
Mán.-fös. kl. 9–21
Helgar 10–21
Kringlan 1. hæð
Mán.-mið. kl. 10–18:30,
fim. 10–21, fös. 10–19,
lau. 10–18, sun. 13–17
Opið lengur
Lyf & heilsa




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Félagsþjónusta R-listans

**UMRÆÐAN**
MISRÉTTIÐ OG R-LISTINN



**ALBERT JENSEN**
TRÉSMIÐUR

Einn af forsetum Alþingis krafði á sínum tíma þjóðina um mikla hækkun launa fyrir þingstörf. Hann taldi að þá fengist hæfara fólk. Það fékkst í gegn og dæmi hver fyrir sig hvernig til tókst. En var tillögu forsetans ætlað að ganga í gegnum allt samfélagið? Aldeilis ekki og virðist þingheimur láta sér á sama standa um mikinn launamun á alþýðu og aðli. Það er því ástæðulaus kostnaður að hækka kaup þeirra sem annast þá er minnst mega sín. Gagnvart slíku fólki þarf greinilega ekki að bæta þjónustuna. Betra að stofna til nýrrar láglaunastéttar til höfuðs sjúkraliðum og skjólstæðingum þeirra, eins og verið er að gera. Með öðrum orðum, þetta fólk hefur ekki kraft til að mótmæla og á ekki betra skilið. Þannig er það og ekkert við því að gera. Eftir þessu að dæma er þingmeirihluti fyrir því að viðhalda misrétti og auka ef hægt er. Þarna virðist R-listinn hafa séð sér leik á borði. Félagsþjónustan varð aðalskotmarkið, enda þrýstihópar víðsfjarri. Þar er gamalt fólk, sjúkt og lamað og ekki hvað síst, lægst launaðasta kvennastéttin. Síðasti borgarstjóri R-listans, og sá sem vonandi verður sá síðasti, stórhækkaði gjöld með ferðaþjónustu fatlaðra um leið og keyptir voru verri og ódýrari bílar. Versta tilræðið við fatlaða, sem á ölmusugreiðslum reyna af veikum mætti að búa heima, var sérlega ógeðfelld og óviðunandi stórhækkun þjónustugjalda. Gjöld þessi eiga engan rétt á sér og stuðla með öðrum lögvernduðum fjárdrætti að einangrun og sárri fátækt. Ekki má gleyma sköttunum sem eru enn stærri hluti. Vegna okurs á óniðurgreiddum meðulum hefur fólk með sérþarfir á öllum aldri varla efni á klósettferðum. Ekkert er spáð í að samræma gjöld og greiðslur til þessa fólks. Kona nokkur sagði að ekki skipti lengur máli hvaða flokkur væri kosinn, þeir væru allir eins. Það má til sanns vegar færa, en fagurgalinn er þó varasamastur. Óvænt bros og loforð foringja tækifærissinnaðasta og eins fámennasta stjórnmálaflokksins rétt fyrir kosningar fleytti honum í stól forsætisráðherra. Það gerðist þvert á úrslit kosninga. Þjóðin veit að Sjálfstæðisflokkurinn telur hæfilegt misrétti, atvinnuleysi og fátækt viðunandi. Hann hefur ranghugmyndir um heilbrigt og manneskjulegt samfélag. Hann leggur meira upp úr auði fyrirtækja og einstaklinga en auðlegð þjóðarsálar og umhyggjusams þjóðfélags. Þetta veit fólk, því flokkurinn hreykir sér af því. Öndvert slíkum boðskap lofaði hrærigrautur ólíkra flokka undir nafninu R-listi borgarbúum jafnrétti og hugulsemi gagnvart sjúkum, öldnum, öryrkjum og umönnunarfólki. Með Framsóknarflokkinn innanborðs var slíkt óhugsandi. Það sem hefur verið að gerast í félags- og heilbrigðismálum undir langvarandi stjórn hans er ekki uppörvandi. Andlit R-listans út á við var því ekki hið rétta. Þetta með Sjálfstæðisflokkinn, en ómarktækur munur er á stefnu hans og Framsóknar, er að heiðarlegur óvinur er betri en falskur vinur. Samfylkingin verður að bjóða sér fram að vori og hætta að halda lífinu í Framsóknarflokknum. Þetta á líka við um hina flokkana. ■

**AF NETINU**

### Davíð eina vonin

Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að reyna allar leiðir [til að endurheimta meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur] án árangurs, allt frá því að skipta um borgarstjóra fyrir kosningarnar 1994, þegar stefndi í ósigur, til þess að kalla einn af ráðherrum flokksins til þess að leiða listann fyrir síðustu kosningar, árið 2002. Nú eru þeir í þeim sporum að enginn af borgarfulltrúum þeirra er líklegur til þess að fella núverandi meirihluta. Frjálslyndir eru sprækir undir forystu Ólafs F. Magnússonar og líklegir til þess að fá mann kjörinn á nýjan leik og meðan svo er eiga sjálfstæðismenn engan möguleika á sigri gegn Reykjavíkurlistanum. Eini maðurinn sem gæti snúið taflinu við er Davíð Oddsson. Ég sé engan annan sigurmöguleika fyrir Sjálfstæðisflokkinn að óbreyttu samstarfi meirihlutaflokkanna. Svo það er spurningin hvort formaður Sjálfstæðisflokksins snýr aftur til upphafsins með það í huga að ljúka stjórnmálaferlinum þar sem hann hófst.

Kristinn H. Gunnarsson á kristinn.is

### Félagslegur markaður

Hægrimenn líkja markaðinum oft við frumskóg og segja að þar ríki lögmálið um að hinir hæfustu lifi af. Einstaklingshyggjumenn eins og hagfræðingurinn Ludwig von Mises eru ósammála og segja markaðinn vera félagslegs eðlis og að hann einkennist miklu frekar af samvinnu. Hinn frjálsi markaður myndaðist vegna samvinnu fólks þegar það uppgötvaði að það framleiðir meira með því að skipta með sér verkum og að það þarf síðan að skipta framleiðslu sinni í vörur sem það óskar eftir. Fljótlega var farið að nota gjaldmiðla, eins og gull, til að auðvelda vöruskipti. Hugmyndir um vöruskipti, markað og gjaldmiðla samræmast hugmyndum félagshyggjufólks í alla staði.

Lúðvík Júlíusson á politik.is

### Ráðhúsklíkan

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, er meiri húmoristi en margir hafa talið. Þetta með klíkurnar, það að hlutverk Samfylkingarinnar og hennar sérstaklega sé að ráðast gegn klíkunum í íslenskum stjórnmálum, það var aldeilis bráðfyndið. Alveg er ég viss um að Ráðhúsklíkan hennar Ingibjargar Sólrúnar fann ekki upp þennan brandara, hann hefur orðið til hjá sjálfri drottningu Ráðhúsklíkunnar.

Björn Ingi Hrafnsson á bjorningi.is

### Einkavæðing Símans

Það ætlar ekki að ganga átakalaust fyrir ríkisstjórnina að þrengja eignarhaldið á Símanum; koma honum úr almennri eign þjóðarinnar og í hendur á hluthöfum á markaði. Pólitískir skraddarar ríkisstjórnarinnar í hinni margrómuðu einkavæðingarnefnd – sitja nú við að sauma mynstrið sem nota á við söluna. Þetta virðist ætla að verða bútasaumur því ekki er annað að sjá en eitt mynstur taki við af öðru. Fyrst var látið í veðri vaka að í einu og öllu yrði farið að ráðleggingum ráðgjafafyrirtækisins Morgan Stanley um söluaðferðirnar. Síðar kom í ljós að það reyndist ekki rétt – í besta falli hálfsannleikur. Síðan var okkur sagt að enginn fengi að bjóða ef hann tengdist samkeppnisaðilum Símans. Í samræmi við þetta var frá því skýrt að Kögun hf. hefði verið hafnað sem hugsanlegum bjóðanda, vegna slíkra eignatengsla. En viti menn, í frétt sem birtist í Morgunblaðinu í dag er svo að skilja að þetta hafi ekki átt við um alla því nú er okkur sagt að fyrri bjóðendur muni eiga þess kost að breyta eigin skipulagi hafi þeir ekki staðist skilyrðin. Það á með öðrum orðum að breyta reglunum eftir á fyrir þá.

Ögmundur Jónasson á ogmundur.is



# Er rétt að þvinga fram umgengni?

UMRÆÐAN
FORSJÁRMÁL



HELGI ÁSS GRÉTARSSON
LAGANEMI

Fram að 18 ára aldri fara foreldrar að jafnaði með forsjá hvers einstaklings og ráða því mjög miklu um hagi barnsins. Misjafnt er hvernig forsjá er háttað, stundum hefur móðir ein forsjá, yfirleitt er hún sameiginleg og einstöku sinnum hefur faðir forsjána. Þegar aðstaðan er sú að foreldrar búa ekki saman þarf að ákvarða hvar barn skal búa að jafnaði. Þetta þýðir að það foreldri sem barn býr ekki að jafnaði hjá öðlast rétt og skyldu til að umgangast barnið sitt, óháð því hvernig forsjá er annars háttað. Almennt er talið að það sé mikilvægt fyrir þroska barns að kynnast báðum foreldrum. Í undantekningartilvikum getur það hins vegar verið andstætt þörfum og högum barnsins. Um þetta er oft deilt í umgengnismálum en sýslumannsembættin og dómsmálaráðuneytið hafa þau aðallega á sinni könnu. Við skoðun á þeim málum sem þessi embætti hafa þurft að glíma við er ljóst að þau eru oft óskemmtileg. Sárindi og illdeilur foreldra í garð hvors annars bitna á þeim sem síst skyldi; börnunum. Þannig hefur það komið fyrir að foreldri, venjulega faðir, hefur ekki séð barnið sitt í mörg ár. Hvernig stendur á þessu? Við hvaða aðstæður getur það verið réttlætanlegt að útiloka annað foreldrið úr lífi barnsins? Hvert á hlutverk ríkisins að vera í þessum málum? Að einhverju marki er reynt að svara spurningum af þessum toga í nýlegri lokaskýrslu forsjárnefndar sem dómsmálaráðherra skipaði árið 1997. Það er kannski dæmigert fyrir hraða stjórnsýslunnar í þessum málum að það tók nefndina samtals átta ár að taka saman þetta 32 blaðsíðna kver. Skýrslan er um sumt prýðileg og geta allir verið sammála um að meginreglan við skilnað skuli vera sú að foreldrar hafi sameiginlega forsjá. Hins vegar þegar kemur að umgengnismálum fatast skýrsluhöfundum flugið. Það er t.d. klifað á því að umgengnistálmun sé óásættanleg og að við því skuli bregðast með því að frysta meðlagsgreiðslur til rétthafa og fella niður barnabætur. Hugmyndin er sem sagt að auka við þvingunarúrræðin í málaflokknum en hvergi í skýrslunni er það þó skilgreint hvað sé umgengnistálmun. Mikilvægt hefði verið að taka þetta skýrlega fram ef tengja á við það mörg réttaráhrif. Reyndin er nefnilega sú að samkvæmt gildandi lögum getur það orkað tvímælis hvenær foreldri tálmar umgengni. Einnig verður að gæta varúðar að bæta við nýjum þvingunarúrræðum í jafn viðkvæmum málum og þessum. Ólíklegt er að það sé best fyrir börnin. Aukin harka af hálfu ríkisins gæti sett deilur foreldra í enn harðari hnút en áður. Að mínu mati er það lykilatriði að einfalda málsmeðferðina, stytta kærufresti, að rannsókn mála sé ekki tvístrað milli tveggja eða fleiri opinberra embætta og að stjórnvöld leggi sig í framkróka við að foreldrar talist við og nái sátt um barnið. Í yfirgnæfandi meirihluta tilvika myndi það verða barninu fyrir bestu. ■

ALLT Á GRILLIÐ!!

Grillspjót-Grillspjót-Grillspjót

Smjörkrydduð lúðusteik....................1.690,-
Hlýrasteik með hvítlauk og piparblöndu
......................................................... 1.290,-
Túnfisksteik fersk og flott............. 1.990,-
Blálanga picante.............................. 1.290,-

Risarækjurnar vinsælu með skel

HUMAR eigum allar stærðir.

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

# Friðartækifæri í Darfur

UMRÆÐAN
DARFUR Í SÚDAN





KOFI A. ANNAN
ALPHA OUMAR KONARE

Þótt enginn viti nákvæmlega hve margir hafa látist í átökunum í Darfur í vesturhluta Súdans er vitað að 2,6 milljónir eiga um sárt að binda og þurfa nauðsynlega aðstoð.

Þorp hafa verið brennd, uppskera eyðilögð, karlar myrtir, konum nauðgað og börn numin á brott.

1,9 milljónir manna hafa hrakist frá heimilum sínum innan landamæra Súdans. Aðrir eru enn á heimaslóðum en eru hindraðir í að yrkja jarðir sínar og missa því lífsviðurværi sitt. Ef matarsendingar berast ekki innan skamms mun þetta folk flosna upp og leita í flóttamannabúðir sem nú þegar eru troðfullar.

Um skeið voru glæpir gegn almenningi í Darfur ekki á forsíðum blaða. En nú hafa glæpirnir verið forsíðuefni í heilt ár. Það er ekki aðeins við Súdan að sakast heldur allan heiminn, að það þurfti umfangsmikla fjölmiðlaumfjöllun til að gripið yrði til aðgerða. Enn þann dag í dag fá þeir sem eru að reyna að leysa kreppuna í Darfur ekki þann stuðning sem þeir þurfa.

Samtök okkar beggja hafa tekið höndum saman til að hindra frekari þjáningar. Sameinuðu Þjóðirnar eru í fararbroddi í að koma fórnarlömbum til hjálpar og binda enda á að viðbjóðslegir glæpir séu framdir refsingarlaust. Afríkusambandið hefur tekið forystuna í að tryggja öryggi íbúanna og í að reyna að blása nýju lífi í samningaviðræður sem eru forsenda varanlegs friðar. Þær eiga að hefjast tíunda júní í Abuja í Nígeríu.

Undanfarna mánuði hefur komist á jafnvægi og spurst hefur um færri meiri háttar glæpi en áður. Umfangsmikil neyðaraðstoð á vegum Sameinuðu Þjóðanna er á leiðinni en tíu þúsund hjálparstarfsmenn (aðallega Súdanbúar) munu sjá 1,8 milljónum manna fyrir mat, vatni, húsaskjóli og öðrum lífsnauðsynjum. Á þeim svæðum þar sem þeirra nýtur við hafa hermenn Afríkusambandsins drýgt hetjudáðir og hreinlega skipt sköpum. Íbúarnir eru ekki jafn berskjaldaðir og áður fyrir ránárásum, margir hafa snúið heim í þorpin sín og dregið hefur úr árásum.

Ástandið er því án efa betra á sumum svæðum en fyrir ári síðan en aðgangur er takmarkaður. Árásir á hjálparstarfsmenn færast í aukana og öóryggi er óviðunandi. Hundruð þúsunda stríðshrjáðra fá enn ekki nauðsynlega hjálp og sveitir Afríkusambandsins eru of fáliðaðar til að geta beitt sér á öllu þessu stóra landsvæði. Hjálparstarfsmenn þurfa oft að sæta harðræði af hálfu héraðshöfðingja, á þá hefur verið ráðist, þeim rænt eða hótað með ofbeldi. Starfsfólk óháðra hjálparsamtaka hefur átt í vaxandi erfiðleikum með að fá vegabréfsáritanir. Flutningabifreiðum hefur verið rænt, oft af uppreisnarmönnum. Fyrr í þessum mánuði voru tveir bifreiðastjórar Matvælastofnunarinnar myrtir í tveimur árásum. Af þessum sökum berst aðstoð oft ekki þeim sem mest þurfa á henni að halda.

Enn skortir á viðbrögð alþjóðasamfélagsins með alvarlegum afleiðingum: enn vantar 350 milljóna dala neyðaraðstoð (um 23 milljarða króna) til að þrjár milljónir manna lifi út árið og fleiri hermenn, lögreglumenn, flugvélar og fleiri flutningatæki, þjálfun og birgðir þarf til að Afríkusambandið geti verndað íbúa stórs hluta Darfur.

Í mörgum auðugustu ríkjum heims hafa verið háværar raddir jafnt í fjölmiðlum sem af hálfu almennings um að grípa verði í taumana og stöðva ofbeldisverkin í Darfur. Við höfum í sameiningu kallað saman ráðstefnu ríkja sem veita aðstoð í Addis Ababa. Með því fær heimurinn tækifæri til þess að fylkja liði með þeim Afríkubúum sem eru á staðnum og vilja skakka leikinn og veita þeim raunhæfa aðstoð. Á þessari ráðstefnu verður haldið áfram starfi ráðstefnu sem haldin var í Osló í síðasta mánuði en þar voru gefin fyrirheit um 4.5 milljarða dala aðstoð (nærri 300 milljarðar íslenskra króna) við Súdan, aðallega til að styrkja friðarsamninga sem loks náðust á milli norðurs og suðurs eftir tuttugu og eins árs borgarastríð.

Raunar er það svo að Darfur verður einungis komið til bjargar ef friður ríkir í öðrum hlutum Súdan og nýja þjóðarsáttarstjórnin, sem tekur við völdum í júlí, beinir Súdan inn á braut þar sem öllum þegnum er gert jafn hátt undir höfði. Af þessum sökum mun tíu þúsund manna friðargæsluliðið sem Sameinuðu þjóðirnar senda nú til suðurhéraðanna stuðla að friði í öllu landinu, þar á meðal Darfur.

Samt er aðgerða þörf í Darfur á þrennum vígstöðvum: Fjármagna verður mannúðaraðstoð að fullu og tryggja öruggan aðgang hjálparstarfsmanna, jafnt þeirra sem vinna hjá alþjóðlegum stofnunum og þeirra sem vinna hjá frjálsum félagasamtökum.

Fjölga verður í sveitum Afríkusambandsins án tafar og auka skipulags- og fjárhagsaðstoð til þess að þær geti tryggt öryggi um allt Darfur-hérað, þannig að íbúar geti snúið aftur til síns heima og hafið að yrkja land sitt að nýju. Afríkuríki sem lofað hafa hersveitum verða að standa við heit sín nú þegar og veitendur aðstoðar að útvega flutningatæki til að koma henni á staðinn. Bæði ríkisstjórn og uppreisnarmönnum ber að hafa fulla stjórn bæði á hersveitum sínum og hliðhollum vígasveitum og tryggja að allir virði vopnahlé og mannúðarlög. Deilendur verða svo að komast að pólitísku samkomulagi með traustum tryggingum fyrir varanlegum friði. Afríkusambandið og alþjóðasamfélagið í heild bæði geta og verða að koma til hjálpar. En um síðir munu eingöngu Súdanbúar sjálfir geta tryggt að friður ríki.

*Höfundar eru annars vegar framkvæmdastjóri Sameinuðu Þjóðanna og hins vegar talsmaður Afríkusambandsins.*

# Þjóðin vill bætt kjör eldri borgara

UMRÆÐAN
KJÖR ALDRAÐRA



HELGI SELJAN

*Verður er verkamaður launanna var eitt sinn réttilega sagt, ætti það ekki einnig að gilda um eftirlaun þeirra sem stóðu svo vel sína lífsvakt með sönnum sóma?*

Málefni eldri borgara hafa allmikið í umræðunni verið að undanförnu og er það vel. Eins og hjá öðrum þjóðfélagsþegnum skipta kjör sem og aðstæður aðrar eðlilega höfuðmáli. Eins og hjá öðrum hópum samfélagsins er umtalsverður kjaramunur hjá eldri borgurum og því er það að vonum að samtök eldri borgara hafi beitt sér fyrir úrbótum á kjörum þeirra er lakasta hafa afkomuna. Því miður er þar um allstóran hóp að ræða sem býr við slík lágmarkskjör að ekki er unandi í þessu okkar annars auðuga samfélagi, þessu því miður auðdýrkandi samfélagi í æ ríkari mæli. Auðdýrkun einstakra leiðir af sér sinnuleysi um hag þeirra bágast settu. Því er opinskárri umræðu um málefni eldri borgara fagnað, því þar hafa einfaldar staðreyndir verið fram í dagsljós dregnar. Landsþing eldri borgara sem haldið var fyrir skömmu ályktaði um kjaramálin og opnaði þar ýmsar leiðir fyrir ríkisvaldið til að mæta sem bezt einmitt þeim sem við erfiðasta afkomu búa. Í ágætri grein Karls Gústafs Ásgrímssonar form. FEB Kópavogi var samþykktin birt í heild sinni og skal ekki endurtekið hér. Þeim mun betur mun stjórnvöldum gjörð grein fyrir þessum tillögum og engu öðru trúað en þau sjái sinn sóma helztan í því að mæta þeim með fyllstu sanngirni. Ríkisvaldið hefur enda nú á síðustu mánuðum gjört samninga við sitt starfsfólk og þar hefur verið vel að verki staðið, enda sú gjörð annars ekki hlotið slíkt samþykki launþega sem raun varð á. Þar var aðalsmerkið það að hækka mest hin lægstu laun og er það fagnaðarefni þeim sem vilja aukinn jöfnuð í launakjörum öllum. Við höfum af því staðfestar fregnir að lægstu laun hafi nú þegar verið hækkuð um um 11% og er svo sem áreiðanlega engin ofrausn þar fólgin. Við höfum einnig sannfrétt að frá og með 1. maí 2006 skuli enginn launþegi innan BHM vera undir 200 þús. kr. á mánuði og er helður engin ofrausn, enda trúum við því að vel sé fyrir unnið þó samanburður við svimhaar launatölur forstjóranna svo víða séu þarna í ljósárafjarlægð og raunar hvergi nærri sama sannfæring um að fyrir sé starfsleg innistæða. En aðalatriðið nú er að þetta sama ríkisvald komi nú að samninga-borði við eldri borgara með sama góða hugarfarinu að bæta mest hag þeirra lakast settu. Það er sannfæring okkar og fyrir henni vissa, að þjóðin í heild vill að vel sé við það fólk gjört sem lokið hefir löngum og erfiðum vinnudegi og hefir átt svo ríkan þátt í að byggja upp það auðuga þjóðfélag sem er staðreynd í dag. Þar vantar aðeins að jafna kjörin þannig að enginn þurfi að búa við skort eins og alltof margir búa við í dag af eldra fólki. Því skal ekki öðru trúað en nú hristi menn af sér slenið, því viljaleysi getur það ekki verið og gjöri ekki síður við eldri borgara í hækkun lægstu launa, en sjálfsagt þótti hjá starfsfólki þessara sömu stjórnvalda.

Verður er verkamaður launanna var eitt sinn réttilega sagt, ætti það ekki einnig að gilda um eftirlaun þeirra sem stóðu svo vel sína lífsvakt með sönnum sóma?

*Höfundur er varaformaður Félags eldri borgara í Reykjavík.*


Reebok
í Hagkaupum Smáralind
Reebok
Bolur
rauður, svartur
st. S-XL
TILBOÐ
1.499 kr
Verð áður 1.999-
Reebok
TILBOÐ
1.699 kr
Verð áður 1.999-
Baðsandalar
svartir, st. 34-46
rauðir, gulir, st. 34-42
Reebok
Bolur
hvítur, dökkblár
st. S-XL
TILBOÐ
1.499 kr
Verð áður 1.999-
Reebok
TILBOÐ
5.599 kr
Verð áður 6.999-
Íþróttaskór
Góðir íþróttaskór úr leðri, sérstaklega til göngu. Dempun í hæl, Hexalite. Hannaðir til þess að veita góðan hælstuðning
svartir, hvítir, st. 36-41
Reebok
Buxur
svartar, bláar
st. S-L
TILBOÐ
2.999 kr
Verð áður 3.999-
Reebok
Reebok
Buxur
carvy Reebok
svartar
st. M-XXL
2.499 kr
TILBOÐ
4.799 kr
Verð áður 5.999-
Íþróttaskór
Sérstaklega léttir íþróttaskór með 3D Ultralite í sóla. Stuðningur við ökkla
svartir, st. 35-41
Gildir til 3. júní eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.010* **+0.36%**

**Fjöldi viðskipta:** 93
**Velta:** 390 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Grandi** | 1,86% | **FL Group** | -0,35% |
| **SÍF** | 0,82% | | |
| **KB banki** | 0,77% | | |

* Tölur frá 15,40 í gær. Nýjustu tölur á Vísi.

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 42,50 +0,24% ... Atorka 5,96 – ... Bakkavör 33,80 +0,60% ... Burðarás 14,00 – ... FL Group 14,35 -0,35% ... Flaga 5,00 – ... Íslandsbanki 13,15 – ... KB banki 524,00 +0,77% ... Kögun 61,80 +0,16% ... Landsbankinn 16,00 – ... Marel 56,50 – ... Og fjarskipti 4,12 – ... Samherji 12,10 – ... Straumur 11,80 – ... Össur 79,00 -

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn...*

### Herraþjóðin smáa

Útflutningsráð Íslands situr ekki auðum höndum. Ráðið stóð fyrir ferðinni miklu til Kína með 150 manna viðskiptanefnd. Menn þar á bæ eru varla búnir með tollinn sinn þegar lagt verður af stað í næstu ferð. Sú verður reyndar ekkert í líkingu við Kínaferðina og bara 20 sendir í þetta sinn. Hætt er við að eftir að hafa heimsótt hið ógnarstóra Kína þyki mönnum Danmörk smá og lítilfjörleg. Hins vegar hafa íslensk fyrirtæki náð ágætum árangri í landinu og hagsmunir Íslendinga í landinu eru töluverðir. Innkoma KB banka á danska markaðinn gerir það líklegra að Íslendingar eigi eftir að fjárfesta frekar í Danmörku.

### Innrásin útskýrð

Á viðskiptaráðstefnu sem haldin verður í ferðinni verður margt góðra gesta. Fyrrverandi utanríkisráðherra Dana, Uffe Ellemann-Jensen, mun ávarpa samkomuna. Þá munu Hreiðar Már Sigurðsson og Jón Ásgeir Jóhannesson væntanlega reyna að útskýra fyrir Dönum hvaðan afl Íslendinga til stórra fjárfestinga í Danmörku er sprottið. Danskir fjölmiðlar hafa velt því mikið fyrir sér og haft á köflum býsna sérkennilegar hugmyndir um íslenskt fjármálakerfi í ætt við þær sem Jónína Benediktsdóttir hefur varpað fram. Þorsteinn Pálsson sendiherra hefur talið sumar þeirra hugmynda komnar héðan til danskra fjölmiðla. Til að tryggja aukinn skilning danskra blaðamanna á frumkvöðlakrafti og styrk íslensks viðskiptalífs er brugðið á það ráð að hafa tvo blaðamenn leiðandi fjölmiðla í Danmörku á háborði í umræðum eftir fyrirlestranna. Hvort það verður til að breyta umræðum um Molbúana í norðri sem eru að kaupa djásn Dana verður svo tíminn að leiða í ljós.



## MARKAÐSFRÉTTIR...

Framboð til stjórnar **SH** var tilkynnt í gær og sjálfkjörið verður í stjórn. Nýir inn koma **Hreggviður Jónsson**, **Jón Kristjánsson** og **Þór Kristjánsson**.

Úr stjórn SH hverfa **Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson**, **Eiríkur S. Jóhannsson** og **Guðmundur Kristjánsson**.

Á hluthafafundi SH 30. maí næstkomandi verður einnig óskað eftir heimild til að kjósa fimm menn í varastjórn. Þeir sem skipa þá stjórn verða **Finnbogi Jónsson**, **Egill Tryggvason**, **Páll Þór Magnússon**, **Sigurður Ágústsson** og **Skúli Valberg Ólafsson**.

Í dag greiðir **Bakkavör** fyrir breska matvælafyrirtækið **Geest** og lýkur þá yfirtökuferlinu.



**ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON, FORSTJÓRI SAMHERJA** Samherji hefur selt fiskimjölsverksmiðju sína í Grindavík til Síldarvinnslunnar.

# Verksmiðja Samherja seld

Samherji hefur selt fiskimjölsverksmiðju sína í Grindavík til Síldarvinnslunnar á Neskaupstað. Rekstur verksmiðjunnar hefur legið niðri síðan í febrúar þegar mikill bruni kom þar upp. Samherji á tæpan fjórðungshlut í Síldarvinnslunni og verður því áfram aðili að rekstrinum í Grindavík. Mikil hrognavinnsla hefur farið fram í verksmiðjunni.

Samherji áætlar að hagnaður af sölunni verði um 400 milljónir en óvíst er hvaða áhrif þetta hefur á rekstur félagsins, það er rekstrartekjur og framlegð, til framdúðar.

**- eþa**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Mun Baugur selja hlut sinn í LXB?

Bresk fasteignafélög hafa sýnt breska fasteignaþróunarfélaginu LXB Group, sem er í eigu Baugs Group, Halifax Bank of Scotland og Skotans Tom Hunters, áhuga samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Baugur eignaðist tíu prósenta hlut í LXB fyrir einn milljarð árið 2003.

Breska fasteignafélagið Land Securities hefur verið nefnt til sögunnar sem hugsanlegur kaupandi. Eignir LXB eru meðal annars verslunarmiðstöðvar fyrir utan borgirnar, sem gætu verið mjög eftirsóttar þar sem treglega gengur að fá leyfi fyrir byggingu nýrra verslunarmiðstöðva.

Land Securities er skráð í bresku kauphöllina og hefur staðið í yfirtökum á öðrum fasteignafélögum. Nýlega keypti það Tops Estates til að styrkja stöðu sína í verslunarmiðstöðvum.

**- eþa**



**VERSLUNARMIÐSTÖÐVAR EFTIRSÓTTAR** Talið er líklegt að bresk fasteignafélög renni hýru auga til LXB, sem er að hluta í eigu Baugs Group. Land Securities er nefnt til sögunnar.



| SPÁR OG AFKOMA HB GRANDA | |
|---|---|
| HAGNAÐUR | 763 |
| Spá Íslandsbanka | 96 |
| Spá KB banka | 794 |
| Spá Landsbanka | 662 |
| Meðaltalsspá | 517 |

**ENGEY, SKIP HB GRANDA** Rekstur HB Granda batnaði verulega á milli ára en félagið hagnaðist um 763 milljónir á fyrsta ársfjórðungi. Margt skýrir þennan bata, til dæmis samruni við útgerðirnar Tanga og Svan sem hefur aukið rekstrartekjur umtalsvert.

# Mikill rekstrarbati hjá HB Granda

**HB Grandi hagnaðist um 763 milljónir fyrstu þrjá mánuði ársins. Uppgjörið er yfir væntingum og framlegðarhlutfall hækkar.**

HB Grandi hagnaðist um 763 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi sem er mikil aukning frá sama tímabili í fyrra þegar hagnaðurinn var aðeins 52 milljónir króna. Þetta er besti ársfjórðungur félagsins í langan tíma en fyrstu mánuðir ársins eru að jafnaði bestir í rekstrinum. Hagnaðurinn er tæplega helmingi meiri en meðaltalsspá bankanna.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir er 852 milljónir króna eða 25,5 prósent af tekjum og hækkar hlutfallið úr 24,1 prósentum frá fyrra ári. Er það vel yfir spám greiningardeildanna. Rekstrartekjur vaxa úr 2.531 milljónum króna í 3.343 milljónir og skýrast auknar tekjur og meiri rekstrarhagnaður aðallega af „samruna HB Granda hf. við Tanga hf. og Svan RE-45 ehf., betri árangri af loðnuvertíð og meiri karfaveiði en árið áður," eins og segir í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Fjármagnsliðir batna mikið milli þessara tveggja árshlutauppgjöra. Í uppgjörinu eru þeir hagstæðir um 355 milljónir króna en voru neikvæðir um 286 milljónir á síðasta ári. Styrking á gengi krónunnar skilar HB Granda miklum gengishagnaði af erlendum skuldum. Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli er um 31 prósent. Eigið fé Granda er komið upp í 10,5 milljarða króna og heildareignir eru komnar yfir 29 milljarða króna. Eiginfjárhlutfall er því rétt um 36 prósent.

HB Grandi er með mestan kvóta allra útgerðarfélaga en hlutdeild fyrirtækisins er um 11 prósent af heildarkvótanum. Félagið gerir út fimm frystitogara, fjóra ísfisktogara og fimm uppsjávarskip auk nýja uppsjávarfrystiskipsins Engeyjar.

**- eþa**

# Tveggja milljarða gróði

Hagnaður Orkuveitu Reykjavíkur var tæpir tveir milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi, miðað við 340 milljónir fyrir sama tímabil í fyrra.

Rekstrarhagnaður Orkuveitunnar, fyrir afskriftir og fjármagnskostnað, var hins vegar 1,8 milljarður króna.

Mismunur hagnaðar og rekstrarhagnaðar helgast af gengishagnaði af erlendum skuldum.

Tekjur félagsins námu fjórum milljörðum króna og jukust um 400 milljónir milli ára.

Eignir Orkuveitunnar eru metnar á 77,8 milljarða króna.

**- jsk**



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** Hagnaður á fyrsta ársfjórðungi nam tveimur milljörðum króna.




# litið svart í Þýskalandi



í þýsku viðskiptalífi hefur
verið verra síðan í ágúst
g batnar ekki í bráð, sam-
t mánaðarlegri könnun
viðskiptastofnunarinnar

fnunin mælir bjartsýni
enda 7.000 fyrirtækja í
landi og hvernig þeir telja
ðarhorfur á markaðnum.
ðarlegt atvinnuleysi er í
landi og ef ekkert verður að
líklegt að met verði slegið.
metið er fimm milljónir
ulausra og var sett rétt
eimsstyrjöldina síðari. - jsk

**ATVINNULAUSIR ÞJÓÐVERJAR** Efnahagshorfur eru slæmar í Þýska-
ndi og atvinnuleysi hefur ekki verið
eira síðan fyrir seinni heimsstryjöld.

# inni hagvöxtur í etlandi en áætlað var



xtur var minni í Bretlandi á
ársfjórðungi en gert var ráð
segir í tilkynningu frá
hagstofunni.
gvöxtur var 0,5 prósent en
fan hafði áður spáð að hann
minnsta kosti 0,6 prósent.
eðan sögð mikil framleiðni-
un. Hagfræðingar höfðu þó
pána óraunsæja og kenndu
egri framleiðni, lítilli neyslu
ings og stöðnun á húsnæð-
aði.
tt er við að Gordon Brown
laráðherra verði að endur-
sín mál í framhaldinu, en
afði áður spáð 3 til 3,5 pró-
agvexti á árinu. - jsk

**RDON BROWN FJÁRMÁLARÁÐ-
RA BRETLANDS** Verður að endur-
hagvaxtarspá sína fyrir árið ef eitt-
hvað er að marka nýjustu tölur.










FINNBOGI PÉTURSSON VINNUR VERK SÍN ÚR HLJÓÐBYLGJUM, EINKUM STÖKUM, SÍENDURTEKNUM TÓNUM. ÞESSUM TÓNUM VARPAR HANN Á TILTEKNU TÍÐNISVIÐI MEÐ ÁKVEÐNU MILLIBILI ÚR HÁTÖLURUM Á VEGG, GÓLFI EÐA FESTUM UPP Á SÚLUR OG MYNDAR ÞANNIG ÞAÐ SEM HANN KALLAR „TEIKNINGAR", MYNDIR SEM HAFA ENGAR SÝNILEGAR ÚTLÍNUR HELDUR ERU ÚR ÓSÝNILEGUM HLJÓÐBYLGJUM.

**VATNSTANKAR HÁTEIGSVEGI** – VIÐ STÝRIMANNASKÓLANN.
SÝNINGIN STENDUR TIL 5. JÚNÍ OG ER OPIN FRÁ KL. 13:00 - 17:00
ALLA DAGA NEMA SUNNUDAGA.

BURÐARÁS

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 3.36 | 13.25 | 23.16 |
| AKUREYRI 2.52 | 13.10 | 23.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

allt
FRÉTTABLAÐIÐ

[ **tilboð** o.fl.
Gaman hjá kylfingum
BLS. 5 ]



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*
**Í dag er föstudagur 27. maí, 147. dagur ársins 2005.**

KRÍLIN




**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR Á 995 KR.
ÞÚ GETUR PANTAÐ ÞÆR Á visir.is
vísir



Bambuspottar Atla Heimis gera soðninguna einfalda og fljótlega.

# Við borðum of mikið – það er ekkert flóknara

***Atli Heimir Sveinsson tónskáld elskar allar tegundir af fiski þótt hann borði stundum kjöt til hátíðabrigða.***

„Þú mátt alveg skrifa að ég sé lítið fyrir uppskriftir, en þú mátt alls ekki skrifa að ég sé góður kokkur," segir Atli Heimir, og þvertekur fyrir að upplýsingar um snilld hans í eldhúsinu séu á rökum reistar. „Ég er harðánægður ef einhver fær hjá mér góðan mat, en það er þá fisksalanum að þakka."

Atli Heimir segist helst ekkert vilja nema fisk og grænmeti og ef hann eldar, sem hann gerir þó sjaldan, gufusýður hann fisk.

„Ég vil hafa þetta allt einfaldara með aldrinum og bý í mesta lagi til grískt salat og sýð hrísgrjón með. Það verða þó að vera hýðishrísgrjón, það er ekkert varið í þessi amerísku hvítu."

Tónskáldið er mjög meðvitað um mataræði og segir það hafa breyst með árunum. „Mér verður bara betra af léttum mat, líkaminn er greinilega að segja mér eitthvað. Offitan er líka að verða meiriháttar heilbrigðisvandamál, miklu meira en hermannaveikin sem allir eru að skrifa um núna. Við borðum allt of mikið og hreyfum okkur of lítið. Það er ekkert flóknara."

Atli Heimir, sem ólst upp á miðstéttarheimili í Vesturbænum, fékk eins og aðrir af hans kynslóð fisk oft í viku. „Það var helst eitthvert kjöt á sunnudögum. Þetta var ágætlega hollur matur nema hvað grænmetið var heldur fábreytt. En krakkar voru ekki keyrðir í skólann og svo var auðvitað ekkert sjónvarp. Sjónvarp er svolítið mannskemmandi, en aðallega leiðinlegt. Ég horfi lítið á það."

*Hvað gerirðu í staðinn?*

„Hvernig spyrðu, kona? Það er hægt að gera svo margt annað. Ég les og finnst í 99% tilfella betra að sitja með bók en að horfa á sjónvarpið. Svo fer ég í gönguferðir og okkur hjónunum finnst gaman að skreppa í bíó annað slagið."

Atli Heimir gerir ekki upp á milli fisktegunda og segist ekki eyða allt of miklu púðri í eldamennskuna. „Ég á þessa líka fínu bambuspotta svo ég get slegið tvær flugur í einu höggi og soðið fiskinn í efri pottinum og grænmetið í þeim neðri. Í gríska salatið? Jú, það eru bara agúrkur, tómatar og fetaostur og einhver olía kannski. Allt eftir hendinni og þetta er komið."

*edda@frettabladid.is*

# Á þriðja þúsund máltíðir pantaðar

***Just-eat.is slær í gegn á Íslandi eins og hjá frændum okkar Dönum.***

Just-eat.is er tiltölulega ný vefsíða en hún gengur út á að viðskiptavinur getur pantað sér máltíð og fengið hana senda heim – eða sótt án þess að lyfta símtólinu. Þröstur Már Sveinsson, annar umsjónarmanna vefsíðunnar, segir viðtökurnar hafa verið mjög góðar og að þegar hafi um 2.500 máltíðir verið pantaðar í gegnum vefsíðuna.

„Íslendingar eru greinilega að átta sig á þægindunum sem fylgja því að versla á netinu. Fleiri og fleiri nýta sér einnig þann möguleika að greiða með kreditkorti beint í gegnum netið og sleppa þannig við að þurfa að hafa peninga við hendina þegar maturinn er sendur heim," segir Þröstur og bætir við að þægindin við just.eat.is felist einkum í því að fólk getur skoðað matseðla mismunandi veitingahúsa í rólegheitunum og valið sér máltíð. „Þetta er mjög auðveld og þægileg leið til að panta mat."

Vefsíðan www.just-eat.is er eina matartorgið af þessu tagi hérlendis en vefsíðan er byggð á danskri fyrirmynd. Vefsíðan er í samstarfi við Coca-Cola og í sumar geta notendur síðunnar tekið þátt í leik og unnið meðal annars Sony heimabíó. Allar nánari upplýsingar um síðuna er að finna á just-eat.is.



FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Þröstur Már Sveinsson er annar umsjónarmanna vefsíðunnar.

## LIGGUR Í LOFTINU
## *í tilboðum*

**BT við Reykjavíkurveg** í Hafnarfirði er með góð tilboð á tækum á borð við sjónvörp, tölvur og prentara, svo og fylgihlutum með þeim. 20% afsláttur er af DVD-myndum og hið sama gildir um alla tölvuleiki. Samsung-sjónvarpstæki lækkar úr 99.999 í 69.999 og Toshiba-ferðatölva um sléttan hundrað þúsund kall, úr 269.000 í 169.000. Tilboðin gilda einungis í BT á Reykjavíkurvegi í nokkra daga því þann 4. júní flyst búðin í Fjörð.



**Gönguskór** fyrir konur í flokki B, sem henta fyrir lengri göngur og bakpokaferðalög eru á tilboði í versluninni Útilífi. Þeir eru úr svokölluðu Nubuk-leðri, með vönduðum sóla og goritex-vatnsvörn. Skórnir fást núna á 14.990 en fyrir lækkun kostuðu þeir 17.990. Útilíf er til húsa í Glæsibæ, Smáralind og Kringlunni. Tilboðið gildir til 10. júní.

**Bakki, rúlla og pensill** eru saman á 990 krónur í versluninni Harðviðarval á Krókhálsi 4. Áður kostaði þessi heilaga þrenning 1.990 krónur þannig að um rúmlega helmingsafslátt er að ræða og hlýtur það að koma sér vel fyrir margan því nú er málningartíminn. Tilboðið gildir til 6. júní.



**Rósir eru á 30%** afslætti í blómabúðinni Holtablóminu á Langholtsvegi 126. Sem dæmi má nefna að 70 cm rósir kosta nú 390 en voru áður á 560 krónur og nú er upplagt að koma elskunni á óvart.



*tilbod@frettabladid.is*



**Engifer**
Engifer er best að geyma eins og kartöflur, eða við stofuhita. Engiferrótin myglar í ísskáp og ekki er ráðlagt að frysta hana þar sem það breytir bragðinu.



## CYPRESS og MONISTROL:
# Ódýr og fersk sumarvín



Freyðivín eru ómissandi þáttur í brúðkaupum og öðrum veislum en það er ekki alltaf auðvelt að finna góð freyðivín á hagstæðu verði. Spánverjar eru mjög framarlega í gerð freyðivíns og bestu vín þeirra etja kappi við gæðakampavín á alþjóðamarkaði þótt ekki megi kalla þau kampavín, einungis vín frá héraðinu Champagne í Frakklandi mega bera það heiti. Um 95% af allri freyðivínsframleiðslu Spánar fer fram í héraðinu Penedes og þaðan kemur vínið **Marques De Monistrol Semi Seco Cava.** Öll framleiðsla fyrirtækisins á cava-vínum fer fram eftir „método champanés“ eða að kampavínshætti. Vínið lækkaði um 200 kr. í verði um síðustu mánaðamót.

*Verð í Vínbúðum 890 kr.*



Blush eða roðavín hafa lengi notið mikilla vinsælda, sérstaklega sem samkvæmisvín. **Cypress White Zinfandel** er úr zinfandel-þrúgunni, sem er óvenjulegt fyrir ljóst vín en vínið hefur ferskleika hvítvíns, karakter rauðvíns og lífleika rósavíns. Fallega laxableikt að lit með ilm af jarðarberjum og rifsberjum. Aðeins freyðandi með vott af sætu. Í eftirbragði er skemmtileg sýra sem gerir það að verkum að vínið er ekki bara gott til drykkjar eitt og sér heldur fer ljómandi vel með grilluðum fiski og þá sérstaklega laxi. Einnig koma ýmiss konar salöt vel til greina, þá gjarnan með furuhnetum, sólþurrkuðum tómötum og grilluðum laxi.

*Verð í Vínbúðum 990 kr.*









Jose Garcia veitingamaður vill bjóða Íslendingum upp á sannkallaða Spánarstemningu.

# Alþjóðlegur veitingastaður með spænsku ívafi

***Á El Raco er frábær matur á góðu verði, spænskur söngur gleður gesti og stemningin er sérlega fjölskylduvæn.***

Nýlega var opnaður nýr veitingastaður í Tryggvagötu 8. Veitingastaðurinn hefur hlotið nafnið El Raco sem útleggst horn á íslensku, en El Raco er katalónska. Eigandinn, Jose Garcia, er spænskur, ættaður frá listaborginni Althea í Alicante.

„Við opnuðum hér 20. apríl síðastliðinn,“ segir Jose, sem hefur ýmislegt á prjónunum varðandi staðinn.

„Aðaláherslan verður á góðan mat á góðu verði, en mér finnst að fólk eigi að geta veitt sér að fara út að borða án þess að það kosti of mikið. Við erum með fjölbreyttan alþjóðlegan matseðil með spænsku ívafi og meðalverð er um 1.200 krónur á mann. Dýrasti rétturinn á matseðlinum er steik og hún kostar um 2.000 krónur. Svo er ég með sérstakan barnamatseðil, en súpurnar kosta frá 500 krónum og að sjálfsögðu erum við líka með hamborgara og samlokur fyrir yngra fólkið.“

Jose ætlar í náinni framtíð að vera með tapasbar á staðnum og bjóða upp á salsabar á kvöldin. „Við erum með opið frá 11 á morgnana til 11.30 á kvöldin og þrjú um helgar. Eldhúsið er opið til 22 á virkum dögum og 23 um helgar. Á hverju kvöldi er hér spænski gítarleikarinn Don Felix sem er Íslendingum að góðu kunnur, en hann spilaði lengi með Los Paraguayos og hefur samið tónlist fyrir ýmsa þekkta listamenn. Þá hefur Spánardrottning afhent honum verðlaun úr sjóði prinsins af Astura fyrir framlag sitt til menningar og lista. Felix spilar fyrir gesti en leggur líka áherslu á að virkja þá í söng og gleði þegar það á við.“



Humar í forrétt.



Heimalöguð súkkulaðimús í eftirrétt.



Don Felix er á staðnum á hverju kvöldi og spilar fyrir gesti.

Jose hefur búið á Íslandi í rúm sjö ár, en hann er kvæntur íslenskri konu og þau eiga þrjú börn. „Ég byrjaði að vinna á Hard Rock þegar ég kom til Íslands og hef verið kokkur bæði á Vegamótum og Kaffibrennslunni. Nú langar mig að reka stað sjálfur þar sem ungir og aldnir geta komið og átt skemmtilegar stundir og notið góðra veitinga eins og þekkist svo vel á Spáni. Aðstaða til að taka á móti hópum er líka sérlega góð.“

Jose lætur vel af landi og þjóð en grettir sig þegar minnst er á kuldann. „Það eina sem ég sakna er sólin,“ segir hann og gnístir tönnum í maísnjókomunni. „En mér finnst landið og fólkið yndislegt og hér er frábært að vera með börn.“

Jose gefur lesendum Fréttablaðsins uppskriftir að tveimur réttum.

*edda@frettabladid.is*

## Kjúklingasalat að hætti El Raco

**FYRIR 6 MANNS**

6 kjúklingabringur
Salt og pipar
Salatblanda í poka að eigin vali

**Sósa**
1 dós kókosmjólk
1 bolli salthnetur
1/2 ferskt chili
2 msk. sítrónugras, fínt saxað
5 hvítlauksgeirar
salt eftir smekk
2 msk sojasósa
1 bolli púðursykur
1/2 búnt kóriander
3 lauf kaffilime (fæst í austurlenskum búðum)
kanilduft á hnífsoddi
1/2 paprika, smátt skorin
fennelduft á hnífsoddi
1/2 rauðlaukur. smátt skorinn
cayenne pipar á hnífsoddi

**AÐFERÐ**
Kjúklingabringurnar eru skornar í strimla, kryddaðar með salti og pipar og steiktar á pönnu. Því næst er allt hráefnið í sósuna sett í pott ásamt 2 dl af vatni og soðið í hálfa klukkustund. Í lok suðutímans er maukað eilítið með töfrasprota, sem er með hnífi á endanum og saxar niður hneturnar og laukinn.

Salatblöndunni er síðan skipt á sex diska og kjúklingastrimlunum raðað ofan á. Að síðustu er sósunni hellt yfir. Kjúklingasalatið er borið fram með brauði.

## SÍTRÓNUOSTAKAKA

**Deig**
400 g smjör
200 g sykur
4 eggjarauður
500 g hveiti
2-3 msk. vanilludropar
Blandið og hrærið saman. Setja því næst í form.

**FYLLING**
9 stór egg
375 g sykur
300 ml rjómi
4 sítrónur / raspaðar

**AÐFERÐ:**
Egg og sykur hrært saman í ca. 5 mín. Þá er rjóma og sítrónum bætt í og allt hrært saman í 10 mín. Hella fyllingu í form og baka í ca. 90 mín. við 150° C.



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELDAR HANDA MINNST FJÓRUM FYRIR 1000 KR. EÐA MINNA.

### Kjöthleifur steiktur eins og villibráð

**(svikinn héri)**

Lengi vel var fínasta matargerðin á Íslandi ættuð frá Danmörku. Svikinn héri er dæmigerður sunnudagsmatur sem börnum finnst sérstaklega góður. Fimmtíu ár eru síðan Vilborg Dagbjartsdóttir skáldkona lærði frá fyrstu hendi í Kaupmannahöfn þá list að matreiða þennan rétt upp á danskan máta. Af sínu alkunna örlæti deilir hún hér með okkur matargerðarlist sinni. Í hálfa öld hefur þessi uppskrift þróast hjá Vilborgu um leið og hún hefur glatt bæði og satt ótal munna.

| | |
|---|---|
| 500 g kjöthakk | 460 kr. |
| 120 g brauðrasp | |
| 2 egg | |
| 6-7 sneiðar beikon | 100 kr. |
| 1 tsk. salt | |
| 1/4 tsk. pipar | |
| **Sósan** | |
| 3 msk. olía | |
| 3 msk. hveiti | |
| 3 dl mjólk | |
| 1-2 msk. vatn | |
| 1 tsk. salt | |
| 1/2 tsk. sósulitur | |
| 2 msk. rifsberjasaft | |



Blandið hakki, eggjum, kryddi, og 100 g af raspi saman í skál. Þegar hakkblandan er orðin vel þétt, mótið þá hleif úr deiginu og veltið honum upp úr afganginum af raspinu. Skerið beikonið í litla strimla og stingið þeim í röðum inn í hleifinn, ekki djúpt, en rétt svo að þeir séu fastir. Setjið örlítið af olíu í botninn á ofnpotti og steikið hleifinn í lokuðum pottinum við 200 gráður í 50 til 60 mínútur.

Útbúið uppbakaða sósu: Hitið olíuna í potti og hrærið svo hveitinu útí. Hellið næst mjólkinni og vatninu varlega út í og hrærið jafnt og þétt í pottinum á meðan svo ekki komi kekkir í sósuna. Lækkið hitann þegar sósan hefur jafnast, blandið sósulit útí og kryddið sósuna með salti og rifsberjasaft. Smakkið til. Þegar 20 mínútur eru eftir af steikingartímanum, hellið þá sósunni yfir kjöthleifinn og klárið steikinguna við 175 gráður.

Berið fram með soðnum kartöflum, grænmeti, hvítkálsjafningi og sultu.

*Kostnaður um 700 kr.*

## DEAKIN ESTATE SHIRAZ: Lofað af Áströlum



Áströlsku vínin Deakin Estate sem nýlega komu á markaðinn hérlendis hafa vakið mikla athygli og þykja öflug vín á hagstæðu verði. Deakin Estate leggur mikið upp úr því að rækta gæðaþrúgur og framleiða úr þeim vín með ólgandi bragði og afgerandi karakter. Deakin Estate er framleitt í Victoria, einu frjósamasta og gjöfulasta svæði Ástralíu. Nafnið Deakin er til heiðurs Alfred Deakin, fyrrum forsætisráðherra Ástralíu og frumkvöðli í landbúnaði og víngerð.

Hér á landi fást fimm tegundir vína frá Deakin Estate í öllum helstu Vínbúðum. Eitt þeirra er Deakin Estae Shiraz sem þykir ein bestu kaup í áströlskum vínum í dag. Áströlsk blöð hafa verið óspör á lofsyrði, The Courier Mail gaf víninu 90 stig og telur það „bestu kaup“ og Herald Sun telur það með bestu vínum í sínum verðflokki.

*Verð í Vínbúðum 1.290 kr.*









## Nizza með nýju lagi

STÆRRA EN ÞYNNRA.

Gamla góða Nizzað frá Nóa Síríusi er komið í nýjan búning. Nýja Nizzað er þynnra og stærra en áður, hvert stykki er nú 55 g í stað 40 g. Súkkulaðið fæst í fimm mismunandi útfærslum; Nizza með lakkrískurli sem er nýjung, Nizza með hnetum og rúsínum, Nizza með Nóa kroppi, Nizza með rúsínum og hreint Nizza. Framleiðsla Nizza hófst snemma á 7. áratugnum þannig að segja má að fjórða kynslóð Íslendinga sé nú að kynnast þessu sígilda súkkulaði, með nýju lagi.








## hollráð }



### Tímaþröng í eldhúsinu

Oft má beita ýmsum brögðum við eldamennskuna til að flýta fyrir sér. Þurfi maður til dæmis að sjóða kartöflur í einum hvelli má nota eðlisfræðina og stinga stálnagla í gegnum kartöflurnar áður en þær eru settar í pottinn. Málmurinn leiðir hitann inn í kartöflurnar og þær verða tilbúnar fyrr.

Vanti mann egg í uppskrift má setja einn dropa af ediki í glas af mjólk. Það jafngildir einu eggi og dugar vel í eldamennskuna ef ekki gefst tími til að hlaupa út í búð.





Góð hugmynd að rétti dagsins!

Kjúklingaréttur með E. Finnsson Aidu kjúklinga- og samlokusósu

Rétturinn er fyrir 4.

4 kjúklingabringur, skornar í strimla
1 rauðlaukur, meðalstór smátt skorinn
1 púrrulaukur, smátt skorinn
1 rauð paprika, smátt skorin
1 græn paprika, smátt skorin
1 krukka **E. Finnsson Aida samloku og kjúklingasósa.**
Olía til steikingar.

Létt steikið grænmetið í lítilli olíu á pönnu og setjið til hliðar. Létt steikið bringurnar síðan á pönnunni. Setjið grænmetið og **E. Finnsson AIDU sósuna** saman við og sjóðið í 1-2 mín. Berið réttinn fram með heitu brauði, hrísgrjónum og fersku salati. **E. Finnsson grænmetissósan** er svo frábær með á salatið.
Fljótlegur og góður réttur.

**Verði ykkur að góðu!**




VOGABÆR
Sími 424 6525 www.vogabaer.is

# allt tilboð o.fl.

Agúrkurnar í Nettó lækka langmest þessa vikuna. Stykkið er selt þar á 35 krónur en var áður á 129. Það gera 75% í lækkun.

**75%**






**SPAR** Bæjarlind

Tilboðin gilda til 31. maí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambakjöt 1/2 skrokkur, frosið | 559 | 678 | 559 | 20 |
| Grísa grillkótilettur, ferskar | 749 | 998 | 749 | 25 |
| Grísa grillkótilettur, kryddaðar | 749 | 998 | 749 | 25 |
| Grísa grillbógsneiðar, kryddaðar | 538 | 899 | 538 | 40 |
| McCain maísstönglar 8 stk. | 259 | 329 | 32 | 25 |
| Nýmjólk 1 l | 47 | 79 | 47 | 40 |
| Léttmjólk 1 l | 47 | 79 | 47 | 40 |
| Pepsi Max 50 cl dós | 49 | 89 | 98 | 45 |
| Vanillukremkex 500 g | 169 | 229 | 338 | 25 |
| Súkkulaðikremkex 500 g | 169 | 229 | 338 | 25 |
| Sunkist appelsínusafi 3x200 ml | 83 | 139 | 27 | 40 |

**nettó**

Tilboðin gilda til 29. maí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Borg. helgargrís m. sólþ.tómötum og basil | 1.119 | 1.594 | 1.119 | 30 |
| Borg. þurrkr. framhryggsn. | 1.226 | 1.752 | 1.226 | 30 |
| Bautab. rauðvíns svínakótilettur | 999 | 1.539 | 999 | 35 |
| Bautab. grísahnakkasneiðar Prepack | 989 | 1.599 | 989 | 40 |
| SS Grand Orange lambalæri | 1.249 | 1.668 | 1.249 | 25 |
| Matf. kjúkl. piri piri læri/leggir | 349 | 499 | 349 | 30 |
| Ísfugl ferskur kjúlli | 399 | 689 | 399 | 40 |
| Agúrkur stk. | 35 | 129 | 35 | 75 |
| Starbucks kaffi | 799 | Nýtt | 799 | |
| Kransalengja 435 g | 349 | 459 | 349 | 25 |






**BÓNUS**

Tilboðin gilda til 29. maí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus brauð 1 kg | 99 | 119 | 99 | 15 |
| Bónus ís 2 l 198 | 279 | 198 | 30 | |
| Pokasalöt þrjár teg. 100 g | 159 | Nýtt | 1.590 | |
| Laxabitar roð-/beinlausir | 699 | 899 | 30 | |
| Gullkaffi 500 g 159 | 199 | 159 | 20 | |
| K.f villikryddað lambalæri | 899 | 999 | 899 | 10 |
| Bónus kaldar grillsósur 270 ml | 139 | Nýtt | 515 | |
| K.f villi- og pestókrydduð lambahelgarsteik | 1.099 | 1.399 | 1.099 | 20 |
| Kristall plús 6X1/2 l | 498 | Nýtt | 166 | |

**FJARÐARKAUP**

Tilboðin gilda til 28. maí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Fjallalamb glóðarsteik | 1.148 | 1.498 | 1.148 | 25 |
| FK blandaðar lærisneiðar | 1.049 | 1.748 | 1.049 | 40 |
| FK grill ofnsteik | 1.149 | 1.588 | 1.149 | 30 |
| Nauta grillsteik krydduð | 1.998 | 2.498 | 1.998 | 20 |
| Maís stönglar stórir 4 í pakka | 298 | 398 | 74 | 25 |
| Nauta grill hamborgarar 115 g 2 í pk. | 198 | 306 | 99 | 35 |
| FK brauðskinka | 899 | 1.098 | 20 | 20 |
| Fersk jarðarber 200 g | 159 | 259 | 795 | 40 |






**Þín verslun**

Tilboðin gilda til 1. júní

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Úrbeinaðar kjúklingabringur | 1.460 | 1.825 | 1.460 | 20 |
| Mexico kryddaðar grísakótilettur | 1.238 | 1.548 | 1.238 | 20 |
| Grand Orange innralæri | 1.998 | 2.498 | 1.998 | 20 |
| McCain Superfries franskar kartöflur | 269 | 327 | 269 | 20 |
| La Baquette snittubrauð | 198 | 299 | 49 | 35 |
| Norpac Mais 8 stk. | 249 | 299 | 31 | 15 |
| McCain súkkulaðikaka 680 g | 389 | 497 | 544 | 20 |
| Pagen kanilsnúðar 260 g | 159 | 229 | 612 | 30 |

**HAGKAUP**

Tilboðin gilda til 29. maí

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Holta læri fersk í magnp. | 359 | 599 | 359 | 40 |
| Holta leggir ferskir í magnpk. | 359 | 599 | 359 | 40 |
| Holta vængir ferskir | 239 | 398 | 239 | 40 |
| Holta bringur úrb. skinnl. | 1.832 | 2.290 | 1.832 | 20 |
| La Baguette snittubrauð | 249 | 289 | 249 | 15 |
| kjötb.svínakótilettur m/beini kryddl. | 1.046 | 1.395 | 1.046 | 25 |
| Kjötb. svínarifjur kryddl. | 599 | 799 | 599 | 25 |

# Gegnheilt tekk í garðinn

***Tími garðhúsgagnanna er runninn upp. Verslunin Ego Dekor í Bæjarlind 12 er með húsgögn úr gegnheilu tekki á tilboði.***



Átthyrnt borð og fjórir klappstólar eru meðal þess sem er á tilboðverði hjá versluninni Ego Dekor. Heildarverð á slíku setti er nú 38.000 en var áður 47.500 og stækkanlegt borð með sex staflanlegum stólum er nú á 66.720 en var áður á 83.400.

Skemmtilegur bekkur sem áður var á 42.000 krónur fæst nú á 33.600 krónur og fallegar sessur í garðhúsgögn eru einnig fáanlegar hjá Ego Dekor. Þá eru sófasett úr svokölluðu sefgrasi líka á lækkuðu verði. Tekkhúsgögnunum fylgja nákvæmar leiðbeiningar um meðhöndlun og sé þeim fylgt endast þau og endast.



## Kristall á sumarverði

SPEGLAR OG KRISTALSLJÓSAKRÓNUR ERU MEÐAL ÞESS SEM BOÐIÐ ER Á HÁLFVIRÐI Í TÉKK-KRISTAL Í FAXAFENI.

„Okkur langar að bjóða fólki fallega vöru á verulega lækkuðu verði," segir Erla Vilhjálmsdóttir, eigandi verslunarinnar Tékk-Kristall í Faxafeni. Hún er nú með 50% afslátt á speglum, bæði með sléttum römmum og mynstruðum, svo og sófaborðum og hjólaborðum. Einnig eru veggljós og loftljós alsett Svarowski-steinum á hálfvirði í Tékk-Kristal í Faxafeni og enda þótt þetta sé ekki tíminn sem fólk notar ljósin mest skyggir aftur og ekki slæmt að viðhafa dálitla forsjálni.






# Íþrótta- og sportfatnaður á tilboðsverði í Perlunni

***Vormarkaðurinn Merkjavara á silfurfati stendur yfir í Perlunni. Þar eru góðar vörur á góðu verði.***



„Við höfum haldið svona markaði vor og haust og þeim hefur ávallt verið vel tekið enda munar það miklu fyrir fjölskyldufólk að geta keypt íþróttafatnað á hálfvirði eða minna," segir Einar Sigfússon, sem ásamt konu sinni Önnu K. Sigfúsdóttur stendur fyrir markaðinum Merkjavara á silfurfati í Perlunni. Vormarkaðurinn stendur yfir og varir fram á sunnudag.

Þar eru býsnin öll af skóm, meðal annars fótboltaskóm, og það eru merki eins og Adidas og Puma sem eru áberandi. Einnig eru flíspeysur, úlpur og annar útivistarfatnaður í miklu úrvali og í öllum stærðum og verðið er um 50-80% lægra en almennt búðarverð, að sögn Einars.




## Kerrur




**Aukahlutir**
á vagna og kerrur, kerrufætur, hjólastopparar, kerrutengi, beisli, dráttarkrókar og kúlur, bremsutjakkar, lamir og lokur, ljós og glitaugu o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

## Fellihýsi



Til sölu Coleman Sedona með ísskáp, fortjaldi og loftpúðafjöðrum. Aðeins verið notað í 3 útilegur. Verð 1090 þús. Til sýnis á Bílasölu Íslands.



Esterel Top Volume árg. '97. Fellihýsi með hörðum hliðum. Fortjald, tengi fyrir 220 volt. Öryggislokar fyrir gas, Hljóðlaus ofn, ísskápur, útvarp, CD, 4 hátalarar. 2 gaskútar, grjótgrind. Ofl. Verð 1.150 þús. Uppl. í síma 894 5252 & 897 9599 Pro ehf.

Coleman Montery árg. '03, mjög vel með farið fylgihlutir, fortjald, sólarsella, heitt og kalt vatn, loftnet, geislaspilari, mp3 ofl. Tilbúinn í útileguna einn með öllu. Verð 1.690.000. Uppl. í síma 695 3753.

Palomino Yerling 4120 '04 12 feta til sölu. Vagn með öllum þægindum, heitu og köldu vatni, ísskáp, sólskyggni, gaskútafesting & 2x kútar, 2x rafgeymar+festingar, rafmagnslifting. Uppl. í síma 896 8991.

Af sérstökum ástæðum er til sölu fellihýsi Fleedwood Victory 2005. Vagninn er nýr innfluttur af Evro með heitu og köldu vatni innbyggðri sturtu og Wc, sólarsellu, upphækkaður, Tv loftnet, útvarp m/Cd og MP3 spilara, þessi er alveg tilbúinn í ferðina. Upplýsingar í síma 892 0063.

Til sölu fellhýsi Rockwood árg. '99. Níu fet, vel með farið. Upphækkað á 13 tommu dekkjum, sólarsella hleðsla úr bíl, plús fleiri auka hlutir. Uppl. í s. 898 7930 og 554 4975.

Til sölu Viking fellihýsi '02. Sólarrafhlaða og fortjald fylgir. S. 897 7939.

Víking fellihýsi til sölu, árg. 2001, vel með farið og með mikið af aukahlutum t.d. nýtt stórt fortjald, loftpúðafjöðrun, nýr rafgeimir, 220 v. rafm. o.fl. Uppl. í s. 897 4882 og 860 2882.

Palomino Colt '99, í toppstandi. Verð 500 þús. Uppl. í s. 893 5420.

## Tjaldvagnar




Álbox fyrir tjaldvagna og fellihýsi. KE Málmsmíði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.

Tjaldvagnar til leigu. Nýir Compi Camp. Uppl. í s. 462 6512 & 897 9999. Austurhlíð, Akureyri.

Óska eftir vel með förnum tjaldvagni. verð frá 100-200.000. Uppl. í síma 567 2188 & 861 4988.

Óska eftir vel með förnum Combi Camp eða Ægisvagni. Uppl. í s. 863 0226 & 467 1967.

## Vinnuvélar



Tek að mér alla almenna gröfuvinnu. Uppl. í s. 893 1030.




**Drifskaftaefni**
Eigum til drifsköft og aukahluti t.d. hjöruliði, hjöruliðsgafla, kúplingar, drifskaftsrör og hlífar o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.









Notaðar hjólagröfur, Liebherr A-312, árgerð 1998. Verð án vsk. 4.300.000. Komatsu PW 150ES-6K, árgerð 2001. Verð án vsk. 5.900.000. Upplýsingar hjá sölumönnum Merkúr hf. 824-6061, 824-6071.



Til sölu ónotuð grafa Terex Fermec 860, árgerð 2005. Fæst á hagstæðu verði. Uppl. í síma 892 5616.







## Lyftarar



Allar gerðir af vinnulyftum til leigu. Góð tæki & betra verð. Armar ehf s. 565 4646 & 660 1700.




**Lyftarahjólbarðar frá Trelleborg**
í úrvali. Á flestar gerðir lyftara, loftfylltir eða gegnheilir, svartir eða hvítir strikafríir. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.




## Kajakar

Sjó Kajak úr trefja plasti til sölu. Uppl. í s. 825 8269.

## Bílaþjónusta

**Bílaverkstæðið Skúffan ehf**
Allar almennar bílaviðgerðir og sprautun
**Smiðjuvegur 11e, 200 Kópavogur.**
**S. 564 1420.**

## Bátar




**Bátaland, allt til báta.**
Utanborðsmótorar, bátahlutir, dælur, öryggisbúnaður, bátar, þurrkubúnaður og margt fleira. Bátaland, Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði S. 565 2680, www.bataland.is

Handfærasökkur til sölu, mjög gott verð. Uppl. í s. 462 6512 & 897 9999. Akureyri.

Bátur, óska eftir Sóma 600. Uppl. í s. 899 4963 & 898 8838.

## Hjólbarðar




## Varahlutir

**Rafstilling ehf. Dugguvogi 23**
Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.
**Sími 581 4991, GSM 663 4942.**

Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

**AB-VARAHLUTIR**
Bílavarahlutir í flestar gerðir Evrópu og Asíubíla, t.d. boddíhlutir, ljós, kúplingar, stýrishlutir, bremsuhlutir, handbremsubarkar, vatnsdælur, öxulliðir og hosur ljóskastarar, tímareimar, viftureimar, spirnur, spindilkúlur. Og allir varahlutir fyrir Toyota. Eingöngu ný vara.
**Opið frá 08.00-18.00 mánudaga-föstudaga. Betri vara, betra verð. Sími 567 6020. Bíldshöfði 18**

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Partasala Guðmundar Tangarhöfða 2, S. 587 8040. Erum að rífa Mözdu, MMC og Nissan frá árg. '88-'97. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Ópel partar**
Vectra, Astra, Corsa '94-'03. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 553-9900, 845-2996.

**Alternatorar-startarar**
Viðgerðir-sala. Tökum þann gamla uppí. Vm/Rótor ehf. Helluhr. 4, s. 555 4900.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Peugot-Citroen.**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, VW. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í MMC, Nissan, VW, Subaru, Skoda og fl. Opið mán-föst 9-18.

Vantar Izuzu NPR 3,9 til niðurrifs. Upplýsingar í síma 893 4433.

## Viðgerðir

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan, Sóltúni 3, s. 562 1075.

Bílalyfta, tveggja pósta Zippo, bílalyfta fyrir 2.5 tonn. Skoður af vinnueftirliti. Gildir til '06. 100 þús.kr. S. 617 6458.

Bílalyfta, tveggja pósta Zippo, bílalyfta fyrir 2.5 tonn. Skoður af vinnueftirliti. Gildir til '06. 100 þús.kr. S. 617 6458.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Öðruvísi vörur - örðuvísi búð, fallegar tækifærisgjafir. NÝTT. Eve Taylor frá toppi til táar. Glæsilegt úrval. Opnum í dag nýja vefverslun www.Loi.is Opið mán.-fös. 10-18 lau. 12-16. Ljós og Ilmur ehf Bíldshöfði 12. S. 517 2440




**Elegance poolborð**
Poolborð + borðplötur = glæsilegt veisluborð! Frábært tilboð,Cavalier 9 ft + borðplötur kr 284.900 Hámarksgæðilágmarksverð www.147.is/jb s.6980400



Ótrúlegt verð t.d. stakir jakkar kr. 2.000. Buxur 1.000. Lagersala, Auðbrekku 1. Opið 12-18. S. 564 3477, Jóna.



Geymsla fyrir gestasængur. Stærð 70x70. Sigurstjarnan, (bláu húsin) Fákafeni. Opið frá 11-18 virka daga og 12-16 laugardaga. S. 588 4545. Vaxtalausar léttgreiðslur



Íslensk gæða garðhúsgögn sem þola íslenska veðráttu. Verslunin er opin frá 13-16. Bergiðjan, Víðihlíð v/ Vatnagarða. S. 553 7131.



**Ódýrir Ódýrir!**
Rafmagnshitaðir nuddpottar, ný sending komin, seinasta seldist upp strax, alvöru nuddpottar með 3ja ára verksmiðjuábyrgð, Verð frá 450 þ. Hringdu núna í s. 869 6700 og 660 6091.



Ótrúlegt verð t.d. stakir jakkar kr. 2.000. Buxur 1.000. Lagersala, Auðbrekku 1. Opið 12-18. S. 564 3477, Jóna.




Eigum tilbúna stiga, hringstiga og handriðaefni á lager. Fura, Beyki og Eik. Handlistar,plast, festingar og margt fleira. Stigalagerinn, Dalbrekku 26 Kópavogi.

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
Opið mán.–fim. kl. 9–18
og fös. kl. 9–17

Kjöreign ehf
FASTEIGNASALA
Sími 533 4040
Ármúla 21 • Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

## VANTAR - VANTAR

Okkur hefur verið falið að auglýsa eftir einbýlishúsi með bílskúr og möguleika á 60-100 fm aukaíbúð. Verðhugmynd 35 - 45 millj. **Vinsamlegast hafið samband við sölumenn Kjöreignar í síma 533-4040.**

Við leitum af 4ja herb íbúð með bílskúr eða bílskýli, fyrir viðskiptavin okkar sem var að selja sína eign. **Vinsamlegast hafið samband við sölumenn Kjöreignar í síma 533-4040.**

## 2JA HERB.

**SEILUGRANDI - M/ BÍLSKÝLI.** Rúmgóð 2ja herb íbúð. 68,4 fm ásamt 30,9 fm stæði í lokuðu bílageymsluhúsi. Að auki góð geymsla í kjallara. Íbúðin er á 2 hæð með sérinngangi af svölum. Parket og flísar á gólfum. Hús og sameign í góðu standi. **Verð 15.9 millj.** nr. 5135

**ENGJAHJALLI - KÓP.** Rúmgóð og falleg 2ja herb. íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi.Stærð 62,2 fm Fallegt útsýni. Eikarinnréttingar og ljóst parket á gólfi. Svalir í vestur. **Laus fljótlega. Verð: 12,5 millj.** nr. 5137

## 3JA HERB.

**KIRKJUTEIGUR.** Mjög góð og mikið endurnýjuð 3ja herb íbúð um 77,4 fm. í fjórbýli. Eldhús er með nýlegri innréttingu. Parket á gangi, stofu og herbergjum. **Frábær staðsetning við Laugardalinn. LAUS STRAX. VERÐ: 15,3 millj.** nr. 5096

**SUNDLAUGAVEGUR-LAUS STRAX.** Rúmgóð og björt 3ja herb. íbúð, ca. 90 m2. Góð herb. Gluggar á þrjá vegu. Björt íbúð. Húsið er í góðu ástandi. Góður garður. **Góður staður. Verð 16.3 millj.**

## 4RA HERB.

**DUNHAGI - BÍLSKÚR.** Mjög góð 5 herb. endaíbúð á 2. hæð um 108,9 fm. ásamt 21,6 fm bílskúr. Eignin skiptist í hol, eldhús, bað, gang, þrjú svefnherbergi, tvær saml. stofur. Suður svalir. **Verð 20,5 millj.** nr.5157

**FLÚÐASEL. M/BÍLSKÝLI.** Falleg og rúmgóð 5 herbergja endaíbúð á 1.hæð um 109,4 fm. ásamt stæði í bílgeymslu, Suðaustur svalir. Fjögur svefnherbergi og rúmgóðar stofur. Bílskýli. **Verð 18,9 millj.** nr. 5144

## RAÐHÚS



**FOSSVOGUR - RAÐHÚS.** Til sölu fallegt raðhús á tveimur hæðum. Vel staðsett í Fossvoginum. Möguleiki á sér íbúð í kjallara. Sérbyggður bílskúr. Stærð 187,4 fm og bílskúr 24,5 fm. Samtals 211,9 fm. Hátt til lofts í stofu. Mikið útsýni, stórar svalir í suður og garður í rækt. Arinn í stofu. **Laust fljótlega. Verð 40,9 millj.** nr. 5136

## EINBÝLI



Tveggja íbúða hús - tvöfaldur bílskúr. Húsið er á tveimur hæðum, staðsett í lokaðri götu. Stærð er ca 300 m2 , tvöfaldur jeppaskúr. Húsið er í góðu ástand. Sami eigandi frá upphafi. Vel staðsett hús með fallegu útsýni. **Afhending fljótlega. Verð 48 millj.**

## EINBÝLI



Einbýlishús með stórum bílskúr.Særð 175,9fm og bílskúr 34,6 fm. Alls 210,5 fm. Fallegur og skjólsæll staður neðarlega í Kópavogsdalnum. Stutt í skóla og aðra þjónustu. Mikilir útivistarmöguleikar. Góður garður. Húsið er klætt að utan. Afhending samkomulag. **VERÐ 34,0 millj.** nr 3125

Sölumenn: Ólafur s. 896 4090 og Kristinn s. 896 6913

## TILKYNNINGAR

Skipulagsstofnun

# Mat á umhverfisáhrifum
## – athugun Skipulagsstofnunar

**Hitaveita Suðurnesja hf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar matsskýrslu um breytingu á legu 220 kV háspennnulínu frá Reykjanesi að Rauðamel, Grindavík og Reykjanesbæ.**

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 27. maí til 8. júlí 2005 á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofum Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Matsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Hitaveitu Suðurnesja: www.hs.is og Línuhönnunar: www. lh.is

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 8. júlí 2005 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

**Skipulagsstofnun**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

## Tillaga að breytingu á deiliskipulagi:
# Hlíðarfjall, snjógerðarkerfi

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. tillögu að breytingum á deiliskipulagi svifbrautar í Hlíðarfjalli. Breytingarnar felast í því að gildissvæði skipulagsins er stækkað og inn á það bætt mannvirkjum sem tengjast fyrirhuguðu snjógerðarkerfi fyrir skíðasvæðið; þ.e. söfnunarlóni fyrir vatn, dælustöð og lagnaleiðum fyrir vatn og rafmagn. Heiti skipulagsins verði eftir breytingu: Deiliskipulag í Hlíðarfjalli – Svifbraut og snjógerðarkerfi.

Tillöguuppdráttur mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, til föstudagsins 8. júlí 2005, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar: *http://www.akureyri.is* undir: *Auglýsingar og umsóknir/Skipulagstillögur.*

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. $16^{00}$ föstudaginn 8. júlí 2005 og skal athugasemdum skilað til Umhverfisdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við auglýsta tillögu innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

27. maí 2005
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Akureyrarbæjar.

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is

## ATVINNA

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

**Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi með öflugu starfsfólki í glæsilegum, vel búnum skóla þar sem ríkir góður starfsandi.**

## Skólaritari

**Lágafellsskóli.**

**Lágafellsskóli auglýsir eftir skólaritara í 100% starf. Til greina kemur að ráða í 50% starf f.h. og 50% starf e.h.**

**Helstu verkefni:**
Símsvörun og almenn skrifstofustörf ásamt upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Góð íslensku – og tölvukunnátta.
Leitað er eftir starfsmanni sem hefur mikla hæfni í mannlegum samskiptum, á auðvelt með að vinna með öðrum og hefur jákvætt hugarfar.

Launakjör eru samkv. kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Launanefndar Sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 3.júní 2005. Æskilegt er að umsækjandi hefji störf 4. ágúst 2005
Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Mosfellsbæjar Þverholti 2, Mosfellsbæ og í Lágafellsskóla. Skal umsóknum skilað á skrifstofu Lágafellsskóla.

Allar upplýsingar um starfið gefur Edda Hringsdóttir skrifstofufulltrúi Lágafellsskóla
S: 5259200 og 894-2876.
Skólastjórnendur.
Lágafellsskóla.

Vatnsleysustrandarhreppur

# AUGLÝSING
## um deiliskipulag í Vatnsleysustrandarhreppi

Hér með er lýst eftir athugasemdum við deiliskipulag í Vatnsleysustrandarhreppi, nánar tiltekið við Akurgerði og Vogagerði.

**Tillagan liggur frammi á skrifstofu hreppsins frá og með 27. maí 2005.**

Athugasemdum við tillöguna skal skila á skrifstofu hreppsins fyrir 8. júlí 2005. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir innan tilgreinds frests telst samþykkur henni.

***Vogar, 20. maí 2005***
*F.h. sveitarstjórnar*
*Jóhanna Reynisdóttir, sveitarstjóri*



# Útlitið svart í Þýskalandi

Útlitið í þýsku viðskiptalífi hefur ekki verið verra síðan í ágúst 2003 og batnar ekki í bráð, samkvæmt mánaðarlegri könnun þýsku viðskiptastofnunarinnar Ifo.

Stofnunin mælir bjartsýni stjórnenda 7.000 fyrirtækja í Þýskalandi og hvernig þeir telja framtíðarhorfur á markaðnum.

Gríðarlegt atvinnuleysi er í Þýskalandi og ef ekkert verður að gert er líklegt að met verði slegið. Gamla metið er fimm milljónir atvinnulausra og var sett fyrir heimsstyrjöldina síðari. **- jsk**



**ATVINNULAUSIR ÞJÓÐVERJAR** Efnahagshorfur eru slæmar í Þýskalandi og atvinnuleysi hefur ekki verið meira síðan fyrir seinni heimsstryjöld.

# Minni hagvöxtur í Bretlandi en áætlað var

Hagvöxtur var minni í Bretlandi á fyrsta ársfjórðungi en gert var ráð fyrir, segir í tilkynningu frá bresku hagstofunni.

Hagvöxtur var 0,5 prósent en hagstofan hafði áður spáð að hann yrði að minnsta kosti 0,6 prósent. Er ástæðan sögð mikil framleiðniminnkun. Hagfræðingar höfðu þó sagt spána óraunsæja og kenndu um lélegri framleiðni, lítilli neyslu almennings og stöðnun á húsnæðismarkaði.

Hætt er við að Gordon Brown fjármálaráðherra verði að endurskoða sín mál í framhaldinu, en hann hafði áður spáð 3 til 3,5 prósenta hagvexti á árinu. **- jsk**



**GORDON BROWN FJÁRMÁLARÁÐHERRA BRETLANDS** Verður að endurskoða hagvaxtarspá sína fyrir árið ef eitthvað er að marka nýjustu tölur.









FINNBOGI PÉTURSSON VINNUR VERK SÍN ÚR HLJÓÐBYLGJUM, EINKUM STÖKUM, SÍENDURTEKNUM TÓNUM. ÞESSUM TÓNUM VARPAR HANN Á TILTEKNU TÍÐNISVIÐI MEÐ ÁKVEÐNU MILLIBILI ÚR HÁTÖLURUM Á VEGG, GÓLFI EÐA FESTUM UPP Á SÚLUR OG MYNDAR ÞANNIG ÞAÐ SEM HANN KALLAR „TEIKNINGAR", MYNDIR SEM HAFA ENGAR SÝNILEGAR ÚTLÍNUR HELDUR ERU ÚR ÓSÝNILEGUM HLJÓÐBYLGJUM.

**VATNSTANKAR HÁTEIGSVEGI** – VIÐ STÝRIMANNASKÓLANN.
SÝNINGIN STENDUR TIL 5. JÚNÍ OG ER OPIN FRÁ KL. 13:00 - 17:00 ALLA DAGA NEMA SUNNUDAGA.

BURÐARÁS

**HENRY ADAMS (1838-1918)** lést þennan dag.



*„Óreiða elur oft af sér líf, á meðan regla skapar einungis vana.“*

***Henry Adams var bandarískur sagnfræðingur sem fékkst við bókaskrif og kennslu. Hann var prófessor við Harvard-háskóla og var virtur fyrir greinargóð skrif sín um evrópska og bandaríska sögu.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

### Flugvél ferst með fjórum mönnum

Umfangsmikil leit hófst þennan dag árið 1981 þegar flugvélin TF-ROM með fjórum ungum mönnum innanborðs skilaði sér ekki á áfangastað á Akureyri en þeir höfðu lagt af stað frá Reykjavík um kvöldmatarleytið. Fjöldi flugvéla, þyrlur og björgunarsveitir tóku þátt í leitinni en mikil þoka olli erfiðleikum fyrstu dagana, sem og snjóalög um mest allt leitarsvæðið milli Reykjavíkur og Akureyrar. Flugvélarinnar varð hvergi vart og að lokum teygði leitarsvæðið sig yfir næstum allt landið.

Ráðgátan var síðan leyst hinn 10. júní, um tveimur vikum eftir hvarf vélarinnar. Flak vélarinnar fannst í mörgum hlutum við Þverárvötn í Borgarfirði, austur af Fornahvammi. Voru nokkrir hlutar vélarinnar úti á ísilögðu vatni. Svo virtist sem flugvélin hefði flogið af fullum krafti á jörðina og sundrast þar með þeim afleiðingum að mennirnir fjórir létust samstundis.

Síðar á árinu spruttu aftur upp miklar umræður um flugöryggismál þegar Flugráð gaf út skýrslu þar sem fram kom að af tólf þyrlum sem keyptar hefðu verið til landsins frá upphafi hefðu hvorki meira né minna en níu farist. Var slæmum flugskilyrðum á Íslandi kennt um en þó ekki talið ólíklegt að þjálfun flugmanna væri ábótavant.



**27. MAÍ 1981**

## MERKISATBURÐIR

**1703** St. Pétursborg er nefnd höfuðborg Rússlands.

**1857** Danskir embættismenn þurfa frá og með þessum degi að þreyta íslenskupróf áður en þeir taka við embættum á Íslandi.

**1923** Fyrsti La Mans-kappaksturinn fer fram. Renee Leonard fer með sigur af hólmi.

**1933** Teiknimyndin Grísirnir þrír er fyrst gefin út þennan dag.

**1983** Hús verslunarinnar í Reykjavík er tekið í notkun. Húsið átti að efla verslun og auka samtakamátt þeirra sem að henni koma.

**1991** Landsbankinn tekur yfir síðasta útibú Samvinnubankans.

## ANDLÁT

**Þórarinn Pálsson** bóndi, Seljalandi, Fljótshverfi, lést þriðjudaginn 24. maí.
**Guðmundur Sæmundsson** tæknifræðingur, Álftamýri 25, Reykjavík, lést á heimili sínu mánudaginn 23. maí.
**Kristín Laufey Guðjónsdóttir** andaðist mánudaginn 23. maí.
**Sesselja Ólafsdóttir**, Kirkjuvegi 6, Hvammstanga, lést á sjúkrahúsi Hvammstanga þriðjudaginn 24. maí.
**Anna Clara Sigurðardóttir**, Lindargötu 57, Reykjavík, lést þriðjudaginn 24. maí.
**Sigríður Ingibjörg Claessen** kennslumeinatæknir, Sæviðarsundi 82, Reykjavík, lést á krabbameinsdeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss mánudaginn 23. maí.
**Margrét H. Randversdóttir**, Lindarsíðu 3, Akureyri, lést á gjörgæsludeild FSA föstudaginn 20. maí.
**Steinunn Þ. O. Nielsen**, Seljahlíð, Reykjavík, lést miðvikudaginn 25. maí.

## AFMÆLI

**Guðný Skaptadóttir Fisher** verður 60 ára þann 30. maí. Hún er stödd á Íslandi og býður vinum og vandamönnum til kaffisamsætis að Funafold 79 á milli kl. 15 og 18, sunnudaginn 29. maí.
**Þórey Aðalsteinsdóttir** leikkona er 67 ára.
**Karl Steinar Guðnason**, fyrrverandi alþingismaður, er 66 ára.
**Hjördís Rut Sigurjónsdóttir** fréttakona er 30 ára.

## JARÐARFARIR

10.30 **Steingerður Hólmgeirsdóttir**, Víðilundi 20, Akureyri, verður jarðsungin frá Glerárkirkju.
13.00 **María Ágústa Benedikz**, Sóltúni 2, áður Hrefnugötu 2, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.
13.00 **Halldóra Árnadóttir**, Kvistagerði 2, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.
13.00 **Erla Kristjánsdóttir**, til heimilis á Bakkastöðum 5a, áður Hjallalandi 22, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.
14.00 **Hjálmar Rúnar Hjálmarsson**, vélstjóri, Lóulandi 2, Garði, verður jarðsunginn frá Útskálakirkju.
14.00 **Gísli Torfason**, Lágmóa 11, Reykjanesbæ, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.
15.00 **Ottó Nielsson**, Hrafnistu, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1794 Cornelius Vanderbilt,** auðjöfur
**1882 Josef Joachim Raff,** tónskáld
**1923 Henry A. Kissinger,** fyrrverandi ráðherra í Bandaríkjunum
**1975 Jamie Oliver,** kokkur án klæða



**VELUNNARAR ÞRISTSINS HEIÐRAÐIR** Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri heiðruðu hóp fólks fyrir stuðning við landgræðsluflugið.

TÍMAMÓT: SÍÐASTA FLUG ÁBURÐARFLUGVÉLARINNAR PÁLS SVEINSSONAR

# Flugmenn slást um að fljúga Þristinum

Það mátti vel greina spennu hjá þeim sem komnir voru saman við flugaðstöðu landgræðsluflugsins í gær, þegar flugvélin Páll Sveinsson af gerðinni DC-3 var að lenda úr sínu síðasta áburðarflugi. „Þetta er stór dagur hjá öllu áhugafólki um flugsögu og kannski sérstaklega hjá þeim fjölmörgu sem tengjast þessari tegund flugvél beint,“ segir Tómas Dagur Helgason, formaður Þristavinafélagsins, sem er sérstakur félagsskapur áhugamanna um þessa tegund flugvéla. „Merkilegast við sögu Páls Sveinssonar er þó að hún hefur verið notuð í mikilli vinnu alla sína tíð, sem er sjaldgæft með þetta gamlar vélar, sem sýnir vel hversu magnaðar þessar DC-3 vélar eru,“ bætir Tómas Dagur við.

Bræðurnir Jóhannes og Snorri Snorrasynir tengjast vélinni tryggum böndum, en báðir flugu þeir vélinni um árabil. „Í áætlunarflugi milli Reykjavíkur og Keflavíkur árið 1948 var ég í þjálfun hjá Flugfélagi Íslands og var ekki kominn með full réttindi ennþá, þá vantaði aðstoðarflugmann í skyndi, ég var bara kallaður til og hef alla tíð síðan tengst þessari vél mikið,“ segir Snorri.

Félag atvinnuflugmanna hefur gefið vinnu sína við áburðarflugið í þau 32 ár sem það hefur verið í gangi, og segja félagsmenn það alls ekki íþyngjandi verk. „Það er einfaldlega slegist um að fá að fljúga þessari vél,“ segir Snorri og undrast það ekki að vélin skuli enn þann dag í dag njóta mikilla vinsælda.

Þristavinafélög eru starfandi víða um heim. „Við höldum tengslum við félögin í Skandinavíu en ég veit til þess að þessi tegund flugvéla á sér stóra aðdáendahópa um allan heim,“ segir Tómas Dagur.

Flugvélin, sem er orðin 62 ára gömul, verður ennþá notuð til flugs í einhvern tíma þó hún muni ekki sinna áburðarfluginu.

Landgræðslan, sem á flugvélina, mun færa Þristavinafélaginu vélina til umsjónar. „Vélin verður áfram í eigu Landgræðslunnar en Þristavinafélagið mun hafa umsjón með henni,“ segir Björn Bjarnarson, umsjónarmaður áburðarflugsins.

Vélin verður máluð og snyrt fyrir sýningu sem haldin verður í Duxford í Bretlandi 9. til 10. júlí, en þangað verður henni flogið nokkrum dögum fyrr. ■



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Björgvinsson**

fyrrum bóndi á Neistastöðum,

sem lést að hjúkrunarheimilinu Víðinesi föstudaginn 20. maí sl., verður jarðsunginn frá Selfosskirkju mánudaginn 30. maí kl. 13:30. Jarðsett verður í kirkjugarðinum að Hraungerði.

**Margrét Björnsdóttir**
**Björn Sigurðsson** — **Sigríður Júlía Bjarnadóttir**
**Soffía Sigurðardóttir** — **Sigurður Ingi Andrésson**
**Stefanía Sigurðardóttir** — **Björn Jónsson**
**Guðbjörg Sigurðardóttir** — **Stefán Hrafn Jónsson,**
**Sigurður B. Sigurðsson** — **Þorbjörg Erla Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður og faðir,*

**Vu Van Phong**

er látinn.

Minningarathöfn hefur farið fram, jarðaförin fer fram í Víetnam.
Þökkum ykkur öllum auðsýnda samúð og stuðning.

**Viet Thanh Mac**
**Kristín Trang Linh Vu**

**Ættingjar og vinir.**

**Loi cam Ta**
**Toi xin chan Thanh cam on**
**ba con cong dong nguoi viet**
**nam dang song tai bang dao**
**da nhiet tinh den chia buon**
**phung vieng dam le tang chong**
**loi trong khi tang gia boi roi**
**co diei gi so suat mong ba**
**con rong long luong thu**

**goa phu**
**Mac Thanh Viet**

# Fyrsta flugmessan á Íslandi

Næstkomandi sunnudag er flugmessa í Grafarvogskirkju og verður hún fyrsta guðsþjónusta sinnar tegundar hér á landi. Að sögn séra Vigfúsar Þórs Árnasonar sóknarprests átti Björn Þverdal, flugvirki og gæðastjóri hjá Flugfélagi Íslands, frumkvæðið að messunni. „Björn var í alfanámskeiði hjá okkur og kom að máli við mig og nefndi þessa hugmynd. Við ákváðum að taka slaginn og nú er fyrsta flugmessan að verða að veruleika.“

Fjölmargir sem tengjast flugi koma að messugjörðinni; Benóný Ásgrímsson flugstjóri flytur hugleiðingu og flugfreyjukórinn syngur ásamt félögum úr kvartett flugstjóra. Þá leikur fjöldi flugmanna og flugfreyja á hljóðfæri. Signý Pétursdóttir flugumferðarstjóri flytur ritningarlestur og Hertvig Ingólfsson flugvirki og Rafn Jónsson flugstjóri lesa bænir. Þá les Björn Þverdal lokabæn.

Fyrir messu lendir þyrla við kirkjuna, sem og fallhlífarstökkvarar. Að messu lokinni verður boðið upp á kaffi og kirkjugestir geta notið listflugs á meðan. Flugfólk sem á og notar einkennisbúninga í starfi sínu er beðið um að mæta í þeim. Flugmessan hefst klukkan 11.00 en fallhlífarstökkvararnir lenda upp úr klukkan 10. ■



**SÉRA VIGFÚS ÞÓR ÁRNASON** Fólk úr fluggeiranum sér um allan tónlistarflutning og bænalestur í messunni. Að lokinni guðsþjónustu verður boðið upp á kaffi og listflugssýningu.

tmhusgogn.is



# sófar

sem sameina fegurð og þægindi

## Queen

tauáklæði



3ja sæta kr. 89.000
2ja sæta kr. 78.000

## Mission

tauáklæði



3ja sæta kr. 119.000
2ja sæta kr. 97.000

## Indiana

leður



3ja sæta kr. 107.000
2ja sæta kr. 77.000
Stóll kr. 57.000

sófar

**Opið**

**Mán. - fös. 10.00 - 18.00 • Laugard. 11.00 - 16.00 • Sunnud. 13.00 - 16.00**

**TM - HÚSGÖGN**

Síðumúla 30 - Sími 568 6822

*- ævintýri líkust*



# Nýtt frá Jóa Fel

# Verð sem þú fin

Jói Fel

Kryddlegnar **svínakótilettur**

að hætti Jóa Fel með Hot Spot sósu, hunangi og sætu sinnepi

# Grillkóngur sumarsins!

Eitt vandaðasta grillið á markaðinum í dag!

## Focus

- Stærð á grilli: 163x1115x65 burstað stál
- Grillflötur: Neðri grind 80x49, efri grind 77x15,5
- Grill grind: Úr massífu pottajárni tvískipt, 50x40 sem er heil plata til steikingar og 50x40 grillgrind með neðriplötu sem hindrar að fita og olíur komist að brennurum.
- Kveikja: Elektrónísk
- Brennari: 4 brennarar úr pottajárni með sérstillingu hver
- Hliðarhella: Úr pottajárni. Lok til að setja yfir þegar hellan er ekki í notkun
- Skápur
- Hliðarborð: Úr járni
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu
- Hitamælir



**FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri sama dag ef þú kemur fyrir kl. 15

**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **5.799**kr*
á mán. í 12 mánuði
Verð nú 69.588,-
Upph. verð 98.999,-

**KAUPAUKI**
Yfirbreiðsla fylgir hverju keyptu Focus grilli



**50% afsláttur**

**TILBOÐ**
**1.999**kr
Verð áður 3.999.-



STERLING

**FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri sama dag ef þú kemur fyrir kl. 15

## Sterling 2588

- Brennari: 13.2kW H-Brennari úr ryðfríu stáli
- Heildar umfang: 3903cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **4.990**kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð nú 49.900,-
Verð áður 59.900,-



STERLING

**FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri sama dag ef þú kemur fyrir kl. 15

## Sterling 1104

- Brennari: 7.0kW H-Brennari úr ryðfríu stáli
- Heildar umfang: 2710cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **2.999**kr*
á mán. í 5 mánuði
Verð nú 14.995,-
Verð áður 19.996,-



## Grillino Champ grill

- Grillflötur: 48 x 30 cm
- Grind: Krómuð
- Kveikja: Neistakveikja
- Brennari: Breiður I-brennari
- Steinar og grind fyrir ofan brennara til að jafna hitadreifingu í grillinu
- Hliðarborð úr viði
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

**TILBOÐ**
**9.999**kr
Upph. verð 19.999,-

GRILLPRO
ADVANCING THE ART OF GRILLING

**Mikið úrval af grill aukahlutum**



Frábær grillpensill úr silicone sem dregur vel í sig olíur og grillpenslunin verður allt önnur!

**Gott verð**
**599**kr

**Westmark** gæða grillpensill



**TILBOÐ**
**1.899**kr
Verð áður 2.499.-

**Tölvukjötsteikarmælir** fyrir rétta steikingu



Pannan sem slegið hefur í gegn í Evrópu!

**TILBOÐ**
**1.999**kr
Verð áður 2.999.-

**Grillpanna** grillaðu fitusnauðari mat á pönnunni

Gildir til og með 1. júní eða á meðan birgðir endast.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# mur ekki annars staðar



## Multi Royal
**sex stillanlegir stólar m/sessum og stækkanlegt borð**

Vönduð garðhúsgögn úr gegnheilum harðviði á ótrúlegu verði

**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **4.999*** kr
á mán. í 12 mánuði
**Verð 59.988,-**

Borð
**Gott verð**
**24.999** kr

Stólar
**Gott verð**
**7.999** kr/stk

**Verandar-hitari**
**24.999** kr
Verð áður 29.999,-

## Verandarhitari
- Vandaður gashitari sem stenst alla staðla
- Auðveldur í notkun og samsetningu
- Gengur fyrir venjulegum gaskút

Hitasvæði: allt að 18 $m^2$
Stærð á hatti: 81,5 cm
Hæð: 228 cm
Hitari: Ryðfrítt stál
Búkur: Burstað stál
Hæsta stilling: 13 Kw
850 g á klst. í eyðslu sem þýðir að 9 kg kútur endist í rúmar 10 klst.

Innri hjálmur sem sér til þess að hitinn blási niður til hliðanna

**Gerðu verðsamanburð!**



## Newbury
**borð og fjórir stólar**

Vönduð garðhúsgögn úr gegnheilum harðviði á ótrúlegu verði

**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **3.999*** kr
á mán. í 6 mánuði
**Verð 23.994,-**



## Wasburn
**borð og 2 stólar**

Vandað garðhúsgagnasett á ótrúlegu verði

**40% afsláttur**

Borð
**Gott verð**
**3.999** kr

Stólar
**TILBOÐ**
**3.499** kr/stk
Aðeins seldir tveir saman

**TILBOÐ**
**7.499** kr
Verð áður 12.999,-



## Saratoga
**borð og sex stólar m/sessum**

Vandað garðhúsgagnasett á ótrúlegu verði

**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **3.999*** kr
á mán. í 12 mánuði
**Verð 47.988,-**



## Charleston
**borð, bekkur og 2 stólar**

Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði á ótrúlegu verði

**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **2.999*** kr
á mán. í 6 mánuði
**Verð 17.994,-**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Gildir til og með 1. júní eða á meðan birgðir endast.
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

## Heyrst hefur ...

... að ÍBV sé farið að leita að sóknarmanni til að styrkja lið sitt í sumar en sóknarleikur liðsins hefur verið grátlega lélegur það sem af er sumri. Meira að segja lélegri en varnarleikur liðsins sem hefur verið hreint út sagt hörmulegur.

**sport**
sport@frettabladid.is

**EGGERT MAGNÚSSON UM LIVERPOOL-MÁLIÐ:** MIKILL ÞRÝSTINGUR Á KNATTSPYRNUSAMBAND EVRÓPU

# *Ekki sjálfgefið að sigurvegarar haldi áfram*



„Málið á eflaust eftir að fara í ákveðið ferli hjá okkur en ég sé afstöðu okkar ekki breytast eins og staðan er nú,“ sagði Eggert Magnússon, formaður KSÍ og meðlimur í framkvæmdastjórn Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA. „Það er ekki lengur sjálfgefið að sigurvegarar á móti fái sjálfkrafa þátttökurétt á næsta móti, eins og er tilfellið bæði með heims- og Evrópumeistaramótin. Þar fá eingöngu gestgjafar sjálfkrafa þátttökurétt, aðrir þurfa að taka þátt í undankeppninni, líka ríkjandi meistarar.“

Þetta mál hefur verið mikið rætt bæði í Englandi og víðar en hvergi í reglum Meistaradeildar Evrópu stendur að meistarar fái tækifæri til að verja titilinn ef þeir ná ekki að tryggja sér þátttöku með viðunandi árangri í deildakeppni viðkomandi heimalands.

„Það er undir knattspyrnusambandi hvers lands komið hvaða lið eru send til þátttöku. Þetta hefur áður gerst, á Spáni, og leystu þeir það þannig að meistararnir voru látnir taka stað liðsins sem lenti í fjórða sæti í deildakeppninni.

Þetta er því fyrst og fremst vandamál Englendinganna.“ Enska knattspyrnusambandið tilkynnti nokkru áður en til úrslitaleiksins kom að það myndi ekki hverfa frá þeirri ákvörðun að senda efstu fjögur liðin í deildinni í Meistaradeildina, óháð því hvort Liverpool fagnaði sigri gegn AC Milan eða ekki.

„En ég er viss um að enska pressan og fleiri aðilar munu setja þrýsting á framkvæmdastjórn UEFA. Það verður fundur hjá okkur í júní þar sem þetta mál verður rætt. Það er hins vegar annað mál hvort þessu verði breytt fyrir næsta keppnistímabil. Það kemur til greina og eru margar hugmyndir á loft en ómögulegt að segja til um það nú hvernig fyrirkomulagið verður.“

### > Við óttumst ...



... að Íslandsmeistarar FH eigi eftir að stinga af í Landsbankadeild karla í sumar. FH-liðið er gríðarlega vel mannað og er sem öflug vél. Það er alveg sama hversu lélegir þeir eru – meistararnir eru samt mikið mun betri eins og sást greinilega í Krikanum í gær.

### > Við hrósum ...



.... nýliðum Vals sem eru búnir að stimpla sig rækilega inn í deild þeirra bestu með þrem sigrum í fyrstu þrem umferðum Landsbankadeildarinnar. Valur er klárlega eitt besta lið landsins og mun berjast á toppnum.

**LANDSBANKADEILDIN**

# Skyldusigur hjá meisturunum í FH

**FH vann tilþrifalítinn skyldusigur, 3-0, á ÍBV í hrútleiðinlegum leik í Kaplakrika. Þessi lið eiga helst ekki að leika saman því leikir liðanna síðustu ár hafa verið skelfilega slakir. Það var engu að síður klassamunur á liðunum og það sást í síðari hálfleik.**

**FH 3-0 ÍBV**

Kaplakriki, áhorf: 1011 Magnús Þórisson (8)

*1–0 Tryggvi Guðmundsson (67.)*
*2–0 Allan Borgvardt (70.)*
*3–0 Atli Viðar Björnsson (86.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–6 (7–1) |
| Varin skot | Daði 1 – Birkir 3 |
| Horn | 5–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–15 |
| Rangstöður | 3–1 |

**FÓTBOLTI** FH vann tilþrifalítinn skyldusigur, 3-0, á ÍBV í hrútleiðinlegum leik í Kaplakrika. Þessi lið eiga helst ekki að leika saman því leikir liðanna síðustu ár hafa verið skelfilega slakir. Það var engu að síður klassamunur á liðunum og það sást í síðari hálfleik í gær.

Fyrri hálfleikur liðanna var án nokkurs vafa sá alslakasti í sumar og satt að segja var hann hundleiðinlegur. Bæði lið voru sem lömuð, sóttu hægt og án nokkurs ákafa eða vilja. Til marks um getuleysi og leiðindi fyrri hálfleiksins þá kom fyrsta skot leiksins á 27. mínútu frá ÍBV en meistararnir létu ekki að sér kveða fyrr en á 38. mínútu. Það var ekki ósanngjarnt að liðin fóru markalaus til búningsherbergja en leikmenn áttu vart skilið að fá te fyrir frammistöðuna í fyrri hálfleiknum. Eins og við mátti búast var mikið mun meira líf í síðari hálfleiknum. Eyjamenn lágu enn aftarlega en FH kom framar og tók öll völd á vellinum.

Smám saman jókst pressan að marki ÍBV og markið lá í loftinu. Það kom á 67. mínútu er Tryggvi Guðmundsson skallaði í netið og Allan Borgvardt gerði slíkt hið sama þrem mínútum síðar.

FH slakaði aðeins á klónni í kjölfarið enda var mótstaðan engin og ÍBV virtist hafa lítinn áhuga á að skora. Það var eins og Eyjamenn vildu frekar sleppa eins vel frá leiknum og mögulegt var. Það var lítill meistarabragur á FH í þessum leik en liðið gerði það sem þurfti og að vinna 3-0 án þess að leika vel segir meira en mörg orð um FH. Um lið ÍBV er lítið hægt að segja. Liðið er mjög slakt og á lítið sem ekkert erindi í deild þeirra bestu eins og staðan er í dag. Blessunarlega fyrir þá er mótið nýhafið.

„Það tók tíma að brjóta þá en það hafðist og ég er ánægður með það,“ sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, en var hann ánægður með leik sinna manna? „Ég er sáttur við að vinna leikinn 3-0. Þetta verður ekki létt mót hjá okkur. Ef ég héldi það þá væri ég hættur.“

„Ég get ekki sagt að ég sé sáttur. Við spiluðum ekki vel en unnum samt 3-0 og það er ótrúlegt. Það var enginn glæsibragur á þessu. Þetta var bara lélegt,“ sagði Tryggvi Guðmundsson markaskorari með meiru. Birkir Kristinsson, markvörður ÍBV, var frekar þungur á brún eftir leikinn.

„Við óttuðumst að sjálfstraustið færi þegar við lentum undir og það gerðist aftur núna þótt við hefðum haldið hreinu lengur en áður. Við sköpuðum ekki færi í þessum leik og áttum lítið skilið úr honum. Þetta var samt spor í rétta átt,“ sagði Birkir.

**henry@frettabladid.is**



**TRYGGVI SJÓÐHEITUR** Tryggvi Guðmundsson skorar hér fimmta mark sitt í Landsbankadeildinni í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

| **FH** 4–3–3 | | **ÍBV** 5–4–1 | |
|---|---|---|---|
| Daði | 5 | ***Birkir** | **7** |
| Guðmundur | 6 | Pétur | 4 |
| Auðun | 6 | Einar Hlöðver | 5 |
| Nielsen | 6 | (62. Platt | 4) |
| Freyr | 6 | Páll Hjarðar | 4 |
| Siim | 4 | Bjarni Hólm | 4 |
| Heimir | 5 | Bjarni Geir | 4 |
| (75. Ólafur Páll | –) | Sam | 4 |
| Davíð Þór | 5 | (82. Bjarni Rúnar | –) |
| (79. Baldur | –) | Jeffs | 5 |
| Jón Þorgrímur | 5 | Andri | 4 |
| Borgvardt (mark) | 6 | Atli (gult spjald) | 4 |
| (72. Atli Viðar (mark) | –) | Steingrímur | 4 |
| Tryggvi (mark) | 6 | (41. Magnús Már | 3) |

*MAÐUR LEIKSINS

Tvö mörk frá Guðmundi Steinarssyni gegn KR:

# Sanngjarn Keflavíkursigur

**Keflavík 2-1 KR**

Keflavíkurv.,áhorf: 1200 Garðar Ö. Hinriksson (6)

*1–0 Guðmundur Steinarsson (11.)*
*1–1 Bjarnólfur Lárusson (41.)*
*2–1 Guðmundur Steinarsson, víti (67.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–7 (6–5) |
| Varin skot | Ómar 3 – Kristján 4 |
| Horn | 6–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 5–8 |
| Rangstöður | 4–9 |

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar sýndu góða baráttu og uppskáru eftir því þegar þeir lögðu KR 2-1 á heimavelli sínum í gær. Liðin sitja í kjölfarið hlið við hlið í töflunni með sex stig en Keflavíkurliðið hefur nú unnið tvo leiki í röð.

Guðmundur Steinarsson var í miklum ham hjá Keflavík og skoraði tvö mörk í leiknum, það fyrra á 11. mínútu en það síðara í seinni hálfleik úr vítaspyrnu sem dæmd var þegar sparkað var í andlit Baldurs Sigurðssonar, sem reyndi að skalla boltann eftir horn.

KR-ingar voru ekki að leika vel og það vantaði bit í sóknarleik þeirra, þeir voru lengi af stað en Gréta Hjartarson átti skot í slá áður en þeir náðu að jafna í 1-1. Þá potaði Bjarnólfur Lárusson boltanum inn og KR fékk síðan kjörið tækifæri til að komast yfir í uppbótartíma fyrri hálfleiks en Ómar Jóhannsson varði vítaspyrnu Arnars Gunnlaugssonar. Heimamenn léku skynsamlega og skoruðu sigurmarkið í seinni hálfleiknum.

Guðmundur markaskorari var að vonum hæstánægður eftir leikinn. ,,Það er ekkert skemmtilegra en að spila á móti KR á heimavelli og vinna. Þeir hafa alltaf verið taldir stærstir og það er auðveldara að gíra sig upp fyrir leiki gegn þeim. Ég er gríðarlega sáttur með mína frammistöðu og er ánægður með að vera kominn í gang.“ sagði Guðmundur kampakátur með sig og liðið í heild. Guðmundur er eftir leikinn annar markahæstur í deildinni með þrjú mörk í þremur leikjum.

**elvar@frettabladid.is**



**FLOTTUR FYRIRLIÐI** Guðmundur Steinarsson var valinn maður leiksins annan leikinn í röð.
FRÉTTBLAÐIÐ/VALLI

| **KEFLAVÍK** 4–4–2 | | **KR** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ómar | 7 | Kristján | 6 |
| Guðjón (gult spjald) | 5 | Sigmundur | 6 |
| O´Callaghan | 6 | Ágúst Þór | 5 |
| Johansson | 6 | Tryggvi | 6 |
| Milicevic | 7 | Matute | 6 |
| Jónas | 6 | Bjarnólfur (mark, gult spjald) | 6 |
| Hólmar Örn | 7 | Sigurvin | 6 |
| Baldur | 6 | Rógvi | 6 |
| Gestur (gult spjald) | 6 | Sölvi | 4 |
| Hörður | 8 | (80. Jökull | –) |
| ***Guðmundur** (2 mörk) | **8** | Grétar | 5 |
| | | Arnar G. | 4 |
| | | (73. Gunnar K. | –) |

*MAÐUR LEIKSINS

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild karla:*

**FH–ÍBV 3–0**
1–0 Tryggvi Guðmundsson (67.), 2–0 Allan Borgvardt (70.), 3–0 Atli Viðar Björnsson (86.)

**FYLKIR–VALUR 1–2**
0–1 Matthías Guðmundsson (17.), 1–1 Helgi Valur Daníelsson (25.), 1–2 Matthías Guðmundsson (50.),

**ÍA–GRINDAVÍK 3–2**
0–1 Magnús Þorsteinsson (34.), 1–1 Hafþór Vilhjálmsson (53.), 2–1 Hjörtur Hjartarson (71.), 2–2 Mounir Ahandouer (76.), 3–2 Andri Júlíusson (90.).

**KEFLAVÍK–KR 2–1**
1–0 Guðmundur Steinarsson (11.), 1–1 Bjarnólfur Lárusson (41.), 2–1 Guðmundur Steinarsson, víti (67.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 3 | 3 | 0 | 0 | 11–1 | 9 |
| **VALUR** | **3** | **3** | **0** | **0** | **7–2** | **9** |
| KR | 3 | 2 | 0 | 1 | 4–3 | 6 |
| **ÍA** | **3** | **2** | **0** | **1** | **4–4** | **6** |
| KEFLAVÍK | 3 | 2 | 0 | 1 | 5–6 | 6 |
| **FRAM** | **2** | **1** | **0** | **1** | **3–1** | **3** |
| FYLKIR | 3 | 1 | 0 | 2 | 4–5 | 3 |
| **ÞRÓTTUR** | **2** | **0** | **0** | **2** | **1–3** | **0** |
| GRINDAVÍK | 3 | 0 | 0 | 3 | 4–11 | 0 |
| **ÍBV** | **3** | **0** | **0** | **3** | **2–9** | **0** |

**MARKAHÆSTIR:**

| | |
|---|---|
| TRYGGVI GUÐMUNDSSON, FH | 5 |
| **GUÐMUNDUR STEINARSSON, KEFLAV.** | **3** |
| MAGNÚS ÞORSTEINSSON, GRINDAVÍK | 2 |
| **MATTHÍAS GUÐMUNDSSON, VAL** | **2** |
| ALLAN BORGVARDT, FH | 2 |
| **HJÖRTUR HJARTARSON, ÍA** | **2** |




# Evrópu forsýning

## í dag hjá Master í Glæsibæ

---

## Mercedes Benz ML 500 Alcantara

## 2006

MASTER

Master ehf, Glæsibæ
Álfheimum 74
104 Reykjavík
sími 540 2200
www.masterbill.is

Mercedes-Benz

Þjónustuaðili Master er
RÆSIR HF

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

24 25 26 **27** 28 29 30

**Föstudagur**

### LEIKIR

- ☐ 20.00 **Fram** og **Þróttur** mætast á Laugardalsvelli í Landsbankadeild karla í fótbolta..
- ☐ 20.00 **Fjölnir** og **Víðir** mætast á Fjölnisvelli í 2. deild karla í fótbolta..

### SJÓNVARP

- ☐ 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- ☐ 07.30 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- ☐ 08.00 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- ☐ 08.30 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- ☐ 16.25 **Þú ert í beinni!** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- ☐ 16.45 **Fótboltakvöld** á Rúv. Endursýndur þáttur.
- ☐ 17.25 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- ☐ 18.40 **Gillette Sportpakkinn** á Sýn.
- ☐ 19.10 **Motorworld** á Sýn. Hjól og hestöfl.



- ☐ 19.40 **Lansbankadeildin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Fram** og **Þróttar** í Landsbankadeildinni.
- ☐ 21.55 **HM í póker** á Sýn.

# Vörn Valsmanna vinnur leiki

**Valsmenn gerðu góða ferð í Árbæinn í gær og unnu sannfærandi útisigur á Fylki, 1-2. Þetta er í fyrsta sinn síðan 1993 að nýliðar vinna þrjá fyrstu leiki sína í efstu deild.**

**Fylkir 1-2 Valur**

Fylkisvöllur, áhorf: 1285 Gísli H. Jóhannsson (5)

*0–1 Matthías Guðmundsson (17.)*
*1–1 Helgi Valur Daníelsson (25.)*
*1–2 Matthías Guðmundsson (50.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–4 (1–2) |
| Varin skot | Bjarni Þórður 0 – Kjartan 0 |
| Horn | 11–0 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–13 |
| Rangstöður | 0–0 |

**FÓTBOLTI** „Við vitum hvar styrkleiki okkar liggur og við reynum að byggja okkar leikaðferð á honum. Við erum sterkir varnarlega og svo erum við fljótir upp völlinn og auðvitað reynum við að nýta okkur það,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Valsmanna, í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn. Vel valin orð þar hjá Willum því þeirra taktík í leiknum í gær gekk fullkomlega upp og náðu Fylkismenn aldrei að ógna marki Vals að neinu viti. Mark þeirra kom úr hornspyrnu, einni af ellefu slíkum í leiknum sem allar voru Fylkismanna, og var það nánast aðeins í þeim sem einhver hætta skapaðist upp við mark gestanna.

Willum stillti upp sama liði og hann hefur gert í fyrstu tveimur leikjunum að undanskildum Garðari Gunnlaugssyni, sem á við meiðsli að stríða. Í fjarveru hans ákvað Willum að setja Matthías Guðmundsson í fremstu víglínu og kom Baldur Aðalsteinsson inn í liðið í stað Matthíasar á hægri kantinum. Matthías reyndist betri en enginn í framlínunni og þakkaði fyrir sig með tveimur laglegum mörkum.

„Mér er svo sem alveg sama hvar ég spila og mér líður alveg jafn vel frammi og á kantinum. Mér líður bara vel í þessu liði núna,“ sagði Matthías í sigurvímu í leikslok. „Það skiptir engu máli hver skorar mörkin. Ég náði að setja tvö sem er auðvitað ánægjulegt en bestur er samt sigurinn,“ bætti markaskorarinn við en hann var mjög sprækur í framlínunni framan af leik og olli varnarmönnum Fylkis miklum vandræðum með hraða sínum.

Ekki er hægt að segja að leikurinn í gær hafi verið vel leikinn. Heimamenn voru ívið meira með boltann nánast allan leiktímann en Valsmenn vörðust gríðarlega skpulega og beittu einstaklega vel útfærðum skyndisóknum. Það var einmitt úr einni slíkri sem Matthías skoraði sigurmarkið en arkitektinn að því var vinstri bakvörðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson. Hann, ásamt hinum þremur í varnarlínu Vals, myndaði múr upp við vítateig Vals sem heimamenn voru aldrei nálægt að brjóta og var á köflum vandræðalegt að fylgjast með sóknartilburðum Fylkis. Og jafnvel þrátt fyrir að hafa verið manni fleiri síðustu 20 mínúturnar héldu Fylkismenn áfram að beita löngum sendingum fram völlinn, þar sem smávaxnir sóknarmenn máttu síns lítils gegn turnunum í vörn Vals.

„Við spiluðum langt undir getu og vorum ekki að skapa okkur sömu færin og í fyrstu tveimur leikjunum. Það er erfitt að segja af hverju en Valur spilar mjög öfluga vörn og það hefur aldrei gengið hjá okkur að dæla háum bolta fram. Ég veit ekki af hverju við gerðum þetta svoleiðis en við þurfum að rífa okkur upp, það er ljóst,“ sagði Guðni Rúnar Helgason.

„Við erum með markmiðin á hreinu og það fyrsta er að tryggja tilverurétt okkar í deildinni. Þessi sigur var skref í áttina að því,“ sagði Willum enn fremur og er með fæturna á jörðinni þrátt fyrir óskabyrjun Vals á Íslandsmótinu.

**vignir@frettabladid.is**



**FULLT HÚS HJÁ VALSMÖNNUM** Valsmaðurinn Guðmundur Benediktsson sést hér brjótast framhjá Fylkismanninum Ragnari Sigurðssyni í leik liðanna á Fylkisvellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

| FYLKIR 4–3–3 | | VALUR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Þórður | 5 | Kjartan | 5 |
| Helgi Valur ⚽ | 6 | Steinþór | 6 |
| Ragnar (gult spjald) | 5 | Atli Sveinn | 7 |
| Valur Fannar | 5 | Grétar | 7 |
| Gunnar Þór | 5 | Bjarni Ólafur | 7 |
| Finnur | 6 | Baldur | 6 |
| Guðni Rúnar | 5 | (77. Sigurður S. | –) |
| Viktor Bjarki | 5 | Sigurbjörn (gult spjald) | 6 |
| Eyjólfur | 4 | Stefán Helgi (gult spjald, rautt spjald) | 5 |
| (56. Jón Björgvin | 4) | Sigþór | 5 |
| Sævar Þór | – | ***Matthías** ⚽ ⚽ | **7** |
| (18. Albert | 5) | Guðmundur | 5 |
| Björgólfur | 4 | (63. Kristinn | 5) |
| (70. Björn Viðar | –) | | |

*BESTUR Á VELLINUM

Skagamenn tóku á móti Grindvíkingum:

# Stálheppnir Skagamenn

**ÍA 3-2 Grindavík**

Akranesv., áhorf: 682 Erlendur Eiríksson (7)

*0–1 Magnús Þorsteinsson (34.)*
*1–1 Hafþór Vilhjálmsson (53.)*
*2–1 Hjörtur Hjartarson (71.)*
*2–2 Mounir Ahandouer (76.)*
*3–2 Andri Júlíusson (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–7 (10–6) |
| Varin skot | Páll Gísli 3 – Savic 7 |
| Horn | 6–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–13 |
| Rangstöður | 1–1 |

**FÓTBOLTI** „Þetta var ekkert bylmingsskot,“ sagði Andri Júlíusson, hetja Skagamanna í leiknum gegn Grindavík uppi á Skipaskaga í gær. Hann skoraði sigurmark leiksins með lokaspyrnu leiksins. „Ég fékk boltann á vinstri kantinum og gaf inn á Jón Vilhelm sem spólar sig nánast í gegnum vörnina og ég er heppinn, fæ boltann og næ að skjóta í markið. Það var ótrúlegt að sjá boltann í netinu,“ sagði Andri.

„Við klikkuðum. Við gáfum þeim leikinn eftir að hafa haft hann í hendi okkar,“ sagði varnarmaðurinn Óðinn Árnason, súr í broti eftir leik eins og aðrir Grindvíkingar. „Þetta var engu að síður besti leikur okkar í sumar og hefur verið góður stígandi í leik okkar. Við áttum aldrei að tapa þessum leik en við verðum að halda í þá trú að við getum gert betur.“

Leikurinn á Akranesvelli var fremur kaflaskiptur. Grindvíkingar komust réttilega yfir í fyrri hálfleik en greinilegt var að Ólafur Þórðarson hafði lagt sínum mönnum vel línurnar í hálfleik sem Skagamenn eiga ef frá eru talin nokkur góð færi Grindvíkinga strax eftir hlé. Hafþór Ægir Vilhjálmsson og Hjörtur Hjartarson komu sínum mönnum yfir og var mark Hjartar einstaklega glæsilegt. Þrumufleygur í slána og inn. En gestirnir hættu ekki og jöfnuðu metin sem dugði þó ekki til því að Andri skoraði sigurmarkið í blálokin.

Grindvíkingar mega vel við una þrátt fyrir að hafa enn ekki fengið stig í hús. Þeir leika sífellt betri knattspyrnu og eru til alls líklegir í næstu umferðum. Skagamenn virkuðu ekki sannfærandi í fyrri hálfleik en tóku til sinna mála í þeim síðari. Það er reyndar áhyggjuefni hversu berskjaldaðir þeir virðast vera á svæðinu fyrir framan vörnina og betur má ef duga skal. **eirikurst@frettabladid.is**



**FYRSTA MARK HAFÞÓRS** Hafþór Ægir Vilhjálmsson skoraði sitt fyrsta mark fyrir ÍA í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

| ÍA 4–3–3 | | GRINDAVÍK 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Páll Gísli | 7 | Savic | 7 |
| Finnbogi | 7 | Óðinn | 6 |
| ***Reynir** | **7** | Kekic | 7 |
| Gunnlaugur | 7 | Óli Stefán | 6 |
| Guðjón | 6 | Eyþór Atli | 6 |
| Pesic (gult spjald) | 6 | Niestroj | 7 |
| (58. Helgi Pétur | 6) | Eysteinn | 7 |
| Pálmi | 6 | McShane | 6 |
| Jón Vilhelm | 6 | (75. Jack | –) |
| Kári Steinn | 5 | Óskar Örn | 6 |
| Hjörtur ⚽ (gult spjald) | 7 | Magnús ⚽ | 6 |
| (88. Andrés | –) | (90. Andri | –) |
| Hafþór ⚽ | 6 | Ahandour ⚽ (gult spjald) | 6 |
| (74. Andri ⚽ | –) | | |

*MAÐUR LEIKSINS






ICELANDAIR
www.icelandair.is




# Veldu **Freestyle 4x4**

# Stórt tákr

## Atriði af gæðalista staðalbúnaðar SEL:

HALDEX rafeindastýrt fjórhjóladrifskerfi.
Spólvörn (Traction control).
CVT stiglaus sjálfskipting.
Tvívirk tölvustýrð miðstöð með loftkælingu.
Útvarp, 6 diska geislaspilari, MP3 spilari og Premium hljómkerfi.
Álfelgur 17" 5-rima.
Framsæti rafstillanleg.
ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun.
Aksturstölva með áttavita.
Sérstaklega dökkt gler í öftustu hliðarrúðum og afturglugga.
Hraðastillir.
Stillingar í stýri fyrir hljómtæki.
3ja sætaröð 50/50 skiptanleg og niðurfellanleg í gólf.
Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður.
Samlitir rafstillanlegir upphitaðir útispeglar.
Rafstýrðar rúður.
Fjarstýrð samlæsing.
Öryggispúðar fyrir ökumann og farþega í framsæti.

## 7 manna 4x4 Ford Freestyle*

| **Kaupverð** | Sjálfskiptur |
|---|---|
| Ford Freestyle SEL 3,0 V6 | **3.960.000 kr.** |
| Ford Freestyle Limited 3,0 V6 | **4.240.000 kr.** |




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford nú annað vinsælasta bílamerkið á Íslandi...og sækir stöðugt á! Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

## Viðbótarbúnaður í Freestyle Limited, umfram SEL:

Minni fyrir bílstjórasæti og útispegla.
Upphitanleg framsæti.
Leðuráklæði á aðalsætum.
Samlitar klæðningar á hliðum.
Viðarklæðning á miðjustokk.
Álfelgur 18" 5-rima.
PIRELLI dekk.
Audiophile hljómkerfi með bassakeilu.
Farangursnet.



Ford Fiesta Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.430.000 kr.
Bílasamningur 14.970 kr.
Rekstrarleiga 27.950 kr.



Ford Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.570.000 kr.
Bílasamningur 16.440 kr.
Rekstrarleiga 29.980 kr.



Ford Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 19.790 kr.
Rekstrarleiga 34.930 kr.



Ford Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.895.000 kr.
Bílasamningur 19.840 kr.
Rekstrarleiga 34.950 kr.



Ford Mondeo Ghia
5 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.440.000 kr.
Bílasamningur 25.550 kr.
Rekstrarleiga 44.940 kr.



Ford Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 27.280 kr.
Rekstrarleiga 48.500 kr.



Ford Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.810.000 kr.
Bílasamningur 29.430 kr.
Rekstrarleiga 52.700 kr.



Ford Freestyle SEL 4x4
5 dyra 3,0 V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.960.000 kr.
Bílasamningur 41.470 kr.
Rekstrarleiga 75.600 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.** Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álfelgur á Fiesta, Focus og Galaxy; samlitur á Escape; tvílitur á Ranger. Freestyle myndir eru af Limited.



# n um gæði

► Við Íslendingar búum við fjölbreytt veðurskilyrði þar sem allra veðra er von. Við kjósum því öryggi í akstri sem endurspeglast meðal annars í vali á fjórhjóladrifnum fólksbílum, t.d. Subaru Outback. Nú geta landsmenn valið nýjan og glæsilegan kost: Ford Freestyle fólksbílajeppan frá Ford.

Ford Freestyle er hannaður fyrir kröfuharða eigendur sem vilja eitthvað annað en jeppa, jeppling eða fjórhjóladrifinn stationbíl. Freestyle er svolítið frístæl: Hár, rúmgóður, fjórhjóladrifinn, öflugur og vel búinn með sæti fyrir allt að sjö manns.

Frábær fyrir fjölskyldur í leik og starfi. Veldu öryggi, hagkvæmni og þægindi umfram allt annað. Komdu í Brimborg.

**Öryggi og rými**

Freestyle hefur hlotið hæstu mögulega einkunn í árekstrarprófi NHTSA (National Highway Traffic Safety Administration) í Bandaríkjunum – bæði fyrir högg á framenda og hliðar. Geri aðrir betur. Og hönnunin tekur ekki aðeins mið að þörfum ökumanns heldur allra sætisfarþega. Í flutningum fellir þú sætin niður að vild og getur myndað flatt gólf, allt frá fremstu sætisröð að afturhlera. Prófaðu Ford Freestyle.

**Afl og tækninýjungar**

Ameríska aflið er til staðar í Freestyle. Hljóðlát Duratec V6 vélin skilar 203 hestöflum og togar 280 Nm. Freestyle er einnig búinn nýrri og fullkominni orkusparandi CVT stiglausri sjálfskiptingu sem tryggir að bíllinn skilar nákvæmlega því afli sem óskað er. Rafeindastýrt Haldex® fjórhjóladrifið, búið spólvörn, vakir yfir ástandi vegarins og sjálfvirkir skynjarar grípa tafarlaust inní tapi eitthvert hjólanna afli í því skyni að halda bílnum stöðugum. Veldu Freestyle. Nýjan glæsilegan valkost í stað Subaru Outback. Komdu í Brimborg.



Ford Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.190.000 kr.
Bílasamningur 43.880 kr.
Rekstrarleiga 79.600 kr.



Ford Expedition Eddie Bauer 4x4
5 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 5.160.000 kr.
Bílasamningur 53.990 kr.
Rekstrarleiga 102.500 kr.



Ford Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 24.820 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.



Ford Explorer Sport Trac XLT 4x4
4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 2.960.000 kr.
Bílasamningur 30.990 kr.
Rekstrarleiga 56.700 kr.



Ford F-350 Lariat Crew Cab 4x4
4 dyra 6,0 turbó dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.128.000 kr.
Bílasamningur 43.160 kr.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

# Mest lesna Fasteignablaðið*




Íslendingar 25-54 ára




Samkvæmt nýjustu könnun Gallup lesa mun fleiri íslendingar Fasteignablað Fréttablaðsins en Morgunblaðsins. Sem dæmi í verðmætasta hópi fasteignakaupenda, 25-54 ára lesa **48% fleiri** fasteignauglýsingar Fréttablaðsins.

Tölurnar tala sínu máli, Fasteignablað Fréttablaðsins er vinsælasta fasteignablaðið, sem kemur kaupendum og seljendum saman án fyrirhafnar.

**Vertu séður og auglýstu þar sem viðskiptavinur þinn er**

FRÉTTABLAÐIÐ

Stærsti fjölmiðillinn

*Lestur fasteignablaða. Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005


# STUÐ MILLI STRÍÐA | Að rækta barnið í sjálfum sér

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VELTIR FYRIR SÉR SÍNUM EIGIN ÞROSKA.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Það að ég sé að eldast er ekki mikið áhyggjuefni. Að venju verður talan bara hærri með ári hverju. Ég er ekki kominn með skalla en meiri skeggvöxt, nokkur aukakíló og svo er ég orðinn „öruggari“ ökumaður samkvæmt stöðlum tryggingafélaganna.

Þrátt fyrir hækkandi aldur hafa áhugamál mín ekki mikið breyst frá því að ég var yngri. Mér finnst ennþá skemmtilegt að leika mér í tölvuleikjum. Spennan hefur ekki farið en í staðinn fyrir gulu PacMan-vélina sem ég fékk frá ömmu minni í Bandaríkjunum er komin öflug PC-tölva með nettengingu. Finnst líka gaman að dunda mér í Playstation-tölvu litla bróður míns og get gleymt mér yfir alls kyns íþróttaleikjum. Best finnst mér þó að fara á fætur, eldsnemma á morgana, reima á mig golfskóna og arka um grænar grundir spilandi golf. Mér finnst gaman að leika mér og viðurkenni það fúslega.

Vinkona mín var hins vegar ekki jafn hress yfir þessum „barnaskap“ og réðst að mér þar sem ég sat í mínum mestu makindum og horfði á íþróttaleik. Spurði hvort ég ætlaði ekki að fara að festa ráð mitt, eignast börn og hætta þessum sífellda leikaraskap. „Aukin hæfni með rakvél, fælni við sælgæti og lýtalaus ökuferill eru ekki merki um þroska,“ hreytti hún í mig.

Á örskotsstundu helltust yfir mig allskyns áhyggjur. Var ég að verða gamall? Hafði vinkona mín rétt fyrir sér? Var ég að missa af lestinni og myndi ég enda sem gamall karl, einn en ótrúlega góður í tölvuleikjum og dyggur stuðningsmaður Liverpool? Fljótlega náði ég þó áttum, slökkti á leiknum og kastaði fram svari sem gerði hana orðlausa: „Mér finnst gott að rækta barnið í sjálfum mér og þar að auki líður lífið ekki það hratt að ekki sé hægt að gefa sér tíma til þess að njóta þess.“

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Ótrúlegt verð

## Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri



Ekta leður

**Nuddstóll** TS-866
- Rafknúinn stilling á baki og sæti
- 4 mótorar sem nudda
- Hægt er að stilla styrkleikann á 8 mismunandi vegu
- Nudd í baki sem gengur upp og niður bakið.

Frábær afslöppun sem þú verður að prófa!

Vaxtalaust 20 mán. tilboð
**9.999**kr á mánuði *
fullt verð 199.990kr



Ekta leður

**Hægindastóll**
- Stillanlegt bak og sæti
- Leður

Sestu í stólinn og láttu þreytuna líða úr þér!

Vaxtalaust 10 mán. tilboð
**4.999**kr á mánuði *
fullt verð 49.990kr

# Nuddstólar í úrvali



Nuddstólar eru nýjung sem virkar!

Vaxtalaust 10 mán. tilboð
**4.999**kr á mánuði *
fullt verð 49.990kr

**Nuddstóll** TS-838BR
- Innbyggt útvarp
- 8 stillanleg nudd svæði
- Nudd í fótskemli
- Stillanlegt bak og sæti



Ótrúleg þægindi sem allir verða að sannreyna!

Vaxtalaust 10 mán. tilboð
**9.999**kr á mánuði *
fullt verð 99.990kr

**Nuddstóll** TS-836G
- Rafknúinn stilling á baki og sæti
- 4 mótorar sem nudda
- Hægt er að stilla styrkleikann á 8 mismunandi vegu
- Nudd í baki sem gengur upp og niður bakið.



Komdu og prófaðu þægindin!

Vaxtalaust 10 mán. tilboð
**3.999**kr á mánuði *
fullt verð 39.990kr

**Nuddstóll** TS-804F
- 8 stillanleg nudd svæði
- Nudd í fótskemli
- Stillanlegt bak og sæti

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**Kl. 12.15**

*Á hádegisfundi Heimspekistofnunar í Lögbergi flytur* ***Alice Crary****, dósent í heimspeki við New School University í New York, fyrirlestur um „Vanda siðferðisboðskapar í bókmenntum“.*

# menning

menning@frettabladid.is


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**MÝRARLJÓS**
**ALLRA SÍÐASTA SÝNING Á SUNNUDAG!**

**Stóra sviðið**

**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** - *Hallgrímur Helgason/leikgerð Baltasar Kormákur*
Í kvöld fös. 27/5 **örfá sæti laus,** lau. 28/5 **örfá sæti laus,** lau. 4/6 **örfá sæti laus,** fim. 9/6, fös. 10/6. **Aðeins örfáar sýningar vegna fjölda áskorana.**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *H.C. Andersen*
Lau. 28/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus,** sun. 5/6 kl. 14:00 **nokkur sæti laus.** **Síðustu sýningar í vor.**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Sun. 29/5. **Allra síðasta sýning**

**ÞÚ VEIST HVERNIG ÞETTA ER**
Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins. **Stúdentaleikhúsið.** Þri. 31/5 **örfá sæti laus.**

**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
9. sýn. fös. 3/6 **nokkur sæti laus,** 10. sýn. lau. 11/6, 11. sýn. sun. 12/6.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**RAMBÓ 7** - *Jón Atli Jónasson*
Í kvöld fös. 27/5 **örfá sæti laus – umræður eftir sýningu,** lau. 28/5 **örfá sæti laus,** fös. 3/6.

**Valaskjálf Egilsstöðum**

**EDITH PIAF Á AUSTURLANDI** - *Söngdagskrá*
Mið. 1/6 kl. 20:00, fim. 2/6 kl. 20:00.
**Miðasala á Bókasafni Héraðsbúa.**
**Opið alla virka daga frá kl. 14-19. Sími 471 1546**

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is.** Miðasalan er opin kl. **12:30-18:00** mán. og þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00.** símapantanir frá kl. **10:00** virka daga
Þjóðleikhúsið sími 551 1200



**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**99% UNKNOWN - Sirkussýning**
*CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ*
Þri 14/6 kl 20, Mi 15/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20, Fö 17/6 kl 20 ***Aðeins þessar sýningar***

**25 TÍMAR**
*Dansleikhús / samkeppni LR og Íd í samstarfi við SPRON.* Fi 9/6 kl 20 - 2.500,-
***Einstakur viðburður***

**ÞUMALÍNA**
*Frá Sólheimaleikhúsinu*
Fi 2/6 kl 20 - 1.000,-

**TRANS DANSE EUROPE**
*Tanec Praha, Tékklandi*
Su 29/5 kl 20 - 2.500,- ***Miðasala hjá Listahátíð***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Í kvöld kl 20 ***Síðasta sýning***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20
***Síðasta sýning***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 28/5 kl 20
***Síðasta sýning***

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Lau 4/6 kl 14 **UPPS.**, Su 5/6 kl 14 - **UPPS.**, Su 12/6 kl 14, Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14, Su 26/6 kl 14

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20 - **UPPS.**, Lau 28/5 kl 20, Su 29/5 kl 20, Fi 2/6 kl 20, Fö 3/6 kl 20, Lau 4/6 kl 20, Su 5/6 kl 20
***Aðeins 3 sýningarhelgar eftir***

**THE SUBFRAU ACTS - GESTALEIKSÝNING**
*The paper Mache og Stay with me*
Í kvöld kl 20

**TRANS DANSE EUROPE**
*Nomadi Productions - Finnland*
Su 29/5 kl 17
***Miðasala hjá Listahátíð***

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga**


# *Rokkdúett með tónleika*

Rokkdúettinn Hot Damn! heldur tónleika í plötubúðinni 12 Tónum í dag. Hljómsveitin er hugarfóstur Smára Tarfs, fyrrum gítarleikara Quarashi, og Jenna úr Brain Police. Þeir félagar sendu nýlega frá sér frumburð sinn, „The Big'n Nasty Groove 'O Mutha,“ sem inniheldur meðal annars lagið „Hot Damn, That Woman is a Man“ sem hefur fengið töluverða spilun í útvarpi. Tónleikarnir í dag hefjast klukkan 17.00.



**HOT DAMN!** Hljómsveitin Hot Damn! heldur tónleika í 12 Tónum í dag.

## EKKI MISSA AF…

... tónleikum píanóleikarans **Aladár Rácz**, sem ætlar að flytja Goldberg-tilbrigðin eftir J.S. Bach á tónleikum í Salnum á morgun.

... tónleikum þeirra **Sigrúnar Eðvaldsdóttur** fiðluleikara og **Gerrit Schuil** píanóleikara á sunnudagsmorgun í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð. Þau ljúka þar rómuðum flutningi sínum á öllum fiðlusónötum Beethovens.

... gamanleikritinu **Héri Hérason** eftir frönsku kvikmyndagerðarkonuna **Coline Serreau**, sem verður sýnt í síðasta sinn í Borgarleikhúsinu annað kvöld.

# Dansinn tekur öll völd

**Danshópar frá Frakklandi, Finnlandi og Tékklandi koma fram á spennandi danshátíð á Listahátíð núna um helgina.**



**EINSEMD ROFIN** Tékkneski danshópurinn Tanec Praha er meðal þeirra þriggja danshópa sem koma fram á danshátíðinni sem hefst á Listahátíð í kvöld.

Þrír erlendir dansflokkar verða hér á landi á Listahátíð nú um helgina og verða þeir hver með sína sýningu. Sú fyrsta verður í kvöld þegar franski danshópurinn Rialto Nomade Fabrik sýnir verk sitt East Land / Nomade Fabrik.

„Þetta verk var samið á ferðalagi um Austur-Evrópu og það kemur svolítið fram í því, þetta sérstaka andrúmsloft sem myndast þar. Tónlistin spilar líka mjög sterkan þátt í verkinu, þetta eru ungversk þjóðlög mikið til og austur-evrópsk nútímatónlist,“ segir Ólöf G. Söebech hjá Íslenska dansflokknum.

Alls taka sjö dansarar þátt í verkinu, þar á meðal danshöfundurinn William Petit, sem stofnaði Rialto Nomade Fabrik á sínum tíma ásamt félögum sínum.

„Hann var ekkert ofboðslega sáttur við hvernig kerfið er í Frakklandi fyrir danslistafólk, honum fannst það frekar formfast allt og hefðbundið. Svo hann stakk bara af, var í Egyptalandi í nokkur ár og fékk síðan þessa hugmynd, sem síðan hlaut viðurkenningu í Frakklandi á endanum. Nú er hann kominn með fast aðsetur í Toulon.“

Á sunnudaginn verða síðan sýningar finnska og tékkneska dansflokksins.

Finnarnir sýna tvö verk klukkan 17. Annað þeirra er sólóverk en hitt verkið er með fjórum dönsurum. „Það setur þetta sérstaka ástand þegar maður er milli svefns og vöku og getur stjórnað draumum sínum.“

Tékkarnir verða einnig með tvö verk á sinni sýningu, sem verður á sunnudagskvöldið klukkan 20. Annað verkanna er sólóverk, sem fjallar um konu sem brjótast út úr hversdagsleikanum til þess að skapa sér sérstöðu í heiminum.

„Seinna verkið er svo mitt uppáhald. Þar eru fjórir karldansarar sem eru að hitta hver annan án þess þó að vilja hittast. Þeir þora ekki almennilega að mynda sambönd en gera það samt óhjákvæmilega. Þetta er virkilega skemmtilega gert hjá þeim. Fjallar um það hvernig fólk þorir ekki að kynnast vegna þess að óttast að verða farþegar í lífi hver annars.“

Allir eru þessir dansflokkar þátttakendur í evrópska verkefninu Trans Danse Europe, sem er samvinnuverkefni dansara frá sex Evrópulöndum.

Þáttur Íslands í þessu verkefni var sýningin Við erum öll Marlene Dietrich FOR, sem var frumsýnd hér á landi í febrúar síðastliðnum. Íslenski danshópurinn, með Ernu Ómarsdóttur í fararbroddi, hefur síðan ferðast með þessa sýningu til Avignon, Ljubljana og Linz og hlotið frábærar viðtökur. ■

# Barkasöngur í Smekkleysu

Mikið verður um að vera nú um helgina í Gallerí humar eða frægð, sem er til húsa í Smekkleysu plötubúð í kjallara Kjörgarðs við Laugaveginn.

Í dag verður opnuð þar myndlistarsýningin Coming Soon, sem er afurð myndlistarkvennanna Ólafar Nordal og Kelly Parr.

Á morgun verða síðan tónleikar þar sem bandaríska söngkonan og lagahöfundurinn Nina Nastasia kemur fram ásamt barkasöngvaraflokknum Huun Huur Tu frá „villta austrinu“ í Túva. ■




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

24 25 26 **27** 28 29 30

### Föstudagur

**TÓNLEIKAR**

- 17.00 Hljómsveitin **Hot Damn!** leikur í 12 Tónum við Skólavörðustíg. Hljómsveitin er hugarfóstur **Smára Tarfs** og **Jenna** úr Brain Police.
- 22.00 Danska hljómsveitin **Maiden Aalborg** spilar á Grand Rokk ásamt **Dimmu, Lödu Sport** og **Masters of Darkness**.
- 22.00 **Lights on the Highway** verða með ball á Dillon. Síðan tekur **Andrea Jónsdóttir** við og rokkar út kvöldið.
- 22.00 **Úlfarnir** verða í Vélsmiðjunni á Akureyri.
- 22.00 Hljómsveitin **Tvö dónaleg haust** kemur saman eftir þriggja ára hlé og heldur styrktartónleika á Gauknum. Rennt verður í gegnum skrautlegt frumsamið efni hljómsveitarinnar auk þess sem flutt verða ljóð, leikþættir og dansar sýndir. Hljómsveitin **Atari** hitar upp og leikur síðan fyrir dansi eftir tónleika.
- Bárujárnstónleikar á Ellefunni með **Sólstöfum** og **Momentum**. Strax eftir tónleikana verður dj **Bárujarn** á efri hæðinni og dj **Bjössi** niðri.

**OPNANIR**

- 17.00 **"Coming Soon"** er heiti myndlistasýningar þeirra **Ólafar Nordal** og **Kelly Parr**, sem opnuð verður í Gallerí Humar eða frægð / Smekkleysu Plötubúð í Kjörgarði, Laugavegi 59. Væg tónlistaratriði verða í boði.

**SKEMMTANIR**

- 20.30 Hið sívinsæla Kapri-tríó leikur á dansleik fyrir 60 ára og eldri í Hraunseli, Flatahrauni 3, Hafnarfirði.
- 21.00 **Shaft** spilar á veitingahúsinu Café Aroma í Hafnarfirði.
- 22.00 **Daníel** og **Raggi** leika fyrir almúgann á Hressó til klukkan eitt. Dj **Jón Gestur** tekur síðan við.
- 22.00 **Andrea Jónsdóttir** rokkar á Dillon.
- 23.00 Dj **Silja** og **Steinunn** á Cultura.
- 23.00 Rokksveit **Rúnars Júlíussonar** leikur á Kringlukránni.
- **Hermann Ingi** jr. skemmtir gestum Búálfsins í Hólagarði.
- Hljómsveitin **Sín** og **Ester Ágústa** leika á Ránni í Keflavík.
- **Atli skemmtanalögga** og **Áki pain** á Pravda.
- Hljómsveitir **Tilþrif** skemmtir í félagsheimilinu Kirkjuhvoli á Klaustri þar sem Íslandsmeistaramótið í Enduru stendur yfir. Unglingahljómsveitin **The Lost Toad** tekur einnig lagið.
- **Addi M** á Catalinu.
- Dúettinn **Acoustics** leikur á Ara í Ögri.
- Hljómsveitin **Dans á rósum** frá Vestmannaeyjum verður með dansleik í Klúbbnum við Gullinbrú.
- **Palli í Maus** snýr skífum á Laugavegi 22.

**FYRIRLESTRAR**

- 12.15 Alice Crary, dósent í heimspeki við New School University í New York, flytur fyrirlestur um "Vanda siðferðisboðskapar í bókmenntum" á hádegisfundi Heimspekistofnunar í stofu 101 í Lögbergi.

**SÖNGLEIKIR**

- 20.00 Söngleikurinn **Múlan Rús** verður frumsýndur í Loftkastalanum. Alls taka um 50 manns þátt í sýningunni, þar á meðal 15 dansarar. Tónlistarstjóri er **Hallur Ingólfsson** og höfundur leikgerðar og leikstjóri er **Björk Jakobsdóttir**.

**LISTAHÁTÍÐ**

- 20.00 Franski dansflokkurinn **Rialto Nomade Frabrik** flytur dansverk eftir William Petit á Nasa á vegum Evrópuverkefnisins **Trans Danse**.
- 21.00 Portúgalska fado-söngkonan **Mariza** syngur á Broadway ásamt fjölmennri hljómsveit.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


















*„He's more machine now than man; twisted and evil."*

- Það vefst ekki fyrir Obi-Wan Kenobi að lýsa erkifjanda sínum, Svarthöfða, í The Return of the Jedi enda er það hann sjálfur sem heggur hinn unga Anakin svo illa í spað í nýju Stjörnustríðsmyndinni að það er ekkert eftir annað en illur skrokkur í ógnvekjandi öndunarvél.

# bíó

bio@frettabladid.is

## *Komin aftur eftir fimmtán ára hlé*

Það eru komin fimmtán ár síðan **Jane Fonda** lék síðast í kvikmynd. Það var í kvikmyndinni *Stanley & Iris* þar sem hún lék á móti *Robert DeNiro*. Hún giftist í kjölfarið fjölmiðlakóngnum **Ted Turner** og í sameiningu byggðu þau upp fjölmiðlaveldi hans og Fonda hvarf af sjónarsviðinu sem leikkona. **Turner** og **Fonda** skildu fyrir fjórum árum síðan en halda að hennar sögn góðu sambandi. **Fonda** hefur á undanförnum árum helgað krafta sína trúnni og baráttunni gegn ofbeldi gagnvart konum en snýr nú aftur á hvíta tjaldið í kvikmyndinni *Monster in Law*.

Það má með sanni segja að kvikmyndirnar séu henni í blóð bornar enda er hún dóttir eins virtasta kvikmyndaleikara Hollywood fyrr og síðar, **Henry Fonda**. Hún ætlaði sér þó aldrei að leggja kvikmyndirnar fyrir sig en fékk bakteríuna eftir að hafa kynnst hinum goðsagnakennda **Lee Strasberg**. Eftir það leit hún aldrei um öxl og á þessum fyrra hluta ferils síns uppskar hún sjö tilnefningar til Óskarsverðlauna og hlaut tvenn, þau fyrri árið 1972 fyrir leik sinn í myndinni *Klute* þar sem hún lék á móti **Donald Sutherland** í leikstjórn **Alan J. Pakula** og þau seinni sjö árum síðar fyrir leik sinn í *Coming Home*. Þar lék **Fonda** konu sem berst gegn veru Bandaríkjahers í Víetnam eftir að maðurinn hennar kemur heim lamaður. Efni myndarinnar var **Fonda** hugleikið enda var hún mjög háværr mótmælandi gegn Víetnamstríðinu.

**Jane Fonda** var þó meira til lista lagt en bara að leika því hún varð hálfgert tákn níunda áratugsins eftir að hún gaf út bókina *The Jane Fonda Workout Book*. Hún segist í dag sjá mikið eftir þessu tímabili og kallar það sína mestu niðurlægingu.

Fleiri úr Fonda-fjölskyldunni hafa lagt kvikmyndirnar fyrir sig með ágætis árangri og nægir þar að nefna bróður hennar **Peter Fonda** og frænkuna **Bridget Fonda**.



**JANE FONDA SEM BARBARELLA** Á sjöunda og áttunda áratugnum varð Jane Fonda kyntákn sinnar kynslóðar og var á dögunum valin ein af 100 kynþokkafyllstu konum kvikmyndanna.

## EKKI MISSA AF...

Sideways á DVD. Það er að segja ef þú hefur ekki þegar séð hana. Það er óvenjumikið í handrit myndarinnar spunnið og það eru fyrst og fremst kostuleg samtöl sem keyra myndina áfram en ekki spillir fyrir fantagóð frammistaða allra aðalleikaranna. Það er einhver óræð snilld fólgin í því að geta gert bráðskemmtilega gamanmynd um tvo einstaklega óaðlaðandi menn sem eiga varla skilinn snefil af samúð áhorfenda en Paul Giamatti og Thomas Haden Church fara hins vegar létt með að gæða leppalúðana sem myndin snýst um lífi. Sideways er gullmoli sem gleymist seint.




**KOLAPORTIÐ**

**Nú verður rifist um bókastaflana!**

Risa fornbókamarkaður í Kolaportinu um helgina!

Verð frá **50** kr. stk.
Allt á að seljast!

**OPIÐ** UM HELGINA FRÁ KL. 11-17





**GRAFFÍTÍLISTAMAÐURINN DANIEL** Er með allt á hælunum en líf hans tekur miklum breytingum þegar hann kynnist bakarastelpunni Franc.

# Fullorðið fólk Dags Kára

**Kvikmynd Dags Kára, Voksne Mennesker, verður frumsýnd í kvöld. Myndin var sýnd í Un Certain Regard-flokknum á kvikmyndahátíðinni í Cannes.**

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það hversu mikill heiður slíkt er fyrir ungan, íslenskan leikstjóra og myndin fékk glimrandi viðtökur áhorfenda á frumsýningunni í Cannes. Voksne mennesker hefur fengið misjafna dóma gagnrýnenda en Berlingske Tidende segir að annað hvort elski fólk hana eða hati.

Voksne Mennesker er önnur mynd Dags Kára en hann gerði hina rómuðu mynd Nóa albínóa sem fór sigurför um Evrópu. Dagur Kári segist ekki kunna við það að hafa einhvern einn söguþráð.

Hann reynir að fá sem mest af hugmyndum og setja þær síðan saman. Þetta kemur heim og saman við Voksne Mennesker þar sem úir og grúir af skrautlegum persónum.

Engu að síður er ein aðalpersóna sem leiðir myndina áfram. Líkt og Nói er Daniel heldur óvenjulegur drengur. Hann er graffítílistamaður með allt á hælunum.

Öll yfirvöld eru á eftir honum en svo virðist sem Daniel lifi í einhverjum öðrum heimi, sé á annarri bylgjulengd. Þetta breytist þó allt þegar hann kynnist bakarastelpunni Franc, sem nýlega hefur verið rekin úr vinnunni. Saman hitta þau margvíslegar persónur sem á einn eða annan hátt gera Daniel það ljóst að hann þarf að taka ákvörðun um lífið sitt. Undirtónninn í myndinni eru manneskjurnar sem passa ekki inn í fjöldann

Það er Jakob Cedergren sem leikur graffítílistamanninn Daniel. Cedergren ætti að vera Íslendingum að góðu kunnur en hann hefur leikið í Erninum, sem sýndur var við miklar vinsældir hérlendis, og Nikolaj og Julie. Nicolas Bro, sem leikur besta vin Daniels, Morfar, lék í Krónikunni.

Þá leikur Nikolaj Kopernikus einnig í myndinni en hann lék í einni vinsælustu mynd Dana fyrr og síðar, Kongekabale. ■




**Sérblað um Norðurland 31. maí**

Náðu þínum hlut í ferðaveltu sumarsins

Þann 31. maí fylgir Fréttablaðinu blað um Norðurland og þá fjölbreyttu ferðamöguleika sem þar bjóðast.

Þeir sem vilja auglýsa í þessu blaði er bent á að hafa samband við Hinrik Fjeldsted í síma 515 7592 eða hinrik@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ


# Glæpasaga af breskri gerð

Breskar glæpamyndir hafa lengi átt upp á pallborðið hjá íslenskum kvikmyndahúsagestum. Vinsældir Lock, Stock & Two Smoking Barrels, Snatch og Sexy Beast eru ágætis sönnun þess. Það má því búast við því að kvikmyndin Layer Cake komi til með að njóta mikillar hylli enda er henni leikstýrt af Matthew Vaughn, sem framleiddi einmitt Lock, Stock... og Snatch. Reyndar er þetta fyrsta myndin sem hann leikstýrir en hún hefur engu að síður verið að fá fína dóma erlendis.

Myndin segir frá nafnlausri hetju sem lítur út eins og hver annar sölumaður í heiðarlegum rekstri. Hann klæðist fínum jakkafötum og gengur um með skjalatösku. Það sem aðskilur hann frá hinum venjulega skrifstofumanni er að hann verslar með kókaín og alsælutöflur. Viðskiptin hafa blómstrað að undanförnu og hetjan sér fyrir sér að eitt verk í viðbót komi til með að sjá honum farborða það sem eftir er. Það verkefni á að vera einfalt og byggist á því að finna útúrdópaða dóttur glæpaforingjans Eddie Temple. Þar að auki þarf hann að finna milligöngumann sem gæti keypt fíkniefni af heldur brjáluðum innflytjenda sem kallar sig The Duke. Þetta ætti að vera einfalt ef ekki væri fyrir serbneskan herstjóra og fullt af aumingjum sem gera í því að þvælast fyrir honum.

Það er Daniel Craig sem leikur hetjuna en hann kom lengi vel til greina sem næsti James Bond en Craig lék meðal annars Alex West í Lauru Croft-myndinni Tomb Raider. Kenneth Graham leikur The Duke en hann er um þessar mundir að leika í Oliver Twist sem Roman Polanski er að gera. Þokkagyðjan Sienna Miller leikur dótturina en hún er ein allra heitasta leikkona Breta um þessar mundir. Þess má svo til gamans geta að Hafdís Huld syngur aðallag myndarinnar ásamt hljómsveit sinni, FC / Kahuna.



**DANIEL CRAIG** Var lengi vel talinn mjög líklegur til þess að hreppa hlutverk James Bond.

■ FÓLK

# Sjáðu Paris deyja

Kvikmyndin *House of Wax* verður frumsýnd um helgina. Hún segir frá hópi ungmenna sem neyðast til þess að leita skjóls í yfirgefnu vaxmyndasafni. Eina vandamálið er að vaxmyndirnar eru ekkert venjulegar því þær eru vöxuð lík fórnarlamba geðsjúks sadista. Hópurinn verður því að leita allra leiða til þess að bjarga sér til að enda ekki í hópi vaxmyndanna.

House of Wax er endurgerð samnefndrar kvikmyndar frá árinu 1953 þar sem sjálfur hryllingskóngurinn Vincent Price fór með aðalhlutverkið. Það eru hins vegar sjónvarpsstjörnurnar Elisha Cuthbert úr sjónvarpsþáttunum 24, Chad Micheal Murray úr One Tree Hill og sjálf Paris Hilton sem leika aðalhlutverkin í þessari mynd.

Hilton er sennilega eitt þekktasta andlit 21. aldarinnar. Hún stökk fram á sjónarsviðið sem fyrirsæta og varð fljótlega þekkt fyrir hrátt og hratt líferni. Hún fetaði óvænt í fótspor Pamelu Anderson þegar kynlífsmyndband hennar og Rick Solomon komst í hendur almennings. Það varð enn fremur uppi fótur og fit meðal fræga fólksins þegar GSM-símanum hennar var stolið og númerin láku út til almúgans.

Þó svo að Hilton spili sig frekar einfalda verður ekki hjá því komist að henni hefur tekist að markaðssetja nafnið sitt ansi vel. Hún er bæði með vinsælt ilmvatn á markaðinum sem og fatalínu. Þá má ekki gleyma því að hún fékk framleiðendur myndarinnar til þess að samþykkja bol sem hún gerði þar sem á stóð „Þann sjötta maí getur þú séð París deyja“. ■



**PARIS SKÖMMU FYRIR DAUÐA SINN** Paris Hilton leikur eitt aðalhlutverkið í kvikmyndinni House of Wax og sýnir á sér „nýja“ hlið.



**CARPE DIEM** Meðal mynda sem verða frumsýndar er Carpe Diem eftir Dögg Mósesdóttur.

# Leikstjórar sitja fyrir svörum

Reykjavik Shorts & Docs ætlar að standa fyrir spurt og svaraðsýningu með leikstjórum sex nýrra stuttmynda í kvöld klukkan sex. Fer atburðurinn fram í Tjarnarbíói en myndirnar sem eru frumsýndar eru Jón Bóndi eftir Unu Lorenzen, Töframaðurinn eftir Reyni Lyngdal, Granny Kickers eftir Lost, Carpe Diem eftir Dögg Mósesdóttur, Ég missti næstum vitið eftir Bjargeyju Ólafsdóttur og Slavek the Shit eftir Grím Hákonarson. Munu þau öll mæta og sitja fyrir svörum. ■

**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



**House of Wax**
Internet Movie Database 4,7 / 10
Rottentomatoes.com 22% / rotin
Metacritic.com 4,5 / 10



**Monster in Law**
Internet Movie Database 5,1 / 10
Rottentomatoes.com 16% / rotin
Metacritic.com 5,3 / 10

**Layer Cake**
Internet Movie Database 7,1 / 10
Rottentomatoes.com 79 % / fresh
Metacritic.com 8,3 / 10



# 300 harmonikkur á landsmóti

Heimildarmyndin *300 harmonikkur* verður frumsýnd á Reykjavík Shorts & Docs í kvöld en hún sýnir landsmót harmonikkuleikara á Ísafirði árið 2002. Leikstjóri myndarinnar er Spessi, sem hingað til hefur verið betur þekktur sem ljósmyndari. Þetta er fyrsta myndin hans þó svo að hann hafi einu sinni áður gert mynd um herstöðina í Keflavík ásamt sænska listamanninum Erik Pauser. Hann kýs frekar að kalla þá mynd vídeóinnsetningu. „Ég hef verið að „doca“ með myndavélinni svo að þetta er kannski eðlilegt framhald,“ segir Spessi. „Ég vill alltaf vera að reyna eitthvað nýtt,“ bætir hann við.

Spessi fylgdist með landsmótinu frá upphafi til enda og leyfði aðstæðunum að stjórna ferðinni. „Þetta er skrásetning á því sem fór fram,“ segir hann en í myndinni eru viðtöl við tónlistarfólk sem spilaði á hátíðinni ásamt aðstandendum þess en allt í alls voru 800 manns á þessu landsmóti. „Mín upplifun var sú að harmonikkuleikur er miklu meira en bara hljóðfæri. Þetta er ástríða sem er sinnt af ótrúlegri einlægni,“ segir hann og nefnir til dæmis viðtal sem er að finna í myndinni við Gretti Björnsson, einn fremsta harmonikkuleikara okkar. „Hann klökknaði þegar hann sagði frá sínum fyrstu kynnum af harmonikkunni.“

Mikilvægi þess að sýna þetta verk sitt á hátíðinni segir Spessi vera ótvírætt. „Það er nauðsynlegt að setja sig í samhengi við aðra. Sjá hvar maður stendur og leyfa öðrum að sjá hvað það er sem maður er að gera.“

freyrgigja@frettabladid.is




**300 HARMONIKKUR** Myndin gerist á landsmóti harmonikkuleikara á Ísafirði árið 2002.





**KOMIN Í LOFTKASTALANN** Uppfærsla Fjölbrautaskólans í Garðabæ á söngleiknum Múlan Rús sló aldeilis í gegn í vetur og verður frumsýnd í Loftkastalanum í kvöld.

# *Múlan Rús í Loftkastalanum*

Söngleikurinn Múlan Rús verður frumsýndur í Loftkastalanum í kvöld. Þetta er að grunni til sama sýningin og frumsýnd var í vetur í hátíðarsal Fjölbrautaskólans í Garðabæ, þar sem hún sló aldeilis í gegn og varð ein vinsælasta sýning vetrarins.

Hún þótti jafnvel standast samanburð við sýningar atvinnufólks á fjölunum og var því ákveðið að færa hana í enn glæsilegri búning á sviði Loftkastalans, þar sem hún hefur verið endurskopuð fyrir stóra sviðið og skartar glæsilegum og skemmtilegum dans- og söngatriðum.



Söngleikurinn er byggður á hinni vinsælu dans- og söngvamynd Moulin Rouge þar sem Nicole Kidman og Ewan McGregor fóru á kostum.

Alls taka um 50 manns þátt í sýningunni, þar á meðal 15 dansarar. Með aðalhlutverk fara Pétur Rúnar Heimisson sem leikur Kristján, Ingibjörg Elín Viðarsdóttir sem leikur Satine, Jóhannes Gauti Sigurðsson sem leikur vonda hertogann og Hrefna Bóel Sigurðardóttir sem leikur eiganda hóruhússins, frú Zidler. Danshöfundur er Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, tónlistarstjóri er Hallur Ingólfsson og höfundur leikgerðar og leikstjóri er Björk Jakobsdóttir.



**MERCENARY** Danska þungarokkssveitin Mercenary spilar á Grandrokk í kvöld og annað kvöld.

## Danskar sveitir á Grandrokk

Dönsku hljómsveitirnar Maiden Aalborg og Mercenary halda tvenna tónleika á Grandrokk um helgina. Fyrri tónleikarnir verða í kvöld klukkan 23.00 en hinir síðari á sama tíma annað kvöld. Maiden Aalborg spilar eingöngu lög eftir Iron Maiden, sem spilar hér á landi 7. júní í Egilshöll. Mercenary er ein heitasta þungarokkssveit Dana og hefur síðasta plata hennar, 11 Dreams, fengið feykigóða dóma víðsvegar um heiminn. Sveitin spilar m.a. á Hróarskeldu í sumar. Miðar verða gefnir á tónleika Iron Maiden á Grandrokk ásamt DVD-diskum og plötum með hljómsveitinni. Miðaverð á tónleika sveitanna á Grandrokk er 1.500 krónur og er aldurstakmark 20 ár.






# Hagstæð tölvulán hjá S24

%

Hagstæðir vextir 9,75%




Laugardaginn 28. maí verður kynning á HP Compaq nx7010 fartölvu á afgreiðslustað S24 í Kringlunni. Komdu og kynntu þér málið, við verðum með tölvuna og frekari upplýsingar á staðnum.

**Verð aðeins 3.495 kr. á mán.***

Verð kr. 139.900 (verð áður 179.900)

- 15,4” WideScreen skjár með 1200 x 800 upplausn
- Intel PentiumM 1,7GHz
- 512MB DDR vinnsluminni
- 60GB harður diskur
- DVD skrifari
- ATI Radeon 9200 - 64Mb skjákort
- Innbyggt þráðlaust netkort
- Rafhlöðuending allt að 5 klst
- Microsoft Windows XP Professional
- 2ja ára neytendaábyrgð

**Söluaðilar**

**Reykjavík:** Búðin ehf., Brautarholt • Oddi, Höfðabakki og Borgartún • Office 1, Skeifan • Penninn, Hallarmúli.
**Landsbyggðin:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík • Hátíðni hf., Höfn • Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur • Netx ehf., Egilsstaðir Office 1 Akureyri, Egilsstaðir • Samhæfni, Reykjanesbær • Snerpa, Ísafjörður • Stefna, Akureyri • TRS, Selfoss • Tölvuþjónustan, Akranes

EINN, TVEIR OG ÞRÍR 312.085

*Vertu viss um að þú sért að hagnast á þínum bankaviðskiptum...*

S24 ...og þú hagnast

hp invent

**Sæktu um lán...**

**WWW.s24.is** **Sími 533 2424 – Kringlan**

* Um er að ræða tölvulán fyrir námsmenn í 48 mán. sem býðst öllum til 17.06.2005, eða á meðan birgðir endast.
M.v. 9,75% vexti skv. vaxtatöflu S24 þann 11.04.2005 og að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

S24 er sjálfstæð rekstrareining innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar













# Málflutningi lokið



**MICHAEL JACKSON** Sakaður um kynferðislega misnotkun á ungum dreng.

Verjendur í máli popparans Michael Jackson hafa lokið máli sínu. Alls kölluðu þeir til fimmtíu vitni á aðeins þremur vikum, þar á meðal leikarana Macaulay Culkin og Chris Tucker og spjallþáttastjórnandann Jay Leno. Jackson sjálfur þurfti þó ekki að bera vitni þrátt fyrir orðróm um að af því gæti orðið.

Tucker var síðastur til að bera vitni. Sagði hann að pilturinn sem hefur sakað Jackson um kynferðislega misnotkun hefði virkað óvenju slægur þegar hann hitti hann 12 ára gamlan á góðgerðarsamkomu fyrir fjórum árum.

Tucker sagði í réttarhöldunum að hann hefði varað Jackson við fjölskyldunni

Leno játaði að hafa sagt vini sínum að símtöl piltsins til sín hefðu hljómað eins og hann hefði lesið orð sín upp af blaði. ■



**FONDA OG LOPEZ Í HÖRKUSTUÐI** Charlotte gengur illa að ráða við tengdamóður sína, sem finnur henni allt til foráttu.

# Martröð brúðarinnar

Í gamanmyndinni Monster in Law er sígild barátta tengdadótturinnar og tengdamömmunnar í fyrirrúmi. Charlotte telur sig hafa fundið hr. Réttan í Kevin Fields. Þessi draumur hennar verður að martröð þegar hún kynnist móðurinni, Violu Fields, sem nýlega hefur misst stöðu sína sem fréttaþulur. Viola reynir í hvívetna að leggja stein í götu þessarar nýju konu í lífi sonar síns, sem endar með því að Charlotte ákveður að berjast á móti.

Það er Jennifer Lopez sem leikur Charlotte og Jane Fonda fer með hlutverk móðurinnar Violu. Það er hins vegar uppistandarinn Wanda Sykes sem leikur hina ráðagóðu ráðskonu Violu, Ruby. Sykes hefur hingað til aðallega helgað sig uppistandi og var valin meðal tuttugu og fimm fyndnustu Bandaríkjamanna. Hún hefur komið fram í nokkrum kvikmyndum en þá aðallega í litlum hlutverkum. Monster in Law er tvímælalaust hennar stærsta mynd enda lýsti hún því yfir í þætti hjá Jay Leno að hún hefði aldrei verið jafn stressuð og þegar hún hitti Jane Fonda. ■

# Ismail Merchant látinn

Kvikmyndaframleiðandinn Ismail Merchant, sem er meðal annars frægur fyrir myndirnar A Room With a View, Howard's End og The Remains of the Day, er látinn, 68 ára að aldri.

Merchant hafði átt við veikindi að stríða og þurfti meðal annars að gangast undir aðgerð vegna magasárs. Merchant var hluti af Merchant-Ivory tvíeykinu sem sendi frá sér hverja gæðamyndina á fætur annarri á níunda og tíunda áratugnum. Alls fengu þrjár fyrrnefndu myndirnar 25 Óskarstilnefningar, þar á meðal þrjár fyrir bestu myndina. Myndirnar hrepptu sex Óskarsverðlaun, þar af fékk handritshöfundurinn Ruth Prawer Jhabvala tvenn. Merchant var í fjórgang tilnefndur til Óskarsins en vann aldrei.

Merchant var með nokkur verkefni í gangi þegar hann lést, þar á meðal söngvamyndina The Goddess með Tinu Turner í aðalhlutverki og The White Countess sem kemur út í nóvember. ■



**ISMAIL MERCHANT** Merchant, til hægri, ásamt félaga sínum James Ivory. Þeir eiga að baki myndir á borð við A Room With a View, Howard's End og The Remains of the Day.




| ÁLFABAKKI | | |
|---|---|---|
| HOUSE OF VAX | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| HOUSE OF VAX VIP | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| CRASH | KL. 6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | |
| THE WEDDING DATE | KL. 4-6-8-10 | |
| THE JACKET | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| SAHARA | KL. 6-8.15 | |
| THE PACIFIER | KL. 4 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 4 | |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| HOUSE OF VAX | KL. 5-8-10.45 |
| STAR WARS - EPISODE III | KL. 5.50-8.10.10 |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| HOUSE OF VAX | KL. 8-10 |
| THE ICE PRINCESS | KL. 6 |
| THE WEDDING DATE | KL. 8 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 10 |

| KRINGLAN | | |
|---|---|---|
| HOUSE OF VAX | KL. 3.30-5.45-8-9.15-10.20-11.30 | 16 |
| THE WEDDING DATE | KL. 5-7-8 | |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 10 | |
| THE ICE PRINCESS | KL. 4-6 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN




| | | |
|---|---|---|
| VOKSNE MENNESKER | KL. 10.30 | |
| CRASH | KL. 5.55-8-10.30 | B.I. 16 ára |
| HITCHHIKER´S GUIDE TO THE GALAXY | KL. 5.45-8-10.20 | |
| THE JACKET | KL. 5.45-8-10.20 | B.I. 16 ára |
| VERA DRAKE | KL. 5.40 | |
| MARIA FULL OF GRACE | KL. 8 | B.I. 14 ára |
| THE MOTORCYCLE DIARIES | KL. 10 | |

Háskólabíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Justin Timberlake** hefur fengið hlutverk í gamanþáttunum Will og Grace. Söngvarinn knái mun leika kærasta Sean Hayes. Samkvæmt US Weekly mun Timberlake leika í þremur þáttum í áttundu og síðustu seríu þáttanna.

# Aukatónleikar Bubba



Miðar á tvenna útgáfutónleika Bubba Morthens í Þjóðleikhúsinu 6. júní seldust upp á aðeins fjórum tímum. Rokkkóngurinn ætlar því að halda aukatónleika 7. júní og er miðasala þegar hafin í Þjóðleikhúsinu.

Tónleikarnir eru haldnir í tilefni af útgáfu tveggja diska, *Ást* og *Í 6 skrefa fjarlægð frá Paradís*. Þar að auki fagnar Bubbi um þessar mundir 25 ára starfsafmæli sínu. ■










REYKJAVÍK
SHORTS & DOCS
HEIMILDA- OG STUTTMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
25-29 MAÍ Í NÝUPPGERÐU TJARNARBÍÓI

Föstudagur 27.maí

TJARNARBÍÓ

16-17:28 Den Tyske Hemmelighed
Heimildamynd um leit danskrar konu að uppruna sínum

18-18:53 Frumsýndar nýjar íslenskar stuttmyndir
Spurt og svarað með leikstjórum

20-21:15 Liberace of Bagdad
Áhugaverð heimildamynd um líf Bagdadbúa í dag
Sundance verðlaun 2005

22-21:38 Úrval erlendra verðlaunastuttmynda
m.a. "Everything In This Country Must"
Tilnefnd til Óskarsverðlauna 2005

BÍÓSALURINN VIÐ HELLUSUND

17 - 18:56 Heimildamyndirnar Georgi and the Butterflies + Little Peace of Mine

20-21:31 3 norrænar heimilda- og stuttmyndir

www.shortdocs.info I S. 5610280
ÍSLANDSBANKI | 100%
66 NORTH

# SIGIN GRÁSLEPPA OG KÆST SKATA

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

**Höfðabakka 1 - sími 587 50 70**
**Opið laugardaga frá 10-14.30**




# Nýtt símanúmer
## hjá dreifingu:




# 550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT


# VIÐ TÆKIÐ
## Klappstýrufantasía

**LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** HORFIR BÆÐI Á ÞAÐ JÁKVÆÐA OG NEIKVÆÐA.

Vááá, hvað ég uppgötvaði skemmtilegan þátt í sjónvarpinu í síðustu viku. Vá, vá, vá. Og hann er einmitt á dagskrá í kvöld. Two and a Half Men. Aldrei hefði ég trúað að Charlie Sheen gæti skemmti mér í heilan hálftíma á föstudagskvöldi. Og hann gerir það vel strákurinn. Þó hann sé náttúrlega afburðalélegur leikari og alltaf nákvæmlega eins á svipinn eru þessir þættir brillíant.

En jákvæðnin lifði ekki lengi í mér það kvöldið. Eftir skemmtiþáttinn með Sheen stillti ég yfir á Skjá einn og horfði á Ungfrú Ísland. Þrátt fyrir mikinn hroll við þetta ógeðslega Ungfrú Íslandstef ákvað ég gagngert að horfa á keppnina frá byrjun til enda svo ég gæti örugglega haldið áfram að gagnrýna hana.

Jeminn eini, svo ég taki vægt til orða og leggi ekki nafn Guðs almáttugs við hégóma. Ég gat varla orða bundist þegar þessi grey voru látin koma fram í klappstýrubúningum, með dúska og alles og dansa við eitthvert hallærislegt klappstýrulag. Vá – var hægt að finna betri fantasíu til að endurgera á sviðinu fyrir áhorfendur? Þvílík stereótýpa. Það er náttúrlega afleitt að setja stelpurnar í fallega samkvæmiskjóla og leyfa þeim að dansa gömlu dansana. Það örvar náttúrlega ekki blóðstreymi áhorfendahópsins heima í stofu. Ég þakkaði samt listrænum stjórnanda keppninnar (listrænn stjórnandi – hvað er nú það?), Yesmin Olsson, fyrir að skella stelpunum ekki í háhælaða skó við bikiníin. Glasið er að minnsta kosti hálftómt.



**CHARLIE SHEEN** Hann er vígalegur karlinn og reytir af sér brandarana.

Fimm aura brandarar Magnúsar Ragnarssonar slógu síðan allt út. Ég horfi aldrei á þessa keppni aftur.



▶ **21.40** *Bíó*

**LIBERTY HEIGHTS. Bræðurnir Ben og Van slá sér báðir upp með stelpum á sama tíma.**



▶ **21.55** *Raunveruleiki*

**THE OSBOURNES. Ozzy Osbourne þarf að leita að demantshring sem er týndur.**



▶ **21.30** *Gaman*

**EVERYBODY LOVES RAYMOND. Lokaþáttur í þessari syrpu sem hefur slegið í gegn um allan heim.**

## SJÓNVARPIÐ

**16.45** Fótboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Bitti nú! (8:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (2:26)** (Teen Titans) Teiknimyndaflokkur þar sem Robin, áður hægri hönd Leðurblökumannsins, og fleiri ofurhetjur láta til sín taka.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Lási lögga II** (Inspector Gadget 2) Fjölskyldumynd frá 2003 þar sem Lási lögga á í höggi við varasama náunga.
▶ **21.40 Frelsishæðir** (Liberty Heights) Rómantísk gamanmynd frá 1999. Myndin gerist í Baltimore um miðja síðustu öld þegar sjónvarpið og rokkið eru að koma til sögunnar og segir frá bræðrunum Ben og Van sem báðir eru að slá sér upp með stelpum. Leikstjóri er Barry Levinson og meðal leikenda eru Adrien Brody, Ben Foster, og Joe Mantegna. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

**23.45** Maður og hundur (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en tólf ára. e) **1.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers (65:150) **13.25** 9/11: The President's Story **14.10** Jag (7:24) (e) **14.55** Bernie Mac 2 (11:22) (e) **15.15** The Guardian (12:22) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.30** Simpsons **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00 Joey (14:24)** (Joey)
**20.30 Það var lagið** Nýr íslenskur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem söngurinn er í aðalhlutverki.
**21.30 Two and a Half Men (6:24)** (Tveir og hálfur maður) Gamanmyndaflokkur um þrjá stráka, tvo fullorðna og einn á barnsaldri.
▶ **21.55 Osbournes 3(a) (4:10)** (Osbourne-fjölskyldan) Það ríkir engin lognmolla þegar Ozzy er annars vegar. Á næstu vikum gengur mikið á í lífi fjölskyldunnar sem seint verður talin til fyrirmyndar.
**22.20 Svínasúpan 2 (8:8) (e)**
**22.45 Darkness Falls** (Dimmufossar) Í bænum Darkness Falls gerast furðulegir hlutir. Það er engu líkara en illur andi sveimi yfir fólkinu. Stranglega bönnuð börnum.

**0.05** Multiplicity **2.00** Big Shot: Confessions of a Ca **3.30** History Is Made at Night (Bönnuð börnum) **5.00** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**7.00** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **7.45** Allt í drasli (e) **8.15** Survivor Palau (e) **9.00** Þak yfir höfuðið (e) **9.25** Óstöðvandi tónlist **18.00** Cheers

**18.30 Queer Eye for the Straight Guy (e)**
**19.15 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30 Still Standing (e)**
**20.00 Jack & Bobby** Þættirnir fjalla um bræðurna Jack og Bobby sem búa hjá sérvitri móður sinni, Grace.
**21.00 Pimp My Ride** Þættir frá MTV um hvernig er hægt að breyta örgustu bíldruslum í næstum því stórkostlegar glæsikerrur!
▶ **21.30 Everybody Loves Raymond – lokaþáttur**
**22.00 Djúpa laugin 2** Gunnhildur og Helgi halda áfram að para fólk saman í beinni útsendingu.
**22.50 Boston Legal – lokaþáttur (e)**

**23.35** Law & Order: SVU (e) **0.20** The Game **2.10** Jay Leno (e) **2.55** Óstöðvandi tónlist

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Spider-Man **8.00** Phenomenon II **10.00** Valerie Flake **12.00** Greenfingers **14.00** Spider-Man **16.00** Phenomenon II **18.00** Valerie Flake **20.00** Greenfingers **22.00** Top Gun **0.00** Mansfield Park (Bönnuð börnum) **2.00** The Net (Bönnuð börnum) **4.00** Top Gun

## OMEGA

**7.00** J. Meyer **7.30** B. Hinn **8.00** Sherwood Craig **8.30** Um trúna og tilveruna **9.00** Maríusystur **9.30** Blandað efni **10.00** J. Meyer **10.30** T.D. Jakes **11.00** Robert Schuller **12.00** Samverustund (e) **13.00** J. Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Ron Phillips **15.00** Kvöldljós **16.00** J. Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Dr. David Cho **17.30** Freddie Filmore **18.00** Mack Lyon **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Vatnaskil **21.00** Mack Lyon **21.30** Acts Full Gospel **22.00** J. Meyer **22.30** Blandað efni 23.00 CBN fréttastofan **0.00** Miðnæturhróp

## AKSJÓN

**7.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.00** Cycling: Tour of Italy **15.15** Tennis: Grand Slam Tournament French Open **19.00** Football: Top 24 Clubs **19.30** Football: UEFA Champions League the Game **21.00** Tennis: Grand Slam Tournament French Open **22.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Football: Top 24 Clubs **23.15** All Sports: Vip Pass

**BBC PRIME**
**12.00** Born and Bred **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Step Inside **14.25** Teletubbies Everywhere **14.35** Stitch Up **15.00** Cash in the Attic **15.30** Changing Rooms **16.00** Safe as Houses **17.00** Tony and Giorgio **17.30** Friends for Dinner **18.00** Mersey Beat **19.00** The Blackadder **19.35** 3 Non-Blondes **20.05** Alistair McGowan's Big Impression **20.30** Top of the Pops **21.00** Lenny's Big Atlantic Adventure **22.00** The Cazalets **23.00** Battlefield Britain **0.00** Hitch **1.00** Spain Means Business

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Ultimate Snake **13.00** Mankillers – Africa's Giants **14.00** Night Hunters **15.00** Maneater – Killer Tigers of India **16.00** The Ultimate Crocodile **17.00** Shark **18.00** Ultimate Snake **19.00** Mission **20.00** In the Womb **22.00** Battle of the Hood and the Bismarck **23.00** Air Crash Investigation **0.00** Diva Mummy

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Cell Dogs **13.00** Animal Precinct **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Young and Wild **17.00** Monkey Business **17.30** Keepers **18.00** Cell Dogs **19.00** Animal Precinct **20.00** Miami Animal Police **21.00** Venom ER **22.00** Science of Shark Attacks **23.00** Realm of the Orca **0.00** The Leopard Son **1.00** Animal Drama **2.00** The Crocodile Hunter Diaries

**DISCOVERY**
**12.00** Extreme Machines **13.00** Killer Tanks **14.00** Junkyard Mega-Wars **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Jungle Hooks **16.00** Channel Tunnel **17.00** Unsolved History **18.00** Mythbusters **19.00** American Casino **20.00** Murder Re-Opened **21.00** Portrait of a Fighter **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Europe's Secret Armies

**MTV**
**12.00** Borrow My Crew **13.00** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Dance Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** I Want a Famous Face **21.30** Wonder Showzen **22.00** Party Zone **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** All Access **20.00** All Access **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Africa on a Plate **12.40** The Race **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Race **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Spicy Sex Files **20.45** Ex-Rated **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.00** Insights **22.25** Crime Stories **23.10** Entertaining With James **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital **1.25** Fashion House

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Love is in the Heir **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** Style Star **14.30** Extreme Close-Up **15.00** The Entertainer **16.00** Jackie Collins Presents **17.00** Life is Great with Brooke Burke **17.30** Fashion Police **18.00** E! News **18.30** Extreme Close-Up **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** High Price of Fame **21.00** Gastineau Girls **22.00** Scream Play **23.00** E! News **23.30** Gastineau Girls **0.00** The Ultimate Hollywood Blonde

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Fat Dog Mendoza **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Scooby-Doo **16.55** Tom and Jerry **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd n Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**13.25** Electra Glide in Blue **15.15** Return from the Ashes **17.00** Lady in the Corner **18.40** The Spell **19.55** Night of the Warrior **21.40** Armed Response **23.05** Where It's at **0.50** Impasse **2.30** Along Came Jones




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**TOP GUN** Stöð 2 bíó **kl. 22.00.**

### Besti herflugmaður allra tíma

*Einkunn á imdb.com: 6,5.*

Í kvöld verður sýnd á Stöð 2 bíó kvikmynd sem er löngu orðin algjör klassík og ein af myndunum sem skutu Tom Cruise langt upp á stjörnuhimininn. Myndin fjallar um Maverick sem er í flugskóla. Samkeppnin í flugskólanum er hörð en Maverick er staðráðinn í að verða besti herflugmaður allra tíma. En hinir nemendurnir rifja sífellt upp gamla sögu af föður Mavericks sem olli dauða margra hermanna í bardaga fyrir löngu síðan. Síðan verður Maverick hrifinn af einum kennaranum sem setur þau bæði í erfiða stöðu. Í aðalhlutverkum eru Tom Cruise, Kelly McGillis og Val Kilmer.



Tom Cruise sem Maverick.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Not even the younglings survived!“**

**Svar:** Obi-Wan úr kvikmyndinni Star Wars: Episode III – Revenge of the Sith frá árinu 2005.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Ásdísi Olsen.

**12.15** Hádegisútvarpið **13.01** Hrafnaþing **14.03** Fókus. **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur e. **21.00** Morgunstund með Þresti Emilssyni e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Hádegisútvarpið e.

**23.00** Úrval úr Allt & sumt **0.00** Hrafnaþing e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Auðlind **13.05** Uppá teningnum **14.03** Smásaga, Eitthvað verður gert **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Tónaljóð **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Norrænt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.30** Fótboltarásin **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Halli Kristins

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **19.40** *Íþróttir*

**LANDSBANKADEILDIN.** Bein útsending frá leik Fram og Þróttar.

## SÝN

**7.00** Olíssport

**16.25** Þú ert í beinni! **17.25** Olíssport **17.55** David Letterman

**18.40** Gillette-sportpakkinn
**19.10** **Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta. Rallíbílar, kappakstursbílar, vélhjól og ótal margt fleira. Fylgst er með gangi mála innan og utan keppnisbrauta og farið á mót og sýningar um allan heim. Einnig verður fjallað um tækninýjungar sem fleygir ört fram.
▶ **19.40** **Landsbankadeildin** (Fram – Þróttur) Bein útsending frá leik Fram og Þróttar.
**21.55** **World Series of Poker** (HM í póker) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur HM í póker átt miklum vinsældum að fagna og kemur margt til. Ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar marga.

**23.25** David Letterman **0.10** NBA. (Úrslitakeppni) Bein útsending.

## POPP TÍVÍ

**19.00** Sjáðu (e) **21.00** Íslenski popplistinn

### TCM

**19.00** Point Blank **20.30** Poltergeist **22.25** 3 Godfathers **0.10** Flight Command **2.10** Young Cassidy

### HALLMARK

**12.45** Jason and the Argonauts **14.00** Seventeen Again **16.00** Early Edition **16.45** I Do But I Don't **18.15** Jessica **20.00** Law & Order Vii **20.45** The Murders in the Rue Morgue **22.15** Jessica **0.00** Law & Order Vii **0.45** The Murders in the Rue Morgue **2.15** Stranger in Town

### BBC FOOD

**12.00** Ever Wondered About Food **12.30** Ready Steady Cook **13.00** The Naked Chef **13.30** Paradise Kitchen **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **15.30** Ready Steady Cook **16.00** The Rankin Challenge **16.30** Wild Harvest **17.00** Chef at Large **17.30** Douglas Chew Cooks Asia **18.30** Ready Steady Cook **19.00** The Naked Chef **19.30** Wild and Fresh **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Coconut Coast **21.30** Ready Steady Cook

### DR1

**12.50** Kvinderne på platformen **13.20** Når chefen er problemet **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Hokus Krokus **14.30** Hammerslag **15.00** Shin Chan **15.10** Scooby Doo **15.30** Plan B **16.00** Fredagsbio **16.10** Lauras stjerne **16.20** Mira og Marie **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.30** Patch Adams **21.20** Hvad s¢en gemte?

### SV1

**13.00** Sommardebatt **14.00** Rapport **14.05** Helt historiskt **14.35** Så såg vi sommaren då **14.55** Anslagstavlan **15.00** Allsång runt hörnet **16.00** BoliBompa **16.01** Emil i Lönneberga **16.25** Jasper Pingvin **16.30** Creepschool **17.00** Bröderna Lejonhjärta **17.30** Rapport **18.00** Vi i femman **19.00** Terrornätet **20.25** Ulveson och Herngren **20.55** Rapport **21.05** Kulturnyheterna **21.15** Ängeln på sjunde trappsteget **23.35** Sändning från SVT24


AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
ÞVOTTADAGAR



NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN OG ÞURRKARINN FRÁ AEG

EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

**AEG þvottavél með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 76820 ÍSLAND
• Taumagn: 6 kg • Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín. • Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu • Mjög hljóðlát og sparneytin vél • Þvottahæfni: A+ • Þeytivinduafköst: A • Orkuflokkur: A • 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi • Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann • Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka • 3ja ára ábyrgð
**Kr. 90.000,-**

**AEG barkalaus þurrkari með íslensku stjórnborði**
LAVATHERM 57820 ÍSLAND
• Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær • Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig • Klukkurofi: 30 mínútur • 2 hitastig • Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann • Gaumljós fyrir vatnstank, lógsigti og þéttibúnað • Stórt hurðarop - 33 sm
**Kr. 85.914,-**

Í TILEFNI AEG ÞVOTTADAGA BJÓÐUM VIÐ PARIÐ Á KR. 159.000,-

Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.




**Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á tilboðsverði!**

ORMSSON
LÁGMÚLA · SMÁRALIND
Nánari upplýsingar á www ormsson is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

ARIEL ÞVOTTAEFNI
Lenor TAUMÝKIR
FYLGIR ÖLLUM ÞVOTTAVÉLUM MEÐAN Á ÞVOTTADÖGUM STENDUR



## HRÓSIÐ

*...fær Jón Hjörleifsson fyrir að flytja inn sjálfvirka sláttuvélarróbóta.*

# REYKJAVÍKURNÆTUR

**REYKJAVÍKURNÆTUR:** HARPA PÉTURSDÓTTIR ER EKKI TILBÚIN Í SKILGREININGAR

## *Skilgreindu sambandið!*



Það er svo fyndið að með reynslunni lærir maður víst. Það verður að viðurkennast að ekki er til aðeins ein tegund karlmanna og það er því ekki hægt að alhæfa að menn séu svín eða að þeir séu allir eins! Það er bara einfaldlega ekki rétt!

Ég hef komist að því á mínum „single“-mánuðum að karlmenn eru misjafnir eins og þeir eru margir alveg eins og við konur viljum meina að við séum sjálfar.

Þannig er mál með vexti að ég lenti í einum sem vildi framar öllu skilgreina hvað við værum. Hvort við værum „kærustupar“, „elskhugar“ eða bara „vinir sem hittast í neyð!“ Ég átti ekki til orð þegar hann vildi vita fyrir víst hvað við værum svo hann gæti sagt fólki rétt frá! Þegar ég reyndi að eyða umræðuefninu var hann sko ekki á sama máli og reyndi ítrekað að fá það á hreint og konkret hvað við værum opinberlega. Þetta kom mér gersamlega í opna skjöldu, ég svitnaði, roðnaði og hvítnaði til skiptis. Og hann sem var framar öllu búinn að spila sig sem algeran töffara sem væri ekkert ofar í huga en að halda kúlinu. Ég sem hélt í alvörunni að karlmönnum væri alveg sama hvernig þeir væru skilgreindir svo lengi sem þeir væru ekki stimplaðir giftir! Eru menn kannski að verða eins „soft“ og við konur, vilja vita í hverju þeir eru að standa og fá það á hreint hvað geti orðið úr kringumstæðunum til að komast hjá óþarfa tímaeyðslu og óþægindum og ganga beint til verks? Ég sé það ekki gerast!

Svona undir venjulegum kringumstæðum hef ég hins vegar upplifað að akkúrat hið andstæða eigi sér stað. Þá er það þannig að sá sem ég var að hitta nýlega vildi með öllu mögulegu móti komast hjá samtalinu sem ber nafnið: „hvað erum við eiginlega að gera?“ Þá var það ég sem vildi vita hvað hann var að hugsa án þess að þurfa að segja það berum orðum: hvað er ég fyrir þér? Og viti menn, hann vildi ómögulega segja mér það!

Þess vegna held ég að það sé best að losna við allt það sem gerir kröfur til manns. Sá sem hafði skilgreiningarmaníuna tók það ekki í mál að við héldum áfram að hittast nema ég sættist á það að hitta fjölskylduna hans, myndaði frekari tengsl við hana og framtíðaráform með þeim. Og hinn vildi helst ekki vita neitt um mig til komast hjá því að mynda einhver tengsl yfir höfuð.

Ég er hreint út sagt ekki tilbúin í svona lagaðar skilgreiningar ennþá og þess vegna ætla ég að halda áfram að mæla með því að við höldum okkur „single“ og losum okkur við skilgreiningarsýkina.



**Lárétt:** **1** alda, **5** flýti, **6** tónn, **7** samhljóðar, **8** ódugleg, **9** fálm, **10** hljóm, **12** gerast, **13** stúlka, **15** ending, **16** lengra frá, **18** vindur.

**Lóðrétt:** **1** víl, **2** væntumþykja, **3** sólguð, **4** land undir vatni, **6** myrki, **8** loka, **11** í hávegum höfð, **14** kveikur, **17** slá.

**Lausn:**

**Lárétt:** **1** bára, **5** asa, **6** do, **7** rt, **8** löt, **9** kákl, **10** óm, **12** ske, **13** mær, **15** in, **16** utar, **18** kári.
**Lóðrétt:** **1** barlómur, **2** ást, **3** ra, **4** votlendi, **6** dökki, **8** lás, **11** mæt, **14** rak, **17** rá.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Liverpool.
2. Alfreð Þorsteinsson.
3. Maríu Hrannar Gunnarsdóttur.




HEIMSÞEKKTUR RAPPARI: LÝKUR TÓNLEIKAFERÐ SINNI Á ÍSLANDI

# Snoop Dogg loks staðfestur

Miðasala á tónleika rapparans Snoop Dogg í Egilshöll þann 17. júlí hefst þriðjudaginn 7. júní. Tónleikahaldarinn Ísleifur B. Þórhallsson og félagar hjá Event standa fyrir komu Snoop til Íslands ásamt Sverri Rafnssyni en ekki Hr. Örlygur eins og útlit var fyrir á tímabili.

Snoop mun koma hingað með tólf manna hljómsveit með sér sem kallast Snoopadelics. Aðeins tæplega helmingur af Egilshöll verður notaður, auk þess sem svið og annar aðbúnaður tekur mikið pláss. Því verður takmarkað magn miða í boði.

Tónleikar Snoop eru lokahnykkurinn á heimsreisu hans til að fylgja eftir plötunni R&G: The Masterpiece, sem hefur hlotið mjög góðar viðtökur. Hann mun koma hingað ásamt um þrjátíu manna fylgdarliði í einkaþotu frá Þýskalandi og eftir tónleikana í Egilshöll fer hann heim til Bandaríkjanna í langþráð frí.

Róbert Aron Magnússon, sem hefur stjórnað útvarpsþættinum Chronic í fjölmörg ár, hefur lengi verið aðdáandi Snoop og fagnar mjög komu hans hingað til lands. „Ég hef verið aðdáandi síðan fyrsta platan kom út þar sem hann rappaði með Dr. Dre,“ segir Róbert, sem fílar mest eldri smelli Snoop á borð við What's my Name og Gin and Juice.

Aðspurður um hvað sé svona sérstakt við Snoop segir Róbert að rappstíllinn og textarnir séu aðalatriðin. „Hann hefur reyndar lítið breyst síðan hann kom fram á sínum tíma en hann kom með nýjan stíl sem maður hafði ekki heyrt áður; þetta rólega talandi flæði. Menn voru búnir að vera mjög agressívir í rappinu nokkru áður en síðan kemur hann með þetta rólega „flow“ sem gerir hann svona sérstakan.“

Snoop Dogg heitir réttu nafni Calvin Broadus og fæddist 1971 í Kaliforníu. Hann fékk viðurnefnið Snoop frá móður sinni og spratt það víst af útliti drengsins. Frumraun Snoop, Doggystyle, kom út 1993 og skaut honum upp á stjörnuhimininn. Nokkuð vafasöm fortíð hans átti líklega þátt í þeirri spennu sem myndaðist í kringum útgáfuna, en árunum 1994 og '95 eyddi hann að miklu leyti í réttarsölum þar sem hann varðist ákæru um aðild að morði.

Næsta plata Snoop, Doggfather, kom ekki út fyrr en í lok ársins 1996 og þá höfðu vinsældir glæparappsins dvínað nokkuð. Smám saman hefur hann þó bætt ímynd sína og hefur nú gefið út 14 plötur, farið með hlutverk í kvikmyndum, stjórnað sjónvarpsþætti á MTV, auk þess sem hann hannar sína eigin fatalínu.

Miðaverð á tónleika Snoop í Egilshöll er 5.900 krónur og fer miðasalan fram í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi, á event.is og í síma 575 1522. Sérstök forsala á miðum fer fram á event.is 6. júní frá klukkan 10.00.

**freyr@frettabladid.is** -



**ROBBI CHRONIC** Robbi hefur verið aðdáandi Snoop Dogg í fjölmörg ár.



**SNOOP DOGG** Rapparinn heimsfrægi heldur tónleika í Egilshöll 17. júlí.




# Víðförlasta vespa landsins fundin

Víðförlasta vespa landsins, léttbifhjól Snæfríðar Ingadóttur ritstjóra, er komin í leitirnar. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu var vespunni stolið af heimili Snæfríðar fyrir þremur nóttum. Lögreglan í Reykjavík fékk ábendingu um vespuna sem leiddi til þess að hún fannst í höndum góðkunningja lögreglunnar. Minniháttar skemmdir voru á vespunni og hafði þjófurinn meðal annars reynt að koma henni í gang.

„Vespan er sem stendur á verkstæði en verður fljótt komin aftur á götuna,“ segir Snæfríður, sem er að vonum ánægð með að hafa endurheimt vespuna. „Það var fjöldi fólks sem hafði samband við mig og ég er því afar þakklát,“ segir ritstjórinn, sem mun brátt þeysa um á ný á vínrauðu vespunni. ■



**SNÆFRÍÐUR OG VESPAN** Snæfríður Ingadóttir er að vonum ánægð með að hafa endurheimt vespuna sína.

Idolstjarna selur
loft

KEMUR
ÚT Í DAG!

AÐEINS
395 kr.



Hér
&nú

Fíton/SÍA FI013205

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


**SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR**


## *Fréttir af Íslandi*

Loksins var talað um Ísland í fréttatíma í sjónvarpinu í San Fransiskó. Loksins.

**HÉR** hefur maður verið mánuðum saman að bíða eftir að sagt væri frá litla landinu sem er svo stórt í sér – en af einhverjum ástæðum hefur þeim hundruðum sjónvarpsstöðva sem þrífast hér í heimsálfunni ekki þótt neitt í frásögur færandi. Frásagnir af drykkjurútum og lauslætisdrósum sem við grobbum okkur af um allan heim teljast ekki fréttaefni.

**VAR** með annað augað á sjónvarpinu þegar ég sá mynd af Tjörninni í Reykjavík í upphafi fréttatímans. Þandi upp hljóðið, viss um að nú ætti að segja frá þeim heimstíðindum að Icelandair hefði hafið hingað beint flug. Skítt með það að fyrsta flugið hefði verið þremur og hálfum tima á eftir áætlun, Íslendingafélagið hefði þurft að kassera veislu sem það hafði undirbúið lengi og borgað fyrir, borgarstjóri San Fransiskó, sem ætlaði að taka á móti stórtíðindunum, væri löngu farinn heim að sofa – já og allir sem vinna á flugvellinum. Það eitt að íslenskt flugfélag hefji áætlunarflug hingað, er frétt – finnst okkur.

**ÞAÐ** kom meira að segja heil prósessía af stórmerkilegu fólki frá Íslandi í fylgd lífvarða, fólki sem ræður, fólki sem stjórnar, fólki sem er eitthvað – samt svo ólundarlegt, með nasir sem eiga eftir að sólbrenna hér.

**EN** þótti þeim eitthvað varið í þetta hér? Óekki. Þeir notuðu fyrsta beina flugið til Íslands til þess að elta uppi Bobby Fischer. Það eina sem þykir athyglisvert við land og þjóð, er að við skulum ennþá álíta piltinn þann hetju. En hérlendir hafa ekki lesið Gerplu og átta sig því ekki á okkur.

**ÞEIR** hlógu með öllum kjaftinum yfir því að Fischer skyldi fá íslenskt vegabréf. Hann var eltur, dulbúinn sem útigangsmaður, inn á Loftleiðahótelið, út á götu, inn í strætó, teknar myndir af Ölstofunni þar sem hann ku súpa þótt hann ætti alls ekki að gera það þar sem hann er sagður sloj í toppstykkinu.

**ÞAÐ** vakti mikla kátínu að Ísland væri svo úrleiðis að við hefðum ekki einu sinni frétt að maðurinn væri „próblem“.


## *Brenna þessar spurningar á þínum vörum?*




### *Hvernig húsnæðislán henta þér?*

- 4,15% — Fastir vextir 4,15%
- Íslensk óverðtryggð lán
- % — Vaxtagreiðslulán
- 50/50 — Blönduð lán
- ¥€$ — Erlend lán

### *Íslandsbanki hefur svörin*

Íslandsbanki leggur áherslu á faglega ráðgjöf um húsnæðislán og persónulega þjónustu svo allir finni þá leið sem þeim hentar best. Við bjóðum sex tegundir húsnæðislána, verðtryggð og óverðtryggð, í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum. Með allt að 100% láni er auðvelt að fjármagna draumahúsnæðið þitt.

**Þú færð nánari upplýsingar um húsnæðislán Íslandsbanka hjá þjónustufulltrúum í útibúum, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á isb.is.**

ÍSLANDSBANKI | 100%



:fá| FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**Innritun fyrir sumarönn 23. maí - 6. júní á www.fa.is**

**Skólameistari**